



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. nóvember 2005 — 304. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Tvær konur fundust láttnar

Tvær eldri konur fundust láttnar á heimilum sínum í Reykjavík um síðustu helgi. Önnur hafði verið látin í tíu daga en hin í þrjár vikur. Dómkirkjuprestur segir að það hljóti allir að finna til ábyrgðar sinnar þegar svona gerist. Hann spyr hvort viðhorf til náungans hafi breyst og segir að allir hljóti að finna til ábyrgðar.

**DAUBSFÖLL** „Þetta er harmleikur. Við hljótum að hugsa til ýmissa sem eru einir. Þessi einmana-leiki er löngu kominn til sögunnar þegar þetta gerist,“ segir séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur. Um síðustu helgi fundust tvær konur láttnar á heimilum sínum í Reykjavík.

Önnur þeirra hafði verið látin í allt að þrjár vikur og hin í að minnsta kosti tíu daga áður en þær fundust. Þær voru 78 ára og 61 árs og bjuggu báðar einar í fjölbýlishúsum. Í báðum tilvikum var það nálykt sem vakti undrun og eftir-

grennslan. Hjálmar telur að nú sé hægt að spyrja sig hvort viðhorf fólks til náunga síns hafi breyst. „Þá þurfum við líka að vera á verði gagnvart því,“ segir Hjálmar.

Aðstandandi eldri konunnar segir að þegar fólk er orðið full-orðið og veikt þá eigi ekki að hlusta á það þó að það vilji ekki að haft sé eftirlit með því. Konan hafði ekki viljað eiga samskipti við fjöskyldu sína um árabíl.

„Ég held að það hljóti allir að finna til ábyrgðar sinnar þegar fréttir berast af svona atburðum. Það hljóta allir að finna til óþæg-



**HJÁLMAR JÓNSSON DÓMKIRKJUPRESTUR**  
Hann segir velferðarkerfið öryggisnet sem ekki geti komið í stað náungakærleiks.

inda innra með sér. Það er ekki eðlilegur maður sem ekki tekur það nærri sér þegar svona gerist,“ segir séra Hjálmar. Hann segir að

hversu vel sem hægt sé að útbúa velferðarkerfið þá taki það aldrei alfarið við hlutverki náungakærleiksins. „Við eigum að gæta bræðra okkar.“

Lögreglufrýðing treysta sér ekki til þess að leggja mat á hvort um aukningu af tilfellum sem þessum sé að ræða, jafnvel þótt stutt sé síðan samskonar atvik komst í hámaili.

Í lok september var meðal annars greint frá máli Franz Stavarssonar en hann lá örendur í íbúð sinni í tvær vikur áður en hann fannst. - sa



**Það var lagið**

Hvaða lag myndi Jón Ásgeir syngja ef hann gæfi út Karóki-plötu?

FÓLK 54-55

**Leikhús í álögum**

„Fjárveitingarvaldið virðist ekki gera sér fulla grein fyrir því, að blómleg menning borgar sig, þótt hún þurfi meðgjöf,“ segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 30

**Elskar mat og ferðalög**

Áslaug Snorraddóttir notar mikið af ferskum kryddjurtum í matargerð og sleppir öllu salti.



MATUR 52

**Grindavík borgar ekki krónu**

Knattspyrnudeild Grindavíkur ber engan kostnað af komu Jóhanns Þórhallssonar til félagsins eða veru hans hjá því næstu ár. Laun hans eru greidd af útgerðarfyrirtækinu Stakkavör.

ÍÞRÓTTIR 78



**VEÐRIÐ Í DAG**



**VÍÐAST RIGNING EÐA** skúrir í dag. Dregur úr vætu syðra þegar líður á daginn. Rigning eða slydda norðanlands í kvöld. Hiti 3-6 stig í dag en kólnar nokkuð í kvöld. VEDUR 38

**LESTUR MEDAL KVENNA 20-40 ÁRA**

Innkaupastjórar heimilanna kjósa Fréttablaðið!

63%

Fréttablaðið

39% Mbl.

\*Lestur á firmutudegi samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2005.



**VÖRÐUR VIÐ WESTMINSTER** Ströng öryggisgæsla var að venju við breska þingið í gærkvöld þegar atkvæðagreiðslan um hryðjuverkafrumvarpið fór fram. Þrátt fyrir málemiðlanir stjórnarinnar voru of margir þingmenn Verkamannaflokksins því andsnúnir og því fór sem fór. NORDICPHOTOS/AFP

Hryðjuverkafrumvarpið fellt:

### Blair hvattur til afsagnar

**BRETLAND** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, varð fyrir miklu áfalli í gær þegar neðri deild breska þingsins felldi frumvarp ríkisstjórnarinnar um varnir gegn hryðjuverkum. Þetta er í fyrsta sinn sem stjórnarfrumvarp er felld í forsætisráðherratið hans en þó er ekki talið að hann þurfi að segja af sér vegna málsins.

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að lögregla gæti haldið grunuðum hermdarverkamönnum í allt að níutíu daga án þess að birta þeim ákæru. Við það gátu 49 þingmenn Verkamannaflokksins ekki felld sig við og því greiddu 322 þingmenn atkvæði gegn frumvarpinu en 291 studdi það.

EKKI er talið að Blair verði knúinn til afsagnar vegna ósigursins í gær en staða hans hefur þó veikt mikið. Michael Howard, leiðtogi íhaldsmanna, sagði að Blair væri hollast að segja af sér. Blair var að vonum ósáttur við lykktir málsins en sagði að betra væri að „breyta rétt og tapa heldur en að gera það sem rangt er og sigra.“ - shg

Sérsvaitin kölluð út þegar kona reyndi að ræna leigubílstjóra við Grensásveg:

## Beindi byssu að bílstjóranum

**LÖGREGLA** Kona vopnuð byssu reyndi að ræna leigubílstjóra við Grensásveg skömmu fyrir klukkan átta í gærkvöld. Leigubílstjórinn náði að yfirbuga konuna, sem hann telur vera rúmlega þrítuga, og hélt henni þar til lögreglan kom og handtók hana.

„Ég tók konuna upp í bílinn fyrir utan Nordica hótél,“ segir leigubílstjórinn. „Hún bað mig að keyra sig að sólbaðsstofu við Grensásveg og þegar við komum þangað bað hún mig að leggja bílnum á bílplaninu. Þá spyr hún hvort ég eigi einhverja skipti-

mynt. Ég játaði því. Þá spurði hún hvort hún mætti ekki gera mér einhvern kynferðislegan greiða í skiptum fyrir peninga. Ég harðneitaði því.“

Leigubílstjórinn segir að eftir að hann hafi neitað hafi hún skyndilega breytt um tón og sagt að þetta væri vopnað rán.

„Hún hafði aðra höndina allan tímann í vasanum og skyndilega sá ég glytta í byssu. Ósjálfrátt tók ég í höndina á henni og náði af henni byssunni. Ég hringdi strax í lögregluna en hélt konunni í bílnum. Eftir tuttugu mínútur komu

nokkrir lögreglubílar og sérsvaitarmenn. Í kallkerfi var konan beðin um að stíga út og leggjast á jörðina. Því næst var hún handtekin.“

Leigubílstjórinn segist hafa orðið reiður því á meðan hann hafi beðið eftir lögreglunni hafi þau rætt saman. Hún hafði verið gráti næst, sagst eiga son og þau ættu mjög erfitt.

„Ég lofaði henni að það yrðu engin læti. Ég var með lögregluna í símanum allan tímann þannig að hún vissi hvað fór okkar á milli.“ - th

**Nýtt Hagkaupsblað**  
fylgir Fréttablaðinu í dag\*  
\*á völdum svæðum

**Opið til 21:00 í kvöld!**  
Nýtt kortatímabil!  
**Kringlan**  
ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN



## SPURNING DAGSINS

Steingrímur, ertu ekki enn á barnsaltri á mælikvarða framsóknarmanna?

„Nei, samkvæmt þeim mælikvarða og öllum öðrum er ég á besta aldri.“

Steingrímur Ólafsson, upplýsingafulltrúi forsætisráðuneytisins, varð fertugur í gær.

Liðlega 300 framhaldsskólanemar voru á biðlistum eftir skólavist í haust:

## 119 nemendum var vísað frá

**MENNTAMÁL** Alls var 119 einstaklingum vísað frá framhaldsskólum í haust, en 306 voru á biðlistum. Eftir leiðréttingar, meðal annars á tvíbókunum, reyndust 115 nemendur hafa fengið skólavist en 119 nemendum var vísað frá.

Þetta kom fram í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar, þingmanns Samfylkingarinnar.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sagði að flestir þeirra sem vísað var frá hefðu sótt um skólavist eftir hlé á námi. Aðrir hefðu verið að skipta um skóla. Hún upplýsti einnig að alls hefðu um 3.400 nemendur hafið nám eftir



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Menntamálaráðherra segir að hlutfall nema, sem vísað var frá skólum, hafi aðeins verið 0,6 prósent af heildinni.

hlé og fengið skólavist að frátöldum þeim 119 sem vísað var frá.

Björgvin G. Sigurðsson sagði að eitthvað hlyti að vera að menntakerfi sem vísaði frá nemendum sem vildu hefja nám eftir að hafa gert hlé á því. Hann fullyrkti að ef framhaldsskólastigið væri rekið af sveitarfélögum væri ástandið ekki með umræddum hætti.

Menntamálaráðherra sagði að aðeins 0,6 prósentum heildarfjölda nemenda hefði verið vísað frá skóla.

Kolbrún Halldórsdóttir, Vinstri grænum, sagði töluna grunsamlega háa. Allir ættu að fá vist. -jh

Atvinnumál á Norðausturlandi:

## Ný verksmiðja í Mývatnssveit

**ATVINNUMÁL** Skrifafélagið verður í dag undir samninga um rekstur pappabrettaverksmiðju í Mývatnssveit, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ríkisstjórnin hafði heimilað Nýsköpunarsjóði að kaupa hlutafé í félaginu Grænum lausnum sem reka mun verksmiðjuna. Starfsemi mun verða í húsnæði Kísilíðjunnar í Mývatnssveit sem lagði niður starfsemi sína fyrir rúmu ári síðan. Þá var 46 starfsmönnum sagt upp en hluti þeirra fékk fljótlega aftur vinnu.

Verksmiðjan mun framleiða vörubretti úr endurunnum pappír. -jse



**CONDOLLEEZZA RICE** neitar að tjá sig um ásakanirnar.

CIA-fangamálið:

## Rannsókn sögð hafin á leka

**FANGAR** Hafin er rannsókn á því innan raða bandarísku leyniþjónustunnar CIA hver kunni að hafa lekið upplýsingum til fjölmiðla um að hún reki leynifangels erlendis. Á fréttavef breska útvarpsins BBC er þetta haft eftir ónafngreindum embættismönnum í Washington.

Dagblaðið The Washington Post greindi frá því í síðustu viku að það hefði heimildir fyrir því að CIA ræki slík fangelsi meðal annars í ónefndum Austur-Evrópulöndum. Fulltrúar CIA og Bandaríkjustjórnar hafa hvorki viljað staðfesta né hrekja ásakanirnar. Að sögn fréttaritara BBC vestra hefur þessi þögn ráðamanna ýtt undir vangaveltur um hin meintu leynifangelsi. ■

# Barnabætur lækka um tvo milljarða

Fram kemur í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar, þingmanns vinstri grænna, að opinber útgjöld til barnabóta hafi lækkað frá árinu 1991. Ögmundur segir stjórnina ekki hafa staðið við gefin fyrirheit.

**STJÓRNAMÁL** Barnabætur hafa lækkað um helming sem hlutfall af landsframleiðslu frá árinu 1991. Þær hafa einnig lækkað í krónum talið á föstu verðlagi ársins 2004, úr tæpum 7,3 milljörðum króna í liðlega 5,4 milljarða. Þetta kemur fram í skriflegu svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar, þingmanns vinstri grænna.

Ögmundur spurði um framlag ríkissjóðs til barnabóta og barnabótaauka frá árinu 1991. Hann segir að upplýsingarnar séu sláandi. „Þetta eru sláandi tölur ekki síst í ljósi yfirlýsinga sem stjórnarflokkarnir, einkum Framsóknarflokkurinn, hafa gefið fyrir hverjar kosningar í stjórnarsamstarfi sínu um að stórauka framlag til barna-

bóta. Þegar þessar tölur eru skoðaðar kemur hins vegar í ljós að frá því að þessir flokkar hófu samstarf hafa barnabætur dregist saman á föstu verðlagi. Þetta á við hvort sem titið er til krónutölnunnar eða sem hlutfall af vergrí landsframleiðslu.“

Landsframleiðslan hefur aukist mjög frá árinu 1991. Það ár námu barnabæturnar 1,22 prósentum sem hlutfall af vergrí landsframleiðslu. Þetta hlutfall var komið niður í 0,6 prósent árið 2004. Samkvæmt opinberum göngum hefur frjósemi kvenna og fæðingartíðni ekki breyst mikið á umræddu tímabili og heldur aukist á allra síðustu árum.

„Hvort sem titið er á krónutöluna



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

á föstu verðlagi eða sem hlutfall af landsframleiðslu hafa þessir flokkar fallið á því prófi að standa við gefin fyrirheit fyrir kosningar,“ segir Ögmundur Jónasson.

Í frumvarpi til fjárlaga kemur fram að ráðgert er að verja alls 5,6 milljörðum króna á þessu ári en 6,8 milljörðum króna á því næsta í barnabætur. johannh@frettabladid.is



**JÁTAR SIG EKKI SIGRAÐAN** Ríkisstjórnin viðurkendi þó að honum hefði ekki tekist nægilega vel að sannfæra Kaliforniubúa um ágæti tillagna sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Schwarzenegger í öldudal:

## Vinsældirnar hafa hrapað

**LOS ANGELES, AP** Heldur hefur hallað undan fæti hjá Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóra Kaliforníu, en í fyrradag felldu íbúar ríkisins allar fjórar tillögur hans um úrbætur í ríkisrekstri í sérstakri atkvæðagreiðslu.

Tillögur ríkisstjórans fólu í sér að ríkisútgjöld yrðu dregin verulega saman, sýslumörkum breytt, ráðningarfyrikomulag kennara yrði með öðrum hætti og að verkalyðsfélögum yrði bannað að nota félagsgjöld í pólitískum tilgangi.

Schwarzenegger ávarpaði stuðningsmenn sína að lokinni atkvæðagreiðslunni og sagði engan bilbug á sér að finna. ■

## BANDARÍKIN

### Skaut aðstoðarskólalastjórnar


Nemandi í Campbell-skólunum í Jacksboro í Tennessee skaut aðstoðarskólalastjóra skólans til bana í fyrradag. Nemandinn, sem er fimmtán ára drengur, hafði verið kallaður inn á skrifstofu skólalastjóra vegna orðróms um að hann gengi um vopnaður. Drengurinn brást ókvæða við ásökunum og dró upp skammbýssu. Auk þess að myrða aðstoðarskólalastjórnar sáði hann annan starfsmann skólans lífshættulega.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktssdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugs málsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

## GREIÐSLUR RÍKISINS VEGNA BARNABÓTA 1991 - 2004



## Geggjað grín, hörku hasar klístrað klúður

**1 SÆTI**

METSÖLULISTI EYMUNDSSON barnabækur / 9. nóv

„Fólk á öllum aldri smitast af gleðinni ... enginn ætti að láta þennan furðufugl fram hjá sér fara.“

Þórarinn Þórarinnsson / Fréttablaðið

**SJÓTTA SKÁLDVERKIÐ ER KOMIÐ ÚT!**

JPV ÚTGÁFA www.jpvis

Sænskur prestur fyrir rétti fyrir hommahatursræðu:

## Reynir á mörk tjáningarfrelsis

**SVÍÞJÓÐ, AP** Prestur í sænskum hvítasunnusöfnuði varði fyrir Hæstarétti Svíþjóðar í gær fullyrðingar sínar um að samkynhneigð væri „sem krabbameinsæxli á þjóðarlíkamanum“.

Presturinn, Áke Green, flutti stólræðu fyrir tveimur árum þar sem hann lét þessi ummæli falla, en fyrir þau var hann kærður fyrir brot á lögum sem banna hatursáróður. Árið 2003 var þeim breytt þannig að þau næðu líka yfir slíkan áróður gegn samkynhneigðum. Málið þykir reyna á mörk tjáningarfrelsis í Svíþjóð.

Green var dæmdur sekur í héraðsdómi en áfrýjunardómstóll hnekti þeim dómi. Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu þá til Hæstaréttar. Bein útsending var frá réttarhaldinu í gær, sem er mjög óvenjulegt í Svíþjóð. Green sagði í vitnisburði sínum



**ÁKE GREEN** Fjölmíðlafólk sækir að prestinum fyrir utan Hæstarétt í Stokkhólmi í gær. Borðanum kom stuðningsfólk hans upp. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

að í stólræðunni hefði hann viljað vara homma við því að lífsstíll þeirra myndi leiða til „eilífs skilnaðar“ við Guð. „Sofi tveir karlmenn hvor hjá öðrum, eða geri tvær konur það, er það ónáttúra, rétt eins og barnagirnd,“ tjáði hann réttinum.



Málið hefur vakið alþjóðlega athygli. Talsmenn trúarsamtaka segja sakfellingu jafngilda ógn við tjáningar- og trúfrelsi. Aðrir segja að sýkna myndi opna allar gáttir fyrir svæsnari árásum gegn göðingum, hæglimum og hommum af hálfu málsgjöfmannanna. -aa

**„Fróðleg og skemmtileg ...**  
heiðarleg tilraun til þess að greina  
umræðuna og rýna í það samfélag sem  
gerði Láru kleift að hafa broddborgara  
samtíma síns að ginningaríflum  
og féþúfu.“

Soffía Auður Birgisdóttir / MORGUNBLADIÐ

**„Merkileg bók um litríkt og misviturt  
og misheiðarlegt og misgott fólk ...  
og þrátt fyrir að myndin af þessari veröld  
sé á yfirborðinu kannski óskemmtileg  
er hún þó undarlega hrífandi.“**

Illugi Jökulsson / TALSTÖÐIN



**„Bráðlæsileg og spennandi.“**


Illugi Jökulsson / TALSTÖÐIN

**„... rennileg og myndræn, vel stíluð  
og hárfínt jafnvægi ríkir milli skáldskapar  
og sagnfræði ... raunsæisleg og sannfærandi.“**

Steinunn Inga Óttarsdóttir / MORGUNBLADIÐ

**ÞAU HRISTU UPP Í ÞJÓÐINNI**

**JPV**  
JPV ÚTGÁFA  
www.jpvis



## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 09.11.2005

## KAUP SALA

	Bandaríkjadalur USD	61,42	61,72
	Sterlingspund GBP	106,81	107,33
	Evra EUR	72,22	72,62
	Dönsk króna DKK	9,676	9,732
	Norsk króna NOK	9,274	9,328
	Sænsk króna SEK	7,549	7,593
	Japanskt jen JPY	0,5226	0,5256
	SDR XDR	87,66	88,18

## Gengisvísitala krónunnar

102,1183

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vinstri grænir á Alþingi bregðast hart við fréttum af frekari undirbúningi áliðju:

## Ríkisstjórnin haldin á læði

**STÓRIÐJA** Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna, gerði fregnir af hugsanlegum álfersfrákvæmdum á þremur stöðum á landinu að umtalsefni í upphafi þingfundar í gær. „Í undirbúningi eru að minnsta kosti þrjú álver hér á landi með þátttöku stjórnvalda.“

Hann vísaði til fregna um að Umhverfisstofnun hefði útlutað Alcan í Straumsvík starfsleyfi fyrir 260 þúsund tonna framleiðsluaukningu á ári. Í öðru lagi hefðu landeigendur og Landsvirkjun undirritað samninga um undirbúning virkjana á Norðausturlandi fyrir allt að 200 þúsund tonna álframleiðslu á



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

ári. Í þriðja lagi væri um að ræða fregnir af samningi milli Norður-

áls, Fjárfestingastofunnar og Reykjanesbæjar um allt að 250 þúsund tonna álver í Helguvík. „Þetta eru þrjú verkefni sem öll eru í gangi samhliða og gætu öll farið af stað innan eins til þriggja ára.“

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði að öll þessi mál væru á umræðu- og undirbúningsstigi og ekkert nýtt af þeim að fréttu. Hann bað vinstri græna um að útiloka ekki fyrirfram eina framleiðslugrein. „Það er alveg eins og þeir vilji bara banna ákveðin trúarbrögð hér á landi. Menn verði bara að hafa eina trú og enginn megi segja neitt annað.“ - jh



ALCAN ÁLVERID Í STRAUMSVÍK Vinstri grænir telja stjórnvöld haldin á læði.

Bilslys á Snæfellsnesi:

## Pyrla sótti konu eftir árekstur

**UMFERÐARSLYS** Ung kona tvíbrotnaði á fæti þegar bifreið hennar rann í veg fyrir rútubíl á þjóðvegnum skammt frá Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi, þannig að bílarnir skulu harkalega saman.

Konan var fyrst flutt á sjúkrahúsið í Stykkishólmi en þaðan með þyrlu Landhelgisgæslunnar á Landspítalann þar sem gert var að meiðslum hennar. Einn farþegi í rútubílnum meiddist lítillega. Bíll konunnar er ónýtur og rútan mikið skemmd. ■



**HJÁLPARGÖGN BORIN** Pakistarar bera hjálpargögn upp fjallsstíg á hamfarasvæðinu í Kasmir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jarðskjálftinn í Pakistan:

## Meira en 87.000 fórust

**PAKISTAN, AP** Manntjón af völdum jarðskjálftans mikla sem varð fyrir réttum mánuði í norðanverðu Pakistan er nú talið vera mun meira en áður var áætlað. Samkvæmt mati sem unnið var á vegum Alþjóðabankans og Þróunarbanka Asíu fórust yfir 87.000 manns í hamförum, en það er um 13.000 fleiri en opinbert mat pakistanskra yfirvalda.

Vonir standa þó til að björgunaraðgerðir muni hindra frekara manntjón nú þegar vetur sverfur að. Áberandi þykir þó hve neyðarástæðir alþjóðasamfélagsins hefur skilað sér verr eftir þessar hamfarir en þær sem urðu í kringum Indlandshaf í fyrra. ■



**FRÁ EVREUX** Slökkviliðsmenn standa við búið í bænum Evreux í Mið-Frakklandi sem óeirðaseggir rústuðu og kveiktu í. Útgöngubann tók gildi í bæjarhlutanum La Madeleine í fyrirkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Útgöngubanni óvída beitt í Frakklandi

Heldur tók að draga úr óöldinni í frönskum borgum í gær, daginn eftir að ríkisstjórnin lýsti yfir neyðarástandi svo setja mætti útgöngubann í óeirðabæjum. Tvær vikur eru frá því óeirðirnar hófust í innflytjendahverfum norður af París.

**FRAKKLAND, AP** Óöldina í innflytjendahverfum franskra borga tók að dvína í gær. En þó voru yfir 600 bílar brenndir í fyrri nótt og skemmdarvargar létu útgöngubann ekki aftra sér frá því að rústa verslanir, dagblaðadreifingarmiðstöð og jarðlestarstöð.

Neyðarástandið sem ríkisstjórnin lýsti yfir til að unnt væri að setja á útgöngubann í þeim sveitarfélögum þar sem óeirðaseggir hafa haft sig mest í frammi, tók gildi á miðnætti í fyrirkvöld. Neyðarástandið verður í gildi í tólf daga en þingið getur ákveðið að framlengja það.

Um miðjan dag í gær höfðu þó aðeins fáein sveitarfélög og héraðs-

stjórnir ákveðið að beita þessari heimild, þar á meðal Amiens í Norður-Frakklandi, Orleans og Savigny-sur-Orge í miðhluta landsins, sem og Essonne-hérað suður af París. Bannið gildi þó aðeins um ungmenni 16 ára og yngri, sem ekki mega vera á ferli utandyra eftir myrkur nema í fylgd með fullorðnum.

Nærri því þrjú af hverjum fjórum svarenda í viðhorfskönnun sem gerð var á vegum dagblaðsins Le Parisien sögðust styðja setningu útgöngubanns.

Að sögn lögreglu voru 617 bílar brenndir í fyrri nótt, sem er nærri helmingi færri en nóttina þar áður. Óeirðaseggir létu

á sér kveða í alls 116 bæjum, en nóttina áður var tilkynnt um slíkt í 226 bæjum. 280 manns voru handteknir, en þar með var fjöldi handtekinna kominn í 1.830 alls frá því að óeirðaldan hófst fyrir tveim vikum í kjölfar slysa-dauða tveggja unglinga af norður-afriðskum uppruna.

„Handtökurnar eru greinilega að sýna árangur,“ sagði Franck Louvrier, talsmaður innanríkisráðuneytisins. Betur mætti þó ef duga skyldi.

Þeir sem brjóta útgöngubannið þar sem það er í gildi eiga allt að tveggja mánaða fangelsi yfir höfði sér og 3.750 evra sekt, andvirði 270.000 króna. audunn@frettabladid.is



**FRÁ GRAND HYATT** Auk þeirra 23 sem létust slösuðust 120 manns í tilræðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Preföld sjálfsmorðsárás:

## Á annan tug beið bana

**AMMAN, AP** Í það minnsta 23 fórust í þremur sjálfsmorðssprenjuárásam sem gerðar voru nánast samtímis í Amman, höfuðborg Jórdaníu, í gær.

Árásirnar voru gerðar um kvöldmatarleytið að íslenskum tíma við þrjú hótél, Grand Hyatt, Radisson SAS og Days Inn, en ferðamenn og erindrekar frá Vesturlöndum eru jafnan í meirihluta gesta hótélanna. 120 manns slösuðust í tilræðunum.

Enginn hefur lýst ábyrgð á hendur sér en jórdanska lögreglan telur að al-Kaída hafi staðið fyrir tilræðunum. ■

Gáfaðar mýs:

## Safna eitri í heyrúllum

**DÝRALÍF** Mýs eru komnar upp á lag með að naga sig í gegnum plastið sem bændur nota utan um heyrúllur. Þá eru dæmi um að mýsnar geri sér bú inni í rúllunum.

Hjalti Guðmundsson, meindýraeyðir við Eyjafjörð, greinir jafnframt frá því í Bændablaðinu að mýs eigi það til að safna eitri, sem lagt hefur verið fyrir þær, í stað þess að éta það. Safna þær eitri í eins konar forðabúri inni í heyrúllum, en það getur reynst öðrum skepnum hættulegt ef þær éta það. ■



Kristín Gísladóttir sjúkrálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opið virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

## VEÐURSPÁ

um hádegi »


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SÆMILEGA MILT Í DAG, SÍÐAN KÖLNAR**

Það verður talsvert hvasst með suðausturströndinni í dag og einnig á annesjum nyrðra og á Vestfjörðum. Hítinn er það bærilegur að þótt víða verði væta fellur hún líklegast mest öll sem regn eða skúrir á láglandi en snjór eða slydda til fjalla.

HÖFUÐBORGIN Í DAG


Allhvöss suðvestan í morgunsárið en lægir smám saman. Rigning fram yfir hádegi en síðan smáskúrir. Hiti 3-5 stig.



\* Sveði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggt á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hítatölur sýna hæstu hitagildi.



Ljós lifandi  
**Útitré**  
 verð frá (gervi)  
**4900**



**Leiðiskrossar** 3990  
 f. rafhlöðu verð frá



**Ljósakútur** 1990

# Ljós lifandi tilboð



**Ljósamyndir** 499 stk.



Skútuvegur - Keflavík - Selfoss - Akureyri  
 Grafarholt - Kringlan - Smáralind

Rannsóknakostnaður við Eyjagöng mun hlaupa á hundruðum milljóna:

## Dregur úr líkum á göngum til Eyja

**JARÐGÖNG** Niðurstöður rannsóknar á berggrunni hugsanlegrar jarðgangaleiðar milli lands og Vestmannaeyja benda til að kostnaður við frekari rannsóknir á verkinu muni hlaupa á hundruðum milljóna króna.

Íslenskar orkurannsóknir unnu rannsóknarskýrsluna fyrir Vegagerðina og er vonast til að hún muni varpa frekara ljósi á fýsileika ganga milli lands og Eyja. Í henni kemur meðal annars fram að Eyjamegin þurfi göngin að fara í gegnum 200 metra þykka, óreglulega jarðmyndun og er hluti hennar bæði hrungjarn og lekur. Skýrsluhöfundar telja að



**GUÐJÓN HJÖRLEIFSSON** Kveðst svartsýnni en áður á að göngin verði að veruleika.

ef ákveðið verði að halda áfram undirbúningi verkhönnunar þurfi að leggja út í rannsóknir sem gætu kostað hundruð milljóna króna.

Guðjón Hjörleifsson, alþingismaður og fyrrverandi bæjarstjóri í Eyjum, leggur áherslu á að Vegagerðin hafi fengið tvo sérfræðinga til að grandskoða skýrsluna og þeir skila niðurstöðum eftir



**BERGID ER ERFITT VIÐUREIGNAR** Berggrunnurinn við Eyjar er sagður bæði hrungjarn og lekur. MYND/GVA

sex vikur. Síðan fjallar faghópur samgönguráðuneytisins nánar um málið. „Það er nauðsynlegt fyrir okkur Eyjamenn að niðurstæða

liggi fyrir sem fyrst ef við þurfum að snúa okkur að einhverju öðru. Ég er samt töluvert svartsýnni en áður.“ - shg

**FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ**

Á Fjármálaeftirlitið að birta hvaða fyrirtæki hafa brotið af sér við verðbréfavíðskipti?

Já	3%
Nei	7%

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

Á að stytta nám til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú?

Segðu skoðun þína á vís.is

**vísir**



# Summarsól

Sumarhúsaeigendur og aðrir farþegar til Spánar!

## Alicante

Beint leiguflug með Icelandair í allt sumar!

Netverð frá

# 16.900 kr.

Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

## Flugáætlun

7., 19. og 29. apríl,  
17. maí

og síðan alla miðvikudaga í sumar.

Takmarkað sætaframboð á þessu verði!

Verð miðast við að bókað sé á Netinu, ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.

# plús

**FERÐIR**

www.plusferdir.is

Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100



**FRÁ VETTvangi í Hlíðarhjalla** Átök manna voru blóðug en fórnarlambið hlaut fjölmarga skurði á höndum og andliti fyrir utan þær tvær stungur í brjóstakassann sem drógu hann til dauða á skömmum tíma.

## Fékk sextán ára dóm fyrir hnífstunguárás

Phu Tién Nguyễn var í gær fundinn sekur um að hafa banað Phong Van Vu í íbúð í Kópavogi fyrr á þessu ári. Hann var dæmdur í sextán ára fangelsi enda þótti dómi sannað að um morð að yfirlögðu ráði hefði verið að ræða.

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness fann í gær Phu Tién Nguyễn sekan um manndráp og hættulega líkamsárás að auki en hann var valdur að dauða Phong Van Vu í blokkaríbúð að Hlíðarhjalla í Kópavogi í maí síðastliðnum. Hlaut hann sextán ára fangelsisdóm og var dæmdur til að greiða rúmar tólf milljónir króna í skaðabætur auk alls sakarkostnaðar.

Atvikið átti sér stað að kvöldi hvítasunnudags 15. maí síðastliðinn en þá réðst Nguyễn að Van Vu í veislu eftir að hafa deilt um hríð hvor þeirra ætti að sýna hinum meiri virðingu vegna aldurs. Höfust átök milli manna þegar á leið sem endaði með því að Nguyễn greip hníf og bar til Van Vu. Hlaut hann djúp stungusár í brjóstakassann báðum megin auk annarra áverka á handlegg og andliti. Bæði stungusárin í brjóstakassa mannsins voru lífshættuleg

en stungan hægra megin dró hann hratt til dauða þar sem sárið gekk inn í lungnaslagæð. Var hann látinn þegar lögregla og sjúkralið kom að.

Ákærði játaði strax verknad sinn fyrir lögreglu en bar við sjálfsvörn sem dómurinn féllst ekki á meðal annars vegna þess að morðvopnið hafði hann haft með sér í veisluna umrætt kvöld. Þótti allur framburður hans óljós og ruglingslegur að öðru leyti auk þess sem hann var mjög ölvaður þegar lögregla handtók hann síðar kvöldið örlagaríka.

Hlaut Nguyễn einnig dóm fyrir líkamsárás en hann lagði til annars manns sem reyndi að stöðva átökin með þeim afleiðingum að sá hlaut slæmt stungusár við mjöðm.

Einn dómari við réttinn skilaði séráliti þar sem hann lýsir sig í meginatriðum sammála dómnum



**SEXTÁN ÁR BAK VIÐ LÁS OG SLÁ** Phu Tién Nguyễn hlaut þungan dóm fyrir morðið á Phong Van Vu enda þótti dómnum að mestu sannað að um ásetning hefði verið að ræða af hans hálfu.

en telur þrettán ára fangelsisdóm nægan þar sem Nguyễn hafi ekki gripið til hnífsins fyrr en átök höfðu staðið yfir um hríð milli manna tveggja. Auk þess hafi ákærði ekki haft orð á sér fyrir ofbeldishneigð né haft haturs- eða heiftarhug til fórnarlambins.

albert@frettabladid.is

Talsmaður neytenda kynnir forgangsriðun verkefna:

## Brýnt að skoða verðtryggingu lána

**NEYTENDAMÁL** Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, telur mikilvægt að skoða verðtryggingu lána með tilliti til hagsmuna neytenda og er það eitt af þeim málum sem hann hefur sett í forgang hjá embættinu. Einnig hyggst Gísli skoða á næstunni gjöld í bankakerfinu, umgjörð fasteignamarkaðarins, markaðssókn gagnvart börnum og unglingum og fleiri mál sem tengjast neytendum.

Þetta kom fram í erindi sem Gísli hélt á félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri í gær en þar kynnti hann embætti talsmanns neytenda sem sett var á fót 1. júlí síðastliðinn, á grunni



**GÍSLI TRYGGVASON** Eitt af forgangsmálum hjá embætti talsmanns neytenda er að skoða markaðssókn gagnvart börnum og unglingum og segir Gísli að þeirri markaðssókn verði hugsanlega settar hömlur með reglugerð.

laga sem samþykkt voru á Alþingi í vor.

Gísli segir of snemmt að fullyrða að svo komnu máli að hagsmunum neytenda væri betur borgið ef verðtrygging lána væri afnumin en hann telur rétt að skoða það vel. „Menn hafa bent á að gegnsæi og valfrelsi séu á meðal mikilvægustu réttindamála neytenda og verðtrygging er hvorki gegnsæ né valfrjáls,“ segir Gísli.

Embætti talsmanns neytenda er með aðsetur hjá Neytendastofu en tilgangur embættisins er að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda, ásamt því að stuðla að aukinni neytendavernd. - kk



# Upp með hendur

Dagana 10.-13. nóvember ætlum við að aðstoða þig við að dekra við hendurnar á þér.

Sérstök áhersla verður á allt sem tengist höndum og nöglum í snyrtivörudeildum Hagkaupa.

- ★ Sérfræðingar verða í öllum snyrtivörudeildum og veita ráðleggingar
- ★ Fjöldi kaupauka í boði
  - ★ Tugir tilboða
- ★ Frábært verð á gervinöglum, naglalökkum og handkremum

Hlökkum til að sjá þig!

Gildir til 13. nóvember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
*Skemmtilegast að versla*

## Lambaveisla

Frábært úrval af lambakjöti hryggur, læri, sneiðar og súpukjöt



1 kg Súpukjöt 1. flokkur	499 kr	1 kg Valið súpukjöt	579 kr	1 kg Læri sneitt	1.098 kr
1 kg Læri frosið	998 kr	1 kg Hryggur frosinn	1.298 kr	1 kg Framhryggjar-sneiðar	1.298 kr

## Sérréttir sælkerans



## Allt í baksturinn fyrir jólin



Eggjakökumix 1/4 l	179 kr	Eggjahvítur 1/4 l	169 kr	Eggjarauður 1/4 l	199 kr
1/2 l	299 kr	2,5 l	899 kr	2,5 l	1.099 kr

PopSecret	3/pk	269 kr
Cheerios Twin Pack	1 kg	399 kr
Eggjakökumix	2,5 l	1.099 kr
Tilda Basmati hrísgrjón	5 kg	1.149 kr
Maís	300 g	119 kr
Nammibar	50% afsláttur fös-lau	
Freyju Draumur & Rís	50% afsláttur fös-lau	

## Gripið & greitt

ALLTAF NÓG AF ÖLLU

Gripið & greitt Skútuvogi 4 Opið mán-fös 8.30-18.30 og lau 10-16

Danska ríkið tapar hundruð milljóna árlega vegna „ólöglega“ gosrykkja:

## Danir smygla dönsku gosi

**DANMÖRK** Það hefur færst í aukana að gosdrykkjum sem framleiddir eru í Danmörku sé smyglað inn í landið. Gosið er flutt úr landi til Svíþjóðar og Dýskalands og fæst þá endurgreiddur skattur af vörinni. Síðan er vörinni smyglað inn í landið aftur og selt í sjöppur og veitingastaði á töluvert lægra verði en löglega fengið gos.

Eftirlit með þessum innflutningi er erfitt að sögn talsmanns skattýfirvalda í Politiken í gær. Flöskurnar líti alveg eins út og þær löglegu og því þurfi að kanna bókhald þeirra sem selja gos til finna út hvort varan sé illa fengin eða ekki. Ráðherra skattamála



JOLLY COLA Dansk gos er flutt úr landi og síðan smyglað inn í landið aftur.

í Danmörku, Kristian Jensen, segir í viðtali við Politiken að gosdrykkjaframleiðendur verði að koma yfirvöldum til hjálpar og benda á grunsamlega kaupendur. Talið er að danska ríkið verði af tæpum 100 milljónum danskra króna á ári vegna þessa. - ks

## Hótaði að bana barnsmóður sinni

Geðhvarfasjúkur maður sem réðst á lögreglu með hnífi og hótaði barnsmóður sinni lífláti var dæmdur í átján mánaða fangelsi á þriðjudag. Landssamband lögreglumanna harmar það hve refsingin er væg.

**DÓMSMÁL** Tæplega fertugur karlmaður var dæmdur til eins og hálfars fangelsisvistar í Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudag. Ákærufni er hótanir, meðal annars í garð barnsmóður, líkamsárás á lögregluþjón og eignasþjöll.

Landssamband lögreglumanna sendi í gær frá sér tilkynningu þar sem harmað er hversu væga refsingu héraðsdómur hefði ákveðið. Lögreglumenn telja að með þessum dómi fái brotamenn þau skilaboð að ekki teljist alvarlegt að ráðast á lögreglumenn. Landssambandið telur einsýnt að með þessu sé bæði öryggi lögreglumanna og almennings stefnt í hættu. Þetta þykir lögreglumönnum vera ólífandi ástand.

Maðurinn hafði hótað barnsmóður sinni lífláti með textaskilaboðum. „Hæ, ef þú leyfir mér ekki að sjá börnin aftur þá skal ég skjóta þig í hausinn, 2. eða 3. desember og þá ertu dauð og ég líka og þá eiga börnin ekki pabba eða mömmu bæ bæ,“ sagði í skilaboðunum.

Einnig bar hann bréf í hús í Reykjavík þar sem hann hótar enn lífláti. „Ef hún hringir ekki í mig næsta föstudag þá ert þú dauður. Ég á kúbein og klippur og haglabyssu og ég nota þetta næstu helgi ef hún hringir ekki í mig næsta föstudag,“ stóð í einu bréfanum.

Við handtöku í júní lagði hann svo til lögreglumanns með hnífi, tvívegis í nárann. Í dóminum segir að með þessari háttsemi hafi maðurinn stofnað lífi lögreglumannanna í hættu á augljósan og ófyrirleitinn hátt og tilviljun hafi ráðið að ekki hlutust alvarlagir áverkar af.



LÖGREGLA Maðurinn réðst á lögreglu með hnífi og hótaði barnsmóður sinni lífláti.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Maðurinn hefur átt við geðhvarfa- og áfengissýki að stríða en þegar litið var til vottorða frá læknum þótti dóminum ástæða til að ætla að hann væri sakhæfur og telur geðlæknir að hann geri greinarmun á réttu og röngu.

Í dómmum er litið til þess að í lögum sé gert ráð fyrir að fangelsisýfirvöldum sé heimilt að vista fanga á sjúkrahúsi ef þurfa þygi enda eigi fangar rétt á að njóta videigandi heilbrigðisþjónustu. - saj

Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans:

## Of fáir læknanemar í geðlækningum barna

**HEILBRIGÐISMÁL** „Of lítil nýliðun hjá barna- og unglíngageðlæknum er óheillavænleg þróun og getur ógnað starfsemi Barna- og unglíngageðdeilda Landspítalans til framtíðar ef ekkert verður að gert,“ segir Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir Barna- og unglíngageðdeilda.

Hann segir helstu ástæðuna vera ófullnægjandi stöðu sérgreinarinnar innan læknaeilda Háskóla Íslands og stjórnskipulega stöðu hennar innan Landspítalans. Hann segir enn fremur að málaflokkurinn hafi mátt búa við langvarandi fjársvelt sem hafi haft þau áhrif að læknaandáttar velji sér önnur sérsvið.

„Til að tryggja lágmarks nýliðun og framþróun sérgreinarinnar er nauðsynlegt að forsjá kennslunnar sé á hendi Barna- og unglíngageðdeilda. Þannig mætti skapa læknanemum, unglæknum og sérfræðilæknum betri aðstöðu til þess að sinna rannsóknum á geðheilbrigði barna og unglínginga og auka þannig líkur á að þeim sem ákveða að helga sig þessari sérgrein fjölgaði á ný,“ segir Ólafur. - jse

**ÓLAFUR GUÐMUNDSSON** Ólafur segir að Barna- og unglíngageðdeildin hafi mátt búa við fjársvelt og það ástand hafi fælt nýliða frá sérgreinni.







# Allt fyrir jólaundirbúninginn!

## Opið til 21 í kvöld!

Í Kringlunni finnur þú allt sem þú þarft til að undirbúa jólin og koma þér og þínum í jólaskap. Komdu við og njóttu notalegrar stemningar!

## Nýtt kortatímabil!

**Verslanir**  
**Ævintýraland**

**Mán. til mið.**  
10.00 til 18.30  
14.00 til 18.30

**Fimmtudagur**  
10.00 til 21.00  
14.00 til 19.00

**Föstudagur**  
10.00 til 19.00  
14.00 til 19.00

**Laugardagur**  
10.00 til 18.00  
11.00 til 18.00

**Sunnudagur**  
13.00 til 17.00  
13.00 til 17.00

**Veitingastaðir og Kringlubíó**  
hafa opið lengur á kvöldin

[www.kringlan.is](http://www.kringlan.is) / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

**Kringlan**  
ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN

Af hverju er  
sagt að vín  
purfi að anda?

ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

VÍN  
SÝNINGIN  
2005  
19.-20. nóv.  
í Smáralind



VÍN  
BÚÐ  
lífum, lærum & njótum

Danskir vísindamenn segja ofnæmi samfélagssjúkdóm:

## Ofnæmi kostar tugi milljóna

**HEILBRIGÐISMÁL** Tæplega 300 þúsund Danir þjást af hvers kyns ofnæmi vegna notkunar á algengum snyrtivörum á borð við sjampó og krem hvers konar.

Fjölgar þeim um sex þúsund á ári hverju þar í landi sem leita sér lækninga vegna útbrotá eða annars konar kvilla sem skýrast að flestu eða öllu leyti af notkun á snyrtivörum. Þykir málið alvarlegt enda þurfa flestir sem ofnæmið fá að búa við það ævilangt.

Talsverðu fé hefur verið eytt í rannsóknir á ofnæmi meðal Dana en það er formlega orðinn samfélagssjúkdómur og hyggjast stjórnvöld leggja meiri áherslu en



**OFNÆMI** Sjúkdómurinn hrjáir sífellt fleiri í hinum vestræna heimi og rannsóknir benda til að venjulegar snyrtivörur geti haft talsverð áhrif þar á.

áður á að sporna við áframhaldandi þróun. Verður það meðal annars gert með útgáfu kynningarefnis til

handa almenningi enda kostar sjúkdómurinn danskt samfélag fleiri tugi milljóna króna hvert ár. ■

**Paratabs® – Öflugur verkjabaní!**

**Notkunarsvið:** Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannþínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sóttþita af völdum influensu og annarra umgangspesta eins og kvæfs. Lyfið inniheldur ekki ávanabindandi efni og hefur ekki sljógandi áhrif. **Varúðarreglur:** Fólki sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lífrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýma- og lífrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lífrarþógu. **Aukaverkanir:** Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.05

**actavis**  
hagur í heilsu



**VENUS BÍÐUR** Venusarhraðlestin á fyrir höndum 350 milljóna langt ferðalag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Venusarhraðlestinni var skotið á loft í gær:

## Allt gekk að óskum

**ÞÝSKALANDI, AP** Venusarhraðlestinni, ómönnuðu evrópsku geimfari, var í gær skotið frá Baikonur í Kasakstan áleiðis til Venusar og er áætlað að ferðalagið taki 163 daga.

Tilgangur fararinnar er að rannsaka andrúmsloft morgunstjörnunnar fögru en yfirborð hennar er heitara en nokkrar annarrar reikistjörnu. Loftþjúpur Venusar er nær eingöngu úr kol-

tvísyringi og þar er loftþrýstingur auk þess gífurlegur. Vísindamenn langar að vita hvers vegna Venus, sem svipar að mörgu leyti til jarðarinnar, hafi þróast með slíkum hætti. Evrópska geimferðastofnunin lét smíða Venusarhraðlestina fyrir rúma fimm tán milljarða króna en verkefnið þykir enn eitt dæmið um að yfirburðir Bandaríkjamanna í himingeimnum séu í rénun. - shg

FRÉTTABLAÐIÐ  
AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

## Það er treyst á þig!



Hringdu í **907 2002** fyrir Pakistan

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

spron

### ÍRAK

**Verjandi myrtur** Verjanda í málaferlunum gegn Saddam Hussein, fyrrverandi forseta Íraks, var banað og annar særður þegar skotið var á bil þeirra í Bagdad í vikunni. Mennirnir voru verjendur samstarfsmanna Saddams en tæpur mánuður er síðan starfsbróðir þeirra var skotinn til bana.

**Hermenn ákærðir** Fimm bandarískir hermenn hafa verið ákærðir fyrir að beita íraska fanga harðræði en frá þessu greindi Bandaríkjaher í fyrradag. Fimm menningarnir eiga að hafa kýlt og sparkað í menn sem biðu þess að verða fluttir í fangelsi í landinu í byrjun september.

### BANDARÍKIN

**Fangi þóttist vera fórnarlamb** Lögreglan hefur handtekið fanga sem flúði af dauðadeild fangelsis í Houston í Texas þegar fellibylurinn Katrín gekk yfir. Í þann skamma tíma sem hann var frjálst nýtti hann sér góðvild annarra og þóttist vera fórnarlamb fellibylsins Katrínar. Hann sagðist hafa misst allt sitt og þáði mat og fót frá hjálparstarfsfólki. Maðurinn, sem er 35 ára gamall, var dæmdur til dauða árið 1999 fyrir að hafa myrt fyrrum kærustu sína og kærasta hennar.

# OPIÐ LENGUR Á FIMMTUDÖGUM TIL KL. 21



Áfangasigur fylgismanna heimshönnuðarkenningarinnar:

## Verður skylduefni í Kansas

**KANSAS, AP** Menntamálaráð Kansas-ríkis hefur samþykkt nýjar viðmiðanir fyrir kennsluefni í raunvísindum í grunnskólum ríkisins svo að nauðsynlegt verður að kunna skil á svonefndri heimshönnuðarkenningu.

Talsverðar deilur hafa staðið um heimshönnuðarkenninguna (intelligent design) í Bandaríkjunum undanfarnir misseri en þeir sem aðhyllast hana telja heiminn vera svo flókinn að hann hljóti að vera sköpunarverk æðri máttar. George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur hvatt til að kenningin verði kennd samhliða þróunar-kenningu Darwins, en margir



**HALLAST AÐ HEIMSHÖNNUÐINUM** Kathy Martin, fulltrúi í menntamálaráði Kansas, talar hér fyrir breytingum á viðmiðunum fyrir kennsluefni í raunvísindum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

telja að heimshönnuðarkenningin sé sett henni til höfuðs og sé í raun illa dulbúin sköpunartrú. Í samþykkt sinni víkkar

menntamálaráðið í Kansas út hefðbundnar skilgreiningar á vísindum með því að segja að greinin sé ekki bundin við að finna náttúrulegar útskýringar á heiminum. Enda þótt ráðið skipi ekki fyrir um hvað kenna skuli í grunnskólum ákveður það hvaða þekkingu nemendur eigi að búa yfir þegar kemur að samræmdum prófum og því þýðir samþykktin í raun að heimshönnuðarkenningin verði skylduefni.

Samþykkt menntamálaráðsins þykir mikill sigur fyrir stuðningsmenn kenningarinnar og er búist við að þeim muni vaxa ásmegin um öll Bandaríkin. -shg



**STRÍÐSLOKA MINNST** Bresk hjón virtu fyrir sér grafreit í Passendal í Belgíu í gær þar sem 12.000 breskir hermenn hvíla. Á morgun eru 87 ár liðin síðan fyrri heimsstyrjöldinni lauk. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HAMINGJUSÖM** Fólk í hamingusömu sambandi sigrast á flensu.

Sambúð og veikindi:

## Hamingja flýtir bata

**HEILSUFAR** Fólk sem er í hamingjusömu sambandi á auðveldara með að sigrast á flensu en þeir sem eru ósáttir eða líður illa í hjónabandinu. Niðurstöður nýrrar rannsóknar lækna í Birmingham á Englandi benda til þess að bein fylgni sé milli hamingju í hjónabandi og þess hversu fljótt fólk jafnar sig af innflúensu.

Í ljósi þessara niðurstaðna ráðleggja rannsakendur þeim sem hafa nýverið slitið sambúð ellegar eiga í hjónabandsrjúm að drifa sig í að fá sér flensusprautu. ■

Minningarathöfn í Berlín:

## Sextán ár eru liðin frá falli múrsins

**BERLÍN, AP** Þess var minnst í Þýskalandi í gær að rétt sextán ár voru liðin frá falli Berlínarmúrsins. Minningarathöfn var haldin við einn fárra búta múrsins sem eftir standa, í Múrsafninu við Bernauerstræti.

„Fall múrsins fyrir sextán árum á þessum degi hreyfði við heiminum og gerði Þjóðverja, að minnsta kosti í svip, að hamingjusömustu þjóð á jörðu,“ sagði Marianne Birthler í ávarpi við athöfnina, en hún var á sínum tíma andófsmaður í Austur-Þýskalandi og stýrir nú stofnun sem hefur umsjón með skjölum Stasi, austur-þýsku leynilög-reglunnar. Að ræðu Birthler lokinni var viðstöddum boðið



**LEIFAR MÚRSINS** Til minningar um þá sem létu lífið við Berlínarmúrinn festu borgar-búar blóm á leifar hans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

að kveikja á kertum og bæta þeim við minnismerkið um þær þjáningar sem múrinn olli. ■



**RÆKJUVINNSLA ÍSHAFS** Um 90 manns hefur verið sagt upp störfum að undanförmu í fjórum rækjuverksmiðjum og hefur sjávarútvegsráðherra skipað starfshóp til að kanna stöðu og horfur í rækjuíðnaði á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

## Staða rækju sem hamfarir

Sjávarútvegsráðherra lætur starfshóp athuga stöðu rækjuíðnaðarinnar. Þingmaður segir stöðu rækjuíðnaðar sem náttúruhamfarir.

**RÆKJUÍÐNAÐURINN** Sjávarútvegsráðherra hefur stofnað starfshóp til að kanna stöðu og horfur í rækjuíðnaði á Íslandi og er honum ætlað að skila niðurstöðum fyrir miðjan desember. Útlit er fyrir að einungis átta rækjuverksmiðjur verði starfandi um næstu áramót en fyrir rúmu ári voru 14 rækjuverksmiðjur starfræktar hér á landi. Fyrir tveimur árum voru rækjuverksmiðjurnar sextán og nítján fyrir tíu árum.

Rekstrarumhverfi í rækjuíðnaði hefur versnað til muna á undanförmum misserum. Vandann má rekja til gengi íslensku krónunnar, lágs afurðaverðs, hátt hráefnisverð á iðnaðarrækju, sölutregðu og aflabresta á Íslandsmiðum samhliða mjög háu olíuverði.

Rækjuíðnaðurinn varð fyrir áfalli í október síðastliðnum en þá var öllum 23 starfsmönnum rækjuvinnslu Íshafs á Húsavík sagt upp störfum og koma uppsagnirnar til framkvæmda um áramót.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sagði stöðuna alvarlega en ekki aðeins bundna við gengi krónunnar. „Rækjuíðnaðurinn á framtíð fyrir sér. „Ég bind vonir við starf nefndarinnar en lausnin er ekki einföld.“

Einar sagði að enn hefði ekki komið til álita að úthluta veiðheimildum til rækjuútgerða í krafti núunda greinar laga um stjórn fiskveiða. -kk/jh



EINAR K. GUÐFINNSSON



### „Það kemur ekkert fyrir barnið mitt“

Til allrar hamingju eru flest slys minniháttar en því miður verða þó stundum alvarleg slys. Einn öruggasti stuðningurinn sem þú getur veitt þínu barni er með UPR-barnatryggingu Allianz. UPR-barnaslysstrygging Allianz er slysstrygging fyrir barnið þitt til 18 ára aldurs og um leið sparnaður, því iðgjaldið er endurgreitt við 25 ára aldur ásamt tryggðri ávöxtun. Allianz ábyrgist þetta í samræmi við þýsk lög.

BARNATRYGGINGAR

Skaftahlíð 24 | Sími 595 3300 | allianz@allianz.is | www.allianz.is

Allianz



# SPRON Tekjuvernd

Fagleg ráðgjöf og ítarleg úttekt á stöðu þinni komi til áfalls



Með nákvæmu reiknilíkani finna ráðgjafar SPRON út hvar þú stendur miðað við núverandi sparnað, áunnin lífeyrisréttindi og tryggingar. Þeir reikna út hvort eða hversu mikið vantar upp á til að tryggja að tekjur þínar skerðist ekki komi til alvarlegs sjúkdóms, slyss eða andláts. Ef brúa þarf bil til að forðast tekjuskerðingu, kemur SPRON Tekjuvernd til sögunnar.

**Veistu hvernig þú stendur?**

**Pantaðu ráðgjöf í síma 550 1400 eða á [www.spron.is](http://www.spron.is)**

netto

# Spennandi vörur



Verulegar




allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.  
Tilboðin gilda 10.-13. nóv. eða á meðan birgðir endast.

Akureyri • Akranesi • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahvefi Kópavogi

ELTU EPLIÐ



# á frábærum verðum!

verðlækkunir!



netto



**SKÁLAD FYRIR 100 ÁRUM** Haraldur Noregskonungur og Margrét Þórhildur Danadrottning skála fyrir því að rétt öld er liðin frá því að Noregur varð á ný sjálfstætt konungsríki og danski prinsinn Karl varð Hákon VII Noregskonungur. Norsku konungshjónin og krónprinsinn Hákon voru af þessu tilefni í opinberri heimsókn í Kaupmannahöfn í byrjun vikunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Farþegagjald á dönskum flugvöllum verður fellt niður:

## Flugfargjöld eiga að lækka

**DANMÖRK** Sérstakt farþegagjald á dönskum flugvöllum mun falla niður samkvæmt nýju fjárlagafrumvarpi dönsku ríkisstjórnarinnar og Danska þjóðarflokksins. Talsmaður þeirra segir að ætlast sé til að breytingin skili sér beint til neytenda. Forsvarsmenn Sterling hafa hins vegar sagt að niðurfellingin muni ekki sjálfkrafa verða til þess að fargjöld lækki.

Þessi yfirlýsing Sterling var gagnrýnd af fulltrúa neytendasamtaka og þingmanni Danska þjóðarflokksins í dagblaðinu Berlingske Tidende í gær enda telja þeir tilganginn með breytingunni ekki vera þann að skapa flugfélög-



**STERLING-POTA** Forsvarsmenn félagsins segja ekki sjálfgefið að niðurfelling gjalda skili sér til farþega.

unum auknar tekjur. Félagin hafi gagnrýnt gjaldtökuna enda hafi hún ekki tíðkast annars staðar og því veikt samkeppnisstöðu danska flugiðnaðarins. Við þessari gagnrýni sé verið að bregðast og því

eigi að lækka fargjöldin í kjölfarið. Gjaldið er í dag rúmar 700 íslenskar krónur á farþega. Flugfélagið SAS hefur tilkynnt að farmiðar þess lækki um þá upphæð í kjölfar breytinganna. - ks

Svíar fitna og lengjast:

## Karlarnir fitna meira en konur

**SVÍÐJÓÐ** Svíska þjóðin hefur þyngst verulega og lengst á síðustu 25 árum. Sá böggull fylgir hins vegar skammrifi að þeir hafa þyngst öllu meira hlutfallslega en þeir hafa hækkað. Þeir hafa með öðrum orðum fitnað.

Svenskir karlmenn, á aldrinum 16 til 84 ára, hafa þyngst um sex kíló að meðaltali á tímabilinu en konurnar um fjögur kíló.

Svenskir karlar eru að meðaltali 81,9 kíló að þyngd og 179,4 sentimetrar á hæð en konurnar eru 66,7 kíló og hæðin er 165,5 sentimetrar. ■



**HELGUVÍK** Tölvumynd af fyrirhuguðu álveri í Helguvík.

Álver í Helguvík:

## Samstarf um undirbúning

**STÓRIÐJA** Fulltrúar Reykjanesbæjar, Norðuráls og Fjárfestingastofunnar hafa staðfest sameiginlega aðgerðaáætlun um hugsanlega byggingu álvers í nágrenni Helguvíkur.

Gert er ráð fyrir að í Helguvík rísi 250 þúsund tonna álver sem taki til starfa í fyrsta lagi árið 2010 og í síðasta lagi 2015. Gert er ráð fyrir að undirbúningsvinnu samkvæmt fyrrgreindri áætlun verði lokið eigi síðar en í júlí á næsta ári. ■

Svikahrappi stungið í steininn:

## Stal aðalsnafnbót

**LONDON, AP** Dómstóll í Kantaraborg hefur dæmt mann í 21 mánaða fangelsi fyrir að taka upp nafn og aðalstign barns sem lést fyrir 42 árum.



Árið 1983 tók maðurinn upp nafnið Christopher Edward Buckingham lávarður, en drengur sem andaðist níu mánaða gamall tuttugu árum áður hafði heitið þessu nafni. Upp komst um málið í janúar á þessu ári þegar maðurinn sótti um vegabréf undir lávarðsnafnbótinni og þá var hann handtekinn.

Ekkert er vitað um hver maðurinn raunverulega er því hann neitaði með öllu að skýra frá sínu rétta nafni við yfirheyrslur. Fyrirverandi eiginkona og börn hans hafa enga hugmynd um uppruna hans heldur. Lögregla hefur því sent fingraför hans og sýni af erfðaeftni til ýmissa landa, svo sem Þýskalands og Ísraels, í þeirri von að ljósi verði varpað á málið. - shg

**BUCKINGHAM LÁVARÐUR** Ekki er vitað hvað manningum gekk til með þeim lygavef sem hann spann í 22 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FRÁ KYNNINGU ÖSSURAR Í NEW YORK** Simon Bouchard sýnir gestum og gangandi við sýningarbás Össurar í Grand Central í New York hvernig hann getur með hjálp nýja hnésins gengið upp tröppur eins og ekkert sé.

## Vélknúíð hné með hreyfiafl

Milljónir manna um heim allan munu lesa um byltingarkennt nýtt gervihné frá Össuri í nýjasta tölublaði tímaritsins Popular Science. Gervihnéð er það fyrsta sem er með innbyggt hreyfiafl.

**VÍSINDI** Stoðtækjafyrirtækið Össur kynnti á þriðjudag nýja tegund af gervihné sem er það eina sinnar tegundar í heiminum. Á blaðamannafundi sem haldinn var í New York upplýsti Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, einnig að tímaritið Popular Science, sem lesið er um allan heim, hafi valið nýja hnéð sem eina af 100 bestu nýjungum ársins. Fjallað verður um hnéð í næsta tölublaði sem kemur út eftir um það bil hálfan mánuð.

„Það sem er algjörlega einstakt við Powerknee-gervihnéð er að í fyrsta sinn er líkt eftir vinnslu vöðva,“ segir Jón, en nýja hnéð er búið gervigreind og skynjar hvað sá sem það ber ætlar að gera. „Hingað til hafa gervilimir ekki verið búnir hreyfiafli,“ segir hann.

Ekki er enn búið að verðleggja nýja hnéð, en það er að sögn Jóns margfalt dýrara en forverinn, sem kallast Rheo Knee. „Rheo kostar um 16 þúsund Bandaríkjadali. Það nýja margfaldar þá upphæð. Stundum hefur verið talað um að gervilimir kosti á við nýjan bíl, en Power Knee er á við marga nýja bíla.“

Jón segir stefnt að því að koma nýja gervihnénu í sölu í byrjun næsta árs, en býst við dræmum viðtökum hjá sjúkrahöfnum og almannatryggingum fyrst í stað, einmitt vegna kostnaðar. „Það er segin saga í hvert sinn sem nýjungar af þessu tagi koma fram. En þetta er hins vegar besta varan sem í boði er,“ áréttar hann.



**FORSTJÓRI ÖSSURAR Á KYNNINGUNNI Í NEW YORK** Jón Sigurðsson forstjóri Össurar kynnr nýja gervihnéð fyrir blaða- og fréttamönnum.

Aðspurður um hvað kostað hafi að þróa nýja hnéð segir Jón það ekki verða gefið upp, en viðurkennir þó að milljónum dala hafi verið varið til verksins.

Simon Bouchard sem er einfættur og hefur tekið þátt í að prófa nýja hnéð, segir mesta muninn vera að geta gengið eðlilega án þess að þurfa að leiða hugann að því að vera einfættur. „Hitt er svo aukabónus að geta gengið upp stiga og svoleiðis vandræðalaust,“ segir hann, en í bás Össurar í New York sýndi hann hvernig nýja hnéð reynist.

Kim De Roy, verkefnisstjóri Power Knee-þróunarteymisins hjá Össuri, fór yfir helstu nýjungar tengdar nýja hnénu. Þá kynnti hann næstu skref í þróun gervilima og taldi að innan fimm til tíu ára yrði hægt að tengja þá taugakerfi fólks og gera þá þannig enn betri. olíkr@frettabladid.is

**NISSAN**  
**X-TRAIL**



SKIPT\_um væntingar



**EKKI FESTAST Í FRAMTÍÐINNI!**

Sjálfskiptur, álfelgur, spoiler, nagladekk og 3 drifstillingar.

**X-Trail Sport**

**Verð 2.690.000.-**



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00



Við hjá **Ingvari Helgasyni** erum komin í sannkallað **jólaskap**. Nú bjóðum við mikið úrval **tilboðsbíla** með allt að **400.000 króna afslætti**.

EKKI BARA  
STÓRLÆKKAD  
VERÐ!

...heldur fylgir öllum seldum tilboðsbílum 75.000 króna rafrænt gjafakort í Smáralind. Allt að **100% fjármögnun**.



VERÐDÆMI	TEGUND	ÁRGERÐ	EKINN	VERÐ	TILBOÐSVERÐ
Komdu til okkar og fáðu þér notaðan bíl á frábæru verði og þú færð jólagjafirnar í kaupbæti!	<b>OPEL Vectra 1.6GL</b>	1999	121 þús	890.000	<b>570.000</b>
	CHRYSLER Caravan	2005	5 þús	2.760.000	<b>2.380.000</b>
	<b>RENAULT Laguna</b>	1999	115 þús	780.000	<b>490.000</b>
	OPEL Zafira Comfort	2000	103 þús	1.180.000	<b>890.000</b>
	<b>KIA Sportage</b>	1997	91 þús	610.000	<b>390.000</b>
	OPEL Astra 1.2	2003	71 þús	890.000	<b>680.000</b>
	<b>SUBARU Legacy Outback</b>	1998	132 þús	990.000	<b>730.000</b>
	SUZUKI Vitara	1997	148 þús	590.000	<b>390.000</b>
	<b>OPEL Corsa 1.2 16V</b>	2000	98 þús	560.000	<b>390.000</b>
	OPEL Astra 1.2	2001	83 þús	730.000	<b>520.000</b>

Sjá nánari upplýsingar um tilboð á [www.ih.is/notadir](http://www.ih.is/notadir)

Notaðir bílar

Ingvar Helgason

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 [www.ih.is](http://www.ih.is)



Í SLIPP Queen Mary II, stærsta skemmtiferðaskip heims, sést hér sigla inn í slippkví þýsku skipasmíðastöðvarinnar Blohm & Voss í Hamborg í gær. Þar verður unnið að viðhaldi þess næstu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrsta umferð egypsku þingkosninganna fór fram í gær:

## Engin eftirgjöf hjá Mubarak

**KAÍRÓ, AP** Fyrsta umferð egypsku þingkosninganna fór fram í gær og var kjörsókn með skárra móti. Fáir virðast gera sér grillur um annað en að Þjóðarflokkur Mubarak forseta verði áfram með alla valdaþræði í höndum sér.

Egyptar eru ekki þekktir fyrir að fjölmenna á kjörstað enda telja flestir kosningarnar aðeins vera sjónarspil Hosni Mubarak forseta sem var endurkjörinn í september með yfirgnæfandi meirihluta – í enn eitt skiptið. Engu að síður töldu starfsmenn kjörstjórna að kjörsókn væri talsvert betri en í septemberkosningunum og þingkosningunum árið 2000 en í bæði skiptin kusu um

23 prósent atkvæðisbærra manna. Þá var lögregla vart sýnileg á kjörstöðum í gær en það þykir til marks um að Mubarak vilji láta líta út fyrir að umbætur hafi átt sér stað. Margir kjósendur kvörtuðu hins vegar yfir því að þeim hefði ekki verið heimilað að kjósa og einhverjar fregnir bárust af því að starfsmenn Þjóðarflokksins reyndu að kaupa atkvæði.

Í síðustu kosningum fékk Þjóðarflokkurinn 88 prósent atkvæða en nú er vonast til að stærsta stjórnarandstöðuhreyfingin, Bræðralag múslima, nái eitthvað að rétta sinn hlut. Næstu tvær umferðir fara svo fram 20. nóvember og 1. desember. - shg



KJÓSIÐ BRÆDRALAGIÐ Hosni Mubarak er sagður þola stjórnarandstöðu, svo fremi sem hún sé heldur veik.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HVERFAFUNDIR BORGARSTJÓRA 2005



## Borgarstjóri hlustar Vesturbær

Safnaðarheimili Neskirkju í kvöld kl. 20

### Ágæti íbúi



Hverfafundir eru kjörið tækifæri til að koma þínum skoðunum á framfæri við borgarstjóra. Þeir eru nauðsynlegur vettvangur samskipta milli borgarstjóra og íbúa. Hverfafundir eru árviss málþing um hagsmunamál íbúa og ég vona að þú sjáir þér fært að koma og ræða málin á fundi í þínu hverfi.

Komdu á hverfafund og segðu hvað þér finnst.

Með bestu kveðju

Þín skoðun skiptir máli

Nánari upplýsingar á: [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)



Borgarstjórinn í Reykjavík

Næsti hverfafundur: Miðborg  
Mánudagur 14. nóvember kl. 20 í Ráðhúsi Reykjavíkur

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ


## Telja sig utangarðs á nýju Háskólatorgi

Gunnar Karlsson prófessor segir hönnun Háskólatorgs vera höfnun fyrir fólk í hugvísindadeild. Hann hvetur samstarfsmenn til aðgerða og segir fyrirhuguð göng milli háskólatorga vera göng fyrir hagfræðinga á barinn.

**FRAMKVÆMDIR** „Okkur er nóg boðið og ég heiti á allt réttsýnt háskólafolk að leggja okkur lið við að stöðva þau mistök sem hér er stefnt að,“ segir Gunnar Karlsson, prófessor við hugvísindadeild Háskóla Íslands vegna fyrirhugaðs Háskólatorgs II.

Hann segir fólk í Hugvísindadeild hafa alvarlegar athugasemdir við hönnun torgsins. „Teikningin á Háskólatorgi II er kannski umfram allt táknrænn gerningur, gróf yfirlýsing um að við í hugvísindadeild séum og eigum að vera utangarðsfólk í háskólasamfélaginu; þetta er höfnun,“ segir hann.

Umrætt torg á að rísa á reitnum sem er milli húsanna Nýjagarðs og Árnagarðs en þar fer starfsemi hugvísindadeilar að mestu fram. Torgið mun tengja Odda, hús félagsvísinda-, hagfræði- og viðskiptadeildar, og Lögberg þar sem lögfræðideild hefur aðsetur sitt. „Við fögnuðum því að torgið yrði byggt á þessum stað enda töldum við að það myndi tengja hús þar sem starfsemi okkar fer fram en þess í stað á byggingin að rísa eins og múr á milli húsa deildarinnar þvert á helstu samgönguleið hugvísindadeildarfólks og ekki einu



TEIKNING AF HÁSKÓLATORGUM I OG II Göngin mynda vegg milli Árnagarðs og Nýjagarðs en tengja saman Odda og Lögberg. Á myndinni sjást göngin eins og brúngulur bjúgvörp.

sinni dyr á byggingunni eiga að snúa að húsum okkar deildar,“ útskýrir Gunnar. Hann leggur til að samið verði við hönnuði og verktaka um að teikna Háskólatorg II upp á nýtt og þá með tengingu við Árnagarð og Nýjagarð. Til að mæta aukakostnaði sem

af því hlýst vil hann að göng sem tengja eiga Háskólatorg I og II verði tekin út enda séu þau út í hött. „Með svolitlum ýkjum má segja að þetta séu göng fyrir hagfræðinga á barinn,“ segir Gunnar í bréfi sínu en Ingjalður Hannibalsson, formaður bygginganevndar, er einmitt hagfræðingur.

Ingjalður segir að samkvæmt teikningunum snúi dyr að Árnagarði og Nýjagarði og svo verði gönguleiðir milli bygginganna tveggja mun greiðari en áður. Hann segir að athugasemdirnar verði sendar hönnuðum og þeim gert að koma með tillögur hvernig verða megi við þeim. Endanlegar teikningar eiga svo að liggja fyrir snemma á næsta ári. Honum þykja núverandi teikningar ekki veða að hugvísindadeild. Hann vill engu svara ummælum Gunnars um að göng milli torga séu göng fyrir hagfræðinga á barinn. [jse@frettabladid.is](mailto:jse@frettabladid.is)



INGJALÐUR HANNIBALSSON



GUNNAR KARLSSON

Fyrirverandi forseti Perú snýr skyndilega úr fimm mánaða útleð í Japan:

## Fujimori áfram í varðhaldi

**CHILE** Alberto Fujimori, fyrirverandi forseti Perú, verður í varðhaldi í Chile eftir að lögmaður Fujimori fór fram á lausn hans úr varðhaldi en Fujimori var handtekinn við komuna þangað síðastliðinn mánuðag. Fujimori hafði dvalið í fimm ár í útleð í Japan en þar sem hann hefur einnig japanskt ríkisfang var framsal þaðan óhugsandi.

Forseti Perú, Alejandro Toledo, fagnar handtöku Fujimoris en ákærur bíða hans vegna langvarandi spillingar í tíu ára stjórnartíð

hans sem forseti Perú. Einnig er talið að hann verði saksóttur fyrir að hafa staðið að baki morðum á tugum uppreisnarmanna í landinu.

Fáir skilja hvað Fujimori gekk til með komu sinni til Chile. Hafði hann áður lofað að taka þátt í komandi kosningum í Perú í apríl á næsta ári þrátt fyrir ákærur þær er bíða hans þar og banni við að taka við nýju embætti í landinu til ársins 2011.


Yfirvöld í Perú hafa sextíu daga til að óska framsals Fujimoris.

**ÁFRAM Í HALDI** Alberto Fujimori fær ekki lausn úr fangelsi í Chile þangað til framsalskrafa hefur borist frá Perú.



## Nýr Hilux – Láttu reyna á 'ann

Frumskýning á laugardag



ÍSLENSKA AUGLÍSINGASTOFANIN HJALD 107 20148 11/2005

### Hilux - hinir sterkustu komast af

Hilux hefur fyrir löngu sannað sig við íslenskar aðstæður. Styrkurinn og aksturseiginleikarnir eru eins og hannaðir fyrir íslenskt umhverfi. Sprengisandur, Miklabraut, Hellisheiði, Krossá: honum eru allir vegir færir. Og þróunin heldur áfram. Nýr Hilux er kominn til landsins. Núna er hann bara betri. **Láttu reyna á 'ann!**

Verið velkomin á Nýbýlavegin laugardaginn 12. nóvember milli kl. 12 og 16.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**




# PARKET ÚTSALA

*í verslunum BYKO\**

**fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag!**

*\*allt úrvalið er í BYKO Breidd, minna úrval í öðrum verslunum!*



allt  
að

440%

afsláttur

af gegnheilu- og fjótandi  
parketi



BYGGIR MED ÞÉR

## „ORÐRÉTT“

Alveg nákvæmlega eins

„Selkjöt er hreint sælgæti. Það er ekkert flóknara en það.“

Guðmundur Ragnarsson, matreiðslumeistari og forsvarsmáður Sela-veislunnar í Hafnarfirði, á laugardag. Morgunblaðið.

Góðir menn

„Fulltrúar Akranes-kaupstaðar fóru á sínum forsendum og bæjarráðsmenn borguðu sjálfir fyrir eiginkonur sínar.“

Guðmundur Páll Jónsson, bæjarstjóri á Akranesi, um ferð bæjarstjórnarmanna til Englands í Fréttablaðinu.

nær og fjær  
**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SVERRIR HERMANNSSON, FYRRVERANDI ALÞINGISMAÐUR OG BANKASTJÓRI

## Kominn í úreldingu

„Ég hef það hreppandi eins og menn sögðu í Djúpunum hér áður. Það þýðir ekkert annað en að ég hef það sæmilegt en ekkert sérstaklega gott. Mínir dagar eru heldur rólegir enda aldur færst yfir og ég dunda mér einna helst við lestur bóka en gríp þó einnig í penna sjálfur annars lagið þegar mér blöskrar eitthvað sérstaklega mikið. Þá skrifa ég mig frá ólundinni sem um mig grípur en ég uni mér að öllu jöfnu hið besta.“

Sverrir liggur ekki á skoðunum sínum þegar talið berst að stjórnmálum og stjórnmálamönnum að venju og vandar fáum kveðjurnar. „Ég hef enn mikinn áhuga á pólitík og fylgist grannt með því sem fram fer þó segja megji að ég sjálf sé kominn í úreldingu. Það eru breyttir tímar í dag og ég er ekki frá því

að öld undanfarinna ára hafi létt eilítið með brotthvarfi ákveðinna manna. Fargi ofstjórnarinnar léttir svo til muna þegar forsætisráðherrann stígur niður en það verður að viðurkennast að rofað hefur til. Úrslitin í kjöri Sjálfstæðisflokksins voru að mörgu leyti jákvæð enda náði sá ekki fyrsta sæti sem olli því minnst. Ég undrast ummæli formanns Samfylkingarinnar að hún vilji inn í Evrópusambandið enda enginn annar sem hefur það sérstaklega á sinni stefnuskrá. Væntanlega er hún að stíga í vænginn við Halldór og Framsóknarflokkinn. Svo blöskrar mér orðið hvað það er orðið vinsælt að skoða öll mál. Allir virðast steinhættir að rannsaka nokkurn skapaðan hlut og allt er nú til skoðunar og lítið farið í kjölinn á málum.“

Sverrir hefur einnig áhyggjur af sam-

félaginu. „Ég óttast að unga fólk sé keypt hefur sér þak yfir höfuðið og tekið til þess 100 prósentá lán fái á baukinn þegar í bakseglin slær í loftfímleikum stórauðjöfranna. Ég var að fá vitneskju um það að húsið mitt kostar orðið 100 milljónir króna og ég hef áhyggjur af því hvar þetta endar allt saman.“



### SJÓNARHÓLL

STYTTING NÁMS  
TIL STÚDENTSÞRÓFS



IRIS DAVÍÐSDÓTTIR STJÓRN MÁLA-  
FRÆÐINGUR

## Fylgjandi styttingu

„Ég held að Íslenskir krakkar séu tilbúnir að taka fyrr ábyrgð á eigin lífi og þar með námi,“ segir Iris Davíðsdóttir, stjórn málafræðingur í fæðingarorlofi, um mótmæli kennara nokkurra menntaskóla gegn þeim áformum stjórnvalda að stytta nám til stúdentsþrófs úr fjórum árum í þrjú.

Iris er því fylgjandi styttingu námsins en skilur engu að síður áhyggjur kennaranna sem fyrst og fremst telja aðferðir menntamálaráðherra rangar en leggja ekki gegn endurskipulagningu skólagöngunnar allrar.

„Mér finndist reyndar synd að sjá á bak bekkjarkerfinu,“ segir Iris sem sjálf varði menntaskólaárunum í slíku kerfi í Verslunarskólanum. „Bekkjarkerfið skapaði skemmtilega stemningu,“ segir hún en árettar um leið að treysta beri ungmennum fyrir eigin framtíð.

## Ljóðið lifir í Írak

Íraskir dagar verða haldnir á Ísafirði á morgun og laugardag. Aðstandendur þeirra segja nóg komið af kynningum á þjóðum sem Íslendingar þekkja mæta vel og vilja víkka sjóndeildarhring landsmanna.

„Við vitum sorglega lítið um Írak þrátt fyrir að landið hafi verið jafn mikið í fjölmiðlum og raun ber vitni. Öll umfjöllunin hefur hins vegar snúist um stríð. Þetta er ein elsta menningarþjóð heims og sjálfsagt að kynna menningu hennar fyrir Íslendingum,“ segir Eiríkur Örn Norðdahl, skáld og blaðamaður, sem stendur að írösku dögum ásamt fleirum.

Þegar ákvörðunin lá fyrir lagðist Eiríkur í rannsóknir á íraskri menningu og beindi sjónum sérstaklega að ljóðlist. „Það er mikil ástríða og boðskapur í íröskum ljóðum og ólíkt því sem gerist á Vesturlöndum eru ljóð mjög vinsæl í Írak og skáldin þekkt meðal almennings,“ segir Eiríkur sem þekkir stöðu íslenskra ljóðskálda mæta vel enda hefur hann skrifað góðan slatta af ljóðabókum í gegnum árin. Ljóðið lifir því góðu lífi í Írak.

Þó að bókasafnið á Ísafirði sé gott er þar lítið að finna af íröskum bókmenntum og kom netið því að góðu gagni. Eftir talsvert grúsk fann Eiríkur verk nokkurra öflugra íraskra skálda á ensku og hefur þýtt brot þeirra yfir á íslensku til flutnings á írösku dögum. Upp úr honum renna nöfn á borð við Fadhil al-Nazzawi, Nazik al-Mala'ika, Abdul Wahab al-Bayati, Salah Niazi og Hashem Shafiq og fá áheyrendur að heyra hvernig þessi írösku skáld beisla hugsanir sínar í bundið mál.

Ekki verður einungis boðið



HALDA FÁNA ÍRAKS Á LOFTI Eiríkur Örn Norðdahl og Hálfdán Bjarki Hálfánsson standa að íröskum dögum á Ísafirði á morgun og laugardag. Meðal annars verða flutt írösk ljóð og boðið upp á íraskan mat.

upp á næringu andans á íröskum dögum, maginn fær líka sitt. „Við verðum með súpu á föstudagskvöldið og mikla matarveislu á laugardaginn,“ segir Eiríkur en enn og aftur kom netið að góðum notum þegar hafa þurfti upp á uppskriftum. Kanill er lykil krydd í flestum íröskum mat og heppilegt að nóg er til af honum í ísfrískum matvöruverslunum.

Enginn Íraki býr á Ísafirði en Eiríkur og félagar reyndu að bjóða íraka, búsettum á höfuðborgarsvæðinu, til hátíðarinnar. Þau áform fóru út um þúfur og verða Ísafirðingar því írakslausir á írösku dögum. Þjóðfáni

þessarar miklu menningarþjóðar verður þó dreginn að hún ásamt íslenska fánanum og þjóðsöngvar beggja þjóðanna leiknir. Aðstandendur búast við fjölmenni enda talsverður áhugi á Ísafirði fyrir menningu annarra þjóða. Sérstakar þjóðahátíðir eru jafnan vel sóttar og mikið fjór var á kúbönskum dögum fyrir nokkrum misserum.

Írösku dagarnir verða settir á Silfurtorgi klukkan fimm á morgun og annað kvöld verður boðið upp á súpu á Langa Manga. Matar- og menningarveisla verður svo í Edinborgarhúsinu á laugardag.

bjorn@frettabladid.is



TEKIÐ Á ÞVI Keppendur í fitness-mótinu þurfa meðal annars að bruna upp neta-stíga á sem skemmtum tíma.

## Íslandsmótið í fitness 2005: Kroppasýning í Mosfellsbæ

Íslandsmótið í fitness hefst að Varmá í Mosfellsbæ í kvöld með svokölluðum samburði. „Konurnar koma fram á bikiníum og karlarnir á skýlum og dómararnir vege og meta allan líkamann, massa, samræmi og skurð,“ segir Andrés Guðmundsson mótshaldari. Á laugardag heldur mótið svo áfram í Laugardalshöllinni þar sem keppt verður í braut. Þar gildir hið fornkvæða að sá vinnur sem kemur fyrstur í mark. Tíu karlar og átta konur keppa á mótinu að þessu sinni og býst Andrés við spennandi keppni. „Nýtt fólk er að koma inn í greinina, gömlu refirnir eru í smá hvíld þannig að þetta verður hörku skemmtilegt.“

Meistararnir frá í fyrra, Arnar Grant og Freyja Sigurðardóttir, eru til dæmis í pásu og því ljóst að nýir meistarar verða krýndir.

Auk íslensku keppendanna taka dönsku fitness-meistararnir þátt sem gestir og segir Andrés þá bera nokkurn ugg í brjósti því sögur af erfiðri braut hafa borist þeim til eyrna. Hljómsveitin Í svörtum fötum mun halda uppi fjörinu í Laugardalshöllinni á laugardag en dúndrandi lifandi rokktonlist á vel við taktfastar hreyfingar keppenda í þrautunum.

Eitt þúsund manns fylgdist með mótinu á síðasta ári og reiknar Andrés með enn fleiri áhorfendum í þetta sinnið.



# Heimilistækjadagar!

Í nokkra daga býður Byggt og búið heimilistæki á ótrúlegum kjörum

Allt að 50% afsláttur!

vöflujárn • straujárn • samlokugrill • hraðsuðukönnur • hrærivélar

George Foreman heilsugrill • hárbلاسarar • brauðristir • blandarar • krullujárn • örbylgjuofnar

handdryksugur • handpeytarar byggto**gbúið** kaffivélar • ísskápar o.fl. o.fl. o.fl.

Kringlunni  
Smáralind 568 9400  
554 7760

Heimilistækjabúðin þín!



invent

# Þarft ekkert annað!



HP Photosmart 7450



HP Photosmart M22

**HP ljósmyndaprentari og stafræn myndavél fylgir með HP Pavilion Photosmart borðtölvu-tilboðum í nóvember\***

## HP Pavilion Photosmart t845

Intel Pentium 4 2,93Ghz örgjörvi  
512MB DDR vinnsluminni  
ATI Radeon X300 128MB skjá kort  
200GB harður diskur  
Sjónvarps- og útvarpskort  
Fjarstýring  
lightScribe DVD skrifari  
16x DVD drif  
Þráðlaust netkort 802.11g/b  
Minniskortalesari 9 í 1  
**17" flatur skjár**  
Windows XP Home stýrikerfi  
2ja ára neytendaábyrgð

- Sjónvarps-kort og fjarstýring
- Þráðlaust netkort 802.11g
- Minniskortalesari 9 í 1
- lightScribe dual layer DVD skrifari

**Verð kr. 129.900**

## HP Pavilion Photosmart t880

Intel Pentium 4 3,4Ghz örgjörvi  
1GB DDR vinnsluminni  
nVidia GeForce 6600 256MB skjá kort  
Tveir 200GB harðir diskur  
Sjónvarps- og útvarpskort  
Fjarstýring  
lightScribe DVD skrifari  
16x DVD drif  
Þráðlaust netkort 802.11g/b  
Minniskortalesari 9 í 1  
**19" flatur skjár**  
Windows XP Home stýrikerfi  
2ja ára neytendaábyrgð

- Sjónvarps-kort og fjarstýring
- Þráðlaust netkort 802.11g
- Minniskortalesari 9 í 1
- lightScribe dual layer DVD skrifari
- 400GB diskapláss

**Verð kr. 189.900**

\* Gildir meðan birgðir endast

Opin kerfi ehf. er eini viðurkenndi innflutnings-, sölu-, og þjónustuaðili á tölvubúnaði frá HP á Íslandi og er í nánú samstarfi við sölu- og þjónustuaðila um land allt.

**Verslaðu aðeins hjá viðurkenndum HP söluaðila:**


[www.fartolvur.is](http://www.fartolvur.is)

HP Búðin	Reykjavík	sími: 568 5400	Samhæfni	Reykjanesbær	sími: 421 7755
Office 1	Reykjavík	sími: 550 4100	Stefna	Akureyri	sími: 464 2288
Office 1	Kópavogur	sími: 550 4140	Netheimar	Ísafirði	sími: 456 5006
Office 1	Akureyri	sími: 550 4150	NetX	Egilsstaðir	sími: 471 2011
Office 1	Egilsstaðir	sími: 550 4160	NetX	Reyðarfirði	sími: 474 1511
Tölvuþjónustan	Akranes	sími: 575 9200	TRS	Selfoss	sími: 480 3300



## SVONA ERUM VIÐ

> FJÖLDI GESTA Á HÓTELUM Á ÍSLANDI Í SEPTEMBER



# baksvið

fréttir og fróðleikur


## FBL-GREINING: HARRY POTTER ÆVINTÝRIÐ HELDUR ÁFRAM

## Sjötta bókin um galdradrengrinn kemur út

Íslenskir aðdáendur Harry Potter bíða þess í ofvæni að laugardagurinn 12. nóvember renni upp því þá hefst sala á íslenski þýðingu sjöttu bókarinnar um ævintýri galdradrengrsins. Heitir hún Harry Potter og Blendingprinsinn.

### Hvers vegna er Harry Potter svona vinsæll?

Ætla má að vinsældir Harry Potter séu spröttur af nokkrum þáttum. Einn þeirra er ótrúleg saga höfundarins sjálfs, J. K. Rowling, sem bjó við kröpp kjör í Edinborg þegar hún skrifaði ævintýrin og er nú sögð ríkari en sjálf Englandsdrottning. Annar þáttur, og vitaskuld sá veigamesti, er hin magnaða veröld og mikla saga sem



Rowling hefur skapað og höfðar jafn vel og raun ber vitni til lesenda á öllum aldri. Þriðji þátturinn er svo markaðssetning bókkanna en útgefendur hafa brugðist á ýmis ráð til að skapa spennu og eftirvæntingu við útkomu hversar bókar fyrir sig. Nægir í því sambandi að nefna opnun gámsins á hafnarbakkanum í Reykjavík í gær þar sem fyrstu bækurnar af Harry Potter og Blendingprinsinum komu til landsins.

### Hefur Harry Potter leitt eitthvað gott af sér?

EKKI er deilt um mikilvægi lesturs og lestrarkunnáttu og þeir sem til þekkja fullyrða að Harry Potter hafi aukid áhuga fjölmarga á bókmenntum. Rannsóknir sýna að bóklestur barna og unglunga fer minnkandi en talið er að Harry Potter hafi dregið úr þeirri miður góðu þróun. Á meðan ungmenninn bíða eftir næstu Harry Potter bók grípa þau í eitthvað annað enda úrvalið af góðum bókmenntum fyrir börn og unglunga gott.

## SPURT &amp; SVARAÐ

BIFREIÐATRYGGINGAR

## Tjón ekki bætt í stríði

Í þeim óeirðum sem brostið hafa á í Frakklandi upp á síðkastið hafa þúsundir bifreiða brunnið. Þetta er augljós skaði fyrir þá sem eiga bílana og ekki síður höfuðverkur fyrir viðkomandi tryggingafélag. Sumarliði Guðbjörnsson er deildarstjóri bifreiðatjóns hjá Sjóvá-Almennum tryggingum.



SUMARLIÐI GUÐBJÖRNSSON  
Deildarstjóri hjá Sjóvá-Almennum.

**HVERS KONAR SKILMÁLAR GILDA UM ÓEIRÐIR?** Það eru ákveðin ákvæði sem tilgreina að tjón sem verði í stríðsástandi eða af náttúruhamförum og slíku sé ekki hægt að bæta. Þetta mun vera misjafnt eftir fyrirtækjum og erfitt að segja hvað getur átt við um þetta undarlega ástand í Frakklandi.

**HVERNIG ER ÞETTA HÉR HEIMA?** Ef eitthvað svona lagað kæmi upp hér á landi kæmi það í hlut tryggingafélaganna að greiða fyrir tjón á kaskótryggingum bílum.

**FÆ EG BÍLINN MINN BÆTTAN?** Þeir sem ekki eru í kaskó sitja uppi með sitt tjón vegna þess að venjuleg ábyrgðartrygging tryggir bara það tjón sem valdið er á öðrum. Svo eru mismunandi skilmálar hjá fyrirtækjum um í gildi.

# Fjórða hvert sveitarfélag í landinu eyðir meiru en það aflar

Afkomu sveitarsjóða á Íslandi virðist fara heldur batnandi eftir bága stöðu um langt árabil. Engu að síður er um fjórðungur sveitarfélaga í landinu enn með neikvætt handbært fé frá rekstri, sem þýðir að eyðslan er meiri en tekjurnar.

Fjárhagur sveitarfélaga á Íslandi hefur smám saman farið batnandi á síðustu árum eftir að hafa verið erfiður um allan langt skeið. Fyrstu merki um augljósan bata komu fram í skýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2003 og 2004 og nýjustu tölur benda til þess að þessi þróun haldi áfram á yfirstandandi ári. Fjallað verður um fjármál sveitarfélaga á ráðstefnu sem hefst á Hótel Nordica í dag.

Fyrst og fremst er það batnandi fjárhagur stóru sveitarfélaganna sem vegur þyngst í þessum efnun Fjárhagur margra minni sveitarfélaga hefur hins vegar ekki batnað að sama skapi að sögn Gunnlaugs A. Júlíussonar hagfræðings og sviðsstjóra hag- og upplýsinga- sviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. „Það er klárt að fjárhagur

sveitarfélaganna er almennt að batna. Við sáum það strax í fyrri að rekstur þeirra var víðast betri en hann var 2003. Aðalbreytingin sem við sjáum er sú að reksturinn fer batnandi víðar en á höfuðborgarsvæðinu. Það alvarlega í stöðunni er þó sú staðreynd að fjórðungur allra sveitarfélaga í landinu er með neikvætt handbært fé frá rekstri, sem þýðir á mannamáli að þar eyða menn meira fé í dagleg útgjöld en tekjur hrökkva fyrir,“ segir Gunnlaugur.

### Sala eigna ekki óeðlileg lausn

Hann segir að staðan sé einna verst í minni og millistórum sveitarfélögum á landsbyggðinni, en þó skiptir miklu máli hvar á landinu þau eru staðsett. „Sveitarfélögin sem liggja nær höfuðborgarsvæðinu standa almennt mun betur en þau sem liggja fjær, að undanteknum Mið-Austfjörðum sem eru í sérstökum flokki í ljósi alls sem er að gerast í atvinnulífi þar.

En sveitarfélög sem mörg hver hafa verið að stækka á undanföllum árum og samanstanda til dæmis af nokkrum misstórum þorpum og dreifbýli eru í hvað lakastrí stöðu sýnist mér. Þar veldur mestu að þetta eru samfélög sem vilja og þurfa að halda úti góðri þjónustu fyrir íbúana og hún er einfaldlega dýr. Mörg þeirra hafa neyðst til að grípa til þess úrræðis að selja eignir til að grynna á skuldum,“ segir Gunnlaugur og nefnir sölu margra sveitarfélaga á vatns- og hitaveitum sínum á undanföllum árum sem dæmi um þetta. Nú síðast seldu Ólafsfirðingar hitaveitu bæjarins til að laga skuldastöðu bæjarfélagsins.

„Þetta er lausn sem ekki er óeðlilegt að forsvarsmenn bæjarfélaga grípi til, maður getur spurt sig hvað venjulegt fólk myndi gera í sams konar stöðu þegar skuldastaðan er orðin óviðunandi. Þá selja menn auðvitað eignir. En því má ekki gleyma að þessar eignir eru eftir sem áður hluti af þessum bæjarfélögum og halda áfram að veita þjónustu og skapa atvinnu,“ segir Gunnlaugur.

### Um tíu prósentu launahækkun

Í áðurgreindri skýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir rekst-



FRÁ FJÁRDABYGGÐ Þrátt fyrir háar skuldir sveitarfélagsins og því lítið eigið fé, búast sveitarstjórnarmenn við mikilli uppbyggingu og því verði til fyrir skuldunum þegar að eindaga kemur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ur sveitarfélaga 2003-2004, kemur fram að heildartekjur sveitarfélaganna voru ríflega 100 milljarðar króna 2004 og jukust um sjö af hundraði frá árinu áður.

Skatttekjur jukust um ríflega sex prósent en aðrar tekjur um tæplega tíu af hundraði. Rekstrar- niðurstaða sveitarfélaganna var metin jákvæð um nærri þrjú milljarða króna að teknu tilliti til fjármagnsliða, á móti 1,2 milljörðum árið áður. Heildargjöld sveitarfélaga árið 2004, með afskriftum en án fjármagnsliða, voru rétt tæpir 100 milljarðar og jukust um rúmlega fimm prósent frá 2003.

„Þar sem áhrifa þenslunnar gætir hafa þau skiljanlega mikið að segja um afkomu sveitarfélaga. Hækkandi fasteignaverð breytir málum til dæmis verulega, herra fasteignaverð þýðir meiri skattar, sem hefur í för með sér að sveitarfélagið fær meiri útsvarstekjur. Aukin spurn eftir starfsfólki þýðir hærri launagreiðslur, meira vinnu- magn og þar með hærri útsvarstekjur,“ segir Gunnlaugur.

Og hann hefur nýjar tölur sem sýna launaþróun í landinu síðustu misseri. „Við bárum saman heildarrauntekjur í landinu fyrstu sex mánuði ársins 2004 og sömu mánuði á þessu ári og niðurstaðan sýnir að

laun hafa hækkað um 10 prósent að meðaltali milli þessara tveggja tímabila. En ég verð að benda á að þetta er meðaltal yfir landið og þessara launahækkana gætir alls ekki alls staðar.“

### Ekki fjárhagslegur ábati af sameiningu

Mikið hefur verið unnið í sameiningu sveitarfélaga á undanföllum árum og iðulega hefur því verið haldið fram að mesti ávinningurinn af sameiningu sé sparnaður. Gunnlaugur segir þetta vissulega eiga við á ýmsum sviðum svo sem í stjórnsýslu.

„Sparnaður á einstökum sviðum getur þó líka haft aukin útgjöld í för með sér. Sameiningar sveitarfélaga hafa fyrst og fremst það í för með sér að þjónusta við íbúa hefur batnað, sérstaklega þar sem þéttbýli og dreifbýli hafa sameinast. En í heildina séð leiðir sameining sveitarfélaga ekki af sér neinn sérstakan fjárhagslegan ábata, því kostnaður við aukna þjónustu vegur oftast upp á móti,“ segir Gunnlaugur Júlíusson.



FRÉTTASKÝRING  
SIGURÐUR ÞÓR SALVARSSON  
ssal@frettabladid.is

# DV

ÁSTA MÖLLER ER VARAFORMAÐUR HEILBRIGÐISNEFNDAR

# ÞINGKONA MALAR GULL A NEYÐ SJUKLINGA

Steinunn borgaði  
aukalega fyrir  
hjúkrun föður síns



þeirir þegar aðrir þegja!

### HELSTU STÆRÐIR ÚR ÁRSREIKNINGUM A-HLUTA NOKKURRA SVEITARFÉLAGA 2004

Sveitarfélag	Tekjur*	Eignir*	Skuldir og skuldbindingar*	Eigið fé*	Íbúafjöldi
Reykjavíkurborg	37.401.193	86.016.342	49.926.840	36.089.502	113.387
Kópavogsbær	8.768.300	18.635.671	11.069.374	7.566.297	25.291
Seltjarnarnesbær	1.583.152	2.701.673	1.067.426	1.634.248	4.566
Garðabær	2.906.804	7.489.351	4.068.444	3.420.907	8.863
Hafnarfjarðarbær	7.147.023	13.949.600	12.040.806	1.908.794	21.190
Mosfellsbær	2.149.476	4.164.991	3.403.040	761.951	6.573
Reykjanesbær	3.560.276	8.247.050	4.745.740	3.501.311	10.907
Akraneskaupstaður	1.907.398	5.207.079	2.180.404	3.026.675	5.582
Bolungarvíkurkaupstaður	327.045	709.772	343.157	366.615	944
Ísafjarðarbær	1.547.900	2.704.048	1.700.369	1.003.679	4.127
Akureyrarbær	6.174.736	13.696.105	8.492.581	5.203.524	16.048
Ólafsfjarðarbær	367.609	445.814	742.054	-296.240	994
Fjarðabyggð	1.211.783	2.507.790	2.494.073	13.717	3.110
Vestmannaeyjabær	1.626.135	2.738.471	2.931.064	-192.591	4.349
Sveitarfélagið Árborg	2.084.983	3.730.148	2.869.450	860.698	6.326
Bláskógabyggð	419.121	514.081	326.892	187.189	905

\* í þúsundum króna





# 600 sæti á 6000 kr.\*

## með e-korti og Iceland Express til eða frá London!

e-kortið tekur flugið með Iceland Express til London á einungis 6000 kr. með sköttum, aðra leiðina. 600 flugsæti bjóðast e-korthöfum á þessu verði og gildir tilboðið fyrir ferðir sem bókaðar eru vikuna **10. til 17. nóvember** og greiddar eru með e-kortinu. Tímabil ferðanna sjálfra er frá **18. nóvember til 18. janúar** næstkomandi. Til þess að tryggja þér flugfar á þessu frábæra verði skaltu bóka fljótt á vefslóðinni [www.ekort.is/icelandexpress](http://www.ekort.is/icelandexpress). Góða ferð!



- e-korthafar fá 2,5% af viðskiptum við Iceland Express endurgreidd, auk fastrar 0,5% endurgreiðslu af öllum innlendum viðskiptum!
- Bókaðu núna á [ekort.is/icelandexpress](http://ekort.is/icelandexpress), hringdu í Iceland Express í síma 5500 600 eða kíktu við á skrifstofu flugfélagsins í Grímsbæ við Bústaðarveg.
- Þú getur sótt um e-kortið á [www.ekort.is](http://www.ekort.is).

**\*með sköttum  
aðra leið**

**Iceland Express**   
[www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

**e kort**  
[www.ekort.is](http://www.ekort.is)

# Lækna genin með heilun

Sigurbjörg Jóna Traustadóttir og Anna Bjarnadóttir fara út fyrir líkamann, upp til almættisins og gefa þar skipun um lækningu á sjúkdómum með breytingu á genum. „Aðalmálið er að trúna og treysta,“ segja þær.

DNA-heilun, eða theta-heilun, byggist á því að nota hugarorku til að fara út fyrir tíðnisviðið og gefa þar skipun um lækningu eða endurröðun á genum. Allt er hægt að lækna, hvort sem það eru viðhorf eða ættgengir sjúkdómar. Heilarar segja að vel heppnuð DNA-heilun skili sér til afkomendanna, hvort sem þeir eru þegar fæddir eða ekki.

Heilunin byggist á því að meðferðaraðilinn róar hugann og fer markvisst í theta-ástand sem er ástandið sem allir fara í mitt á milli svefnis og vöku. Heilarinn tekur alla orku frá ljum og leiðir hana upp í gegnum líkamann og hvirfilinn út fyrir líkamann upp í efsta ljós alheimsins eða eins langt og hann kemst með vitundina. Þar tengir hann sig við almættið og setur fram skipanir um það hvern og hvað eigi að lækna.

Vel þjálfaður heilari segist geta komist í theta-ástand á mjög skömmum tíma. Hann notar snertingu til að tengja sjálfan sig og sjúklinginn og komast í þetta ástand. Með snertingu gengur þetta ferli hraðar og betur, líkaminn og hugurinn róast betur og viðkomandi slakar betur á. Snerting er samt ekki nauðsynleg. Einnig er hægt að komast í theta-ástand án snertingar.

Sigurbjörg Jóna Traustadóttir og Anna Bjarnadóttir reka saman heilunarstöðina Hugveisluna að Stórhöfða 33 í Reykjavík. Þær hafa lagt stund á DNA-heilun með reiki og annarri heilun frá því í vor og báðar stefna þær að því að öðlast kennararéttindi næsta vor. Þær vinna ýmist hvor í sínu lagi eða til að geta tekið við heiluninni og náð bata þurfi þiggjandinn sjálfur að trúna og treysta á heilunina. Heilarinn fer í theta-ástandið upp í uppsprettu alls sem er. Þar framkvæmir heilari skipun um heilun, upphátt eða í hljóði, og horfir síðan á eftir orkunni inn í vitund og líkama viðkomandi og fylgist með því að heilun eigi stað.

Sigurbjörg og Anna segja að til að geta tekið við heiluninni og náð bata þurfi þiggjandinn sjálfur að trúna og treysta á heilunina. Heilarinn fer í theta-ástandið upp í uppsprettu alls sem er. Þar framkvæmir heilari skipun um heilun, upphátt eða í hljóði, og horfir síðan á eftir orkunni inn í vitund og líkama viðkomandi og fylgist með því að heilun eigi stað.



**FARA Í THETA-ÁSTAND TIL AÐ BREYTA GENUM** Sigurbjörg Jóna Traustadóttir og Anna Bjarnadóttir leggja stund á DNA-heilun. Þær segja að með heiluninni sé hægt að breyta viðhorfum og lækna arfgenga sjúkdóma, jafnt hjá þiggjandanum sem afkomendum hans. Hér eru þær í theta-ástandi með þiggjanda á bekknum. Þiggjandinn þarf að trúna og treysta á heilunina til að hann verði heill á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Aðalmálið er að fá viðkomandi til að trúna því sem er að gerast, ekki ósvipað daleiðslu. DNA-heilunin byggist alfarið á því að þiggjandinn trúi og treysti því að hann geti orðið heill. Heimurinn er orðinn þannig að allt sem maður biður um fær maður,“ segja þær.

Misjafnt er hversu mörg skipti þarf til að verða heill. Stundum þarf þiggjandinn bara að koma

einu sinni. Stundum þarf hann að koma aftur eftir nokkra mánuði þannig að leita megi að orsökinni og vinna bug á henni. Ef þiggjandinn verður veikur fyrir síðar í lífinu, til dæmis andlega eða tilfinningalega, þá getur sjúkdómurinn blossað upp aftur.

Í öllum tilvikum gildir samt sú regla að þiggjandinn verður að vilja bata og verður að trúna og

treysta til að öðlast hann. „Fólk þarf sjálft að vilja þetta. Við getum tekið burt verkina en fólk þarf sjálft að vilja laga rót vandans,“ segja Sigurbjörg og Anna.



FRÉTTASKÝRING  
GUDRÚN H. SIGURDARDÓTTIR  
ghs@frettabladid.is

## Vianna Stibal Þróaði DNA-heilun

Vianna Stibal er upphafsmaður DNA-heilunar. Hún greindist með beinkrabbamein árið 1995 og styttist fótur hennar um þrjú sentimetra. Allt benti til þess að hún myndi missa fótinn og að krabbameinið myndi smám saman breiðast út um allan líkamann þegar hún ákvað að taka ráðin í sínar hendur.

Vianna segir frá því í bók um reynslu sína og kenningar, Farðu upp og starfðu með Guði, að hún hafi farið út úr sjálfri sér í gegnum hvirfilstöðina, beðið til guðs og skipað síðan heilun á sjálfri sér. Beinkrabbameinið lagðist nánast samstundis og fóturinn náði fyrir lengd. Vianna á þetta skjalfest.

Vianna hefur komið hingað til lands til að halda námskeið í DNA-heilun. Hún kennir grunninn og þróar síðan hver heilari sína eigin aðferð út frá grunninum sem hún gefur.



**HEILUNARSTEINAR** Grunnurinn að bata í gegnum heilun er að sjúklingurinn vilji bata og trúi og treysti einlæglega á meðferðina. Í sumum tilfellum heilunar eru steinar notaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Um 50 heilarar að störfum

Talið er að um 70-80 Íslendingar hafi lært DNA-heilun en aðeins um fimmtíu stunda DNA-heilun sem atvinnu hér á landi. Hinir nota kunnáttuna fyrir sjálfa sig að talið er.

Engin föst gjaldskrá er til en búast má við að tíminn kosti um 4.000 krónur. Ef heilarnir eru tveir tvöfaldað gjaldið og á virkinn þá að verða mun meiri. Miðað við að heilari taki á móti fimm þiggjendum á dag getur hann haft um 400 þúsund krónur í tekjur á mánuði.

Misjafnt er hversu marga tíma þarf til að ráða bug á vandanum. Grunnurinn er sá að sjúklingurinn vilji bata og trúi og treysti einlæglega á meðferðina. Stundum þarf þiggjandinn að koma allt að tíu sinnum. Meðferð getur tekið allt upp í tíu ár.

DNA-heilun stendur enn sem komið er fyrir utan félagsskap heilara og græðara. Vianna Stibal hefur kennt DNA-heilunina hér á landi ásamt þeim Birnu Smith og Eldey Huld Jónsdóttur.

**BEYGLUBAKKI**  
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING\*

\*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.  
Nánari upplýsingar á **somi.is**

**SÓMI**

# Fólk er haft að féþúfu

Sigurður Guðmundsson landlæknir segir DNA-heilun skottulækningar af klassískri gerð. Ekki sé hægt að lækna sjúkdóma með DNA-heilun en með slíkum loforðum sé verið að vekja falskar vonir.

Sigurður Guðmundsson landlæknir segir ekki heila brú í því að hægt sé að laga viðhorf og lækna sjúkdóma með DNA-heilun, lýsingin á henni gangi gegn allri þekkingu, bæði í almenntri líffræði og samsetningu DNA og RNA, og standist hreinlega ekki. Það gildi einu hvort um sé að ræða breytingu á viðhorfum eða lækningu á líkamlegum kvillum.

„Þeir sem halda fram að með þessu sé hægt að bæta heilsu og lækna sjúkdóma, allt frá smærri kvillum í alvarlega sjúkdóma, eru að slá ryki í augu fólks og vekja falskar vonir. Það er alvarlegt mál, sérstaklega þegar um er að ræða fólk með alvarlega sjúkdóma,“ segir Sigurður.

Stór hluti sjúklinga, þar á meðal um 90 prósent Íslendinga með krabbamein, leitar í óhefðbundnar lækningar. Sumar aðferðir óhefðbundinnar meðferðar segir Sigurður að séu gagnlegar, sérstaklega þær sem lúta að návist og nærvist, samhygd og snertingu en hann telur fáránlegt að hægt sé að breyta

genum með heilun.

„Í DNA-heilun er verið að stíga skrefið miklu lengra en í öðrum óhefðbundnum lækningum og beinlínis að halda fram ósannindum. Ef gjöld eru tekin fyrir þessa meðferð þá er verið að hafa fólk að féþúfu á



**SIGURÐUR GUÐMUNDSSON LANDLÆKNIR** Sigurður telur að DNA-heilarar séu að slá ryki í augu fólks með yfirlýsingum um að geta læknað sjúkdóma. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

fólkskum forsendum og þá er þetta klassísk skilgreining á skottulækningum. Ég vara fólk við að setja pening í þetta. Það er margt annað sem gagnast betur,“ segir hann og telur að varla trúi nokkur maður því að heilarar geti endurraðað erfðaeftirinu.

Sigurður telur að ekki sé heldur hægt að lækna neikvætt viðhorf eða breyta viðhorfum með því að hafa áhrif á erfðamengið. Hægt sé að breyta uppbyggingu erfðaeftirins með erfðalækningum og setja þá inn nýja búta af nýju DNA inn í erfðamengi þess sem þjáist af sjúkdómi en enginn hafi verið læknaður til langtíma með slíkum aðferðum.

Starfsmenn Landlækniseðisins hafa ekki skoðað starfsemi þessarar nýju stéttar DNA-heilara. Sigurður kveðst hafa rekist á síðu um DNA-heilun fyrir nokkrum mánuðum. Vel komi til greina að skoða þessa starfsemi nánar ef verið sé að féfletta fólk. Það verði þá gert með tilliti til laga um skottulækningar.

# Ótrúlegt verð á jeppadekkjum

Hágæða ónegld og negld vetrardekk.  
Mikið skorin með grófu munstri og nöglum sem  
henta vel í snjó og hálfu.

## Dekkjastærðir

### Jeppadekk

Stærðir	Ónegld	Negld
205/75R15	8.999,-	10.999,-
235/75R15	9.999,-	11.999,-
30X9,50R15	9.999,-	11.999,-
31X10,50R15	10.999,-	12.999,-
32X11,50R15	12.999,-	14.999,-
33X12,50R15	13.999,-	15.999,-
35X12,50R15	14.999,-	16.999,-
225/70R16	10.699,-	12.699,-
235/70R16	10.999,-	12.999,-
255/70R16	12.999,-	14.999,-
265/75R16	13.999,-	15.999,-
265/70R17	13.999,-	15.999,-

## Vaxtalausar raðgreiðslur

Vaxtalausar raðgreiðslur í allt  
að 8 mánuði fyrir hvern umgang  
(4dekk) af jeppadekkjum. \*

Dæmi: 4 stk. 35" negld jeppadekk  
á aðeins 8.499 kr. á mánuði í 8  
mánuði.

ATH: gildir aðeins um heila  
umganga.

\*Stimpil og lántökugjöld ekki innifalin.

## Afsláttarmiði

Chaparral Jeppadekk [www.vdo.is](http://www.vdo.is) SUNNY Fólksbíladekk  
Gegn framvisun þessa miða fæst umfelgun  
á fólksbil á aðeins kr 3.999,-  
Hjá VDO Borgardekk

VDO Borgardekk Fjnt og góð þjónusta Borgartún 36 s:588-9747


Gildir á meðan birgðir endast.

# HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

## ÚTJÖLDIN

> Verð á þvottavélum, 4,5-5,0 kg, miðað við verðlag á öllu landinu.



# neytendur

hagur heimilanna

## NEYTANDINN: MAGNÚS KJARTANSSON TÓNLISTARMAÐUR

## Rándýra Leslie-ið var handónýtt

„Sko, maður gerði oft fljótfærnisvitleysur þegar maður var að skipta á hasarblöðum í gamla daga“, svarar Magnús Kjartansson tónlistarmaður spurður um verstu kaupin sem hann hefur gert um dagana. „En sem alvöru kaup verð ég líklega að segja að það hafi verið Leslie sem ég keypti úti í Bretlandi í gamla daga,“ bætir hann við í bragði. Til skýringar ber að geta þess að Leslie þetta er fyrirbæri sem notað var með



Hammond-orgelum og jókst virðing orgelleikara eftir því hvað Leslie-ið þeirra var flott og öflugt. „Þetta sem ég keypti átti að vera heimasmiðað og þeim tókst að ljúga því að mér að þetta væri stórmerkilegur gripur. En það reyndist síður en svo merkilegt, ég man að ég starði á þetta fyrirbæri í marga mánuði, hafandi eytt aleigunni í þetta, og það virkaði engan veginn,“ segir Magnús. Á þessum tíma var hann í vinsælastu popphljómsveit landsins, Trúbroti, og þetta var ekki gott fyrir mynd stjörnuopparans. „Þetta setti mig í ömurlega stöðu, ég var að reyna að fylla skarð Kalla Sighvats í bandinu, og það heppnaðist svona ægilega illa; kom illa út fyrir bandið, eins og við sögðum á þessum tíma,“ segir Magnús og dæsir við upprifjunina.

Hann kætist þó á ný þegar hann rifjar upp bestu kaupin um dagana. „Ætli það hafi ekki verið húsi mitt,“ segir hann stoltur. „En ég fékk náttúrulega bestu kaupin í konunni minni, en um það má deila hvort það eru kaup eða ekki,“ bætir hann við hugsni. „Það var ekkert verð sett upp skiljanlega en hins vegar hefur farið töluvert af peningum í hana. En það hefur allt skilað sér,“ segir hann með hægd.

GÓÐ HÚSRÁÐ  
EÐALÁBURÐUR  
Á TRÉVERK

■ Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínu, segist búa yfir fjölda húsráða en er hugleiknast það sem snertir viðhald á húsum.

Þórhallur segir að þegar þurfi á tréverk utandyra sé ekkert betra til verkis en blanda af linóleum-olíu og terpentínu. „Þetta fær maður nú bara í næstu byggingavöruslun. En með því að nota þessa blöndu fær maður alltaf mjúka áferð á viðinn.“ Blönduna segir hann best að nota á harðvitið utan á húsum, hurðir og þess háttar. „Þetta ver viðinn mjög vel og svo er þægilegt að bera þetta á,“ segir Þórhallur, en sjálfur ber hann blönduna á mahoganiklæðningu á húsinu sínu.

■ Hvað kostar... að láta klippa sig á Akureyri?  
Allt að 33 prósentu verðmunur

Misjafnt er eftir hárgreiðslustofum hvað klippingin kostar. Neytendasamtökin gerðu verðkönnun á tíu hárgreiðslustofum á Akureyri í lok október, þar sem einungis var litið til verðs, en ekki tekið tillit til þjónustu eða gæða. Ef klipping er einungis skoðuð gat verðmunurinn verið frá 25 prósentum fyrir kvennaklippingu í rúm 33 prósent fyrir klippingu á yngri börnum.



Ódýrast er fyrir konur að láta klippa sig á Samson, en þar kostar kvennaklipping 2.800 krónur samkvæmt könnuninni. Dýrust var kvennaklipping á Medúllu, eða 3.500 krónur. Verðmunur á Herraklippingu var 29,5 prósent. Ódýrust var klippingin á Samson, 2.200 krónur, en dýrust á Zone þar sem hún kostaði 2.850 krónur fyrir herra.

## ■ VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

## Letur kvittana verður að haldast

Samkvæmt Ríkisskattstjóra eru kvittanir sem prentaðar eru úr sjóðsvélum á lélegan pappír og með lettri sem auðveldlega eyðist varla fullnægjandi. Þetta kemur fram á heimasíðu Neytendasamtakanna. Samtökin leituðu til Ríkisskattstjóra vegna kvartana um að áletrun á kvittunum hyrfi á tiltölulega skömmum tíma.

Neytendasamtökin minna á að í sumum tilvikum eru vörur og þjónusta staðgreidd og í slíkum tilvikum er ekki hægt að rekja viðskiptin í gegnum banka eða sparisjóð. Samtökin hvetja neytendur til að fá fullnægjandi kvittanir, ekki síst þegar þeir kaupa vöru eða þjónustu þar sem getur reynt á ábyrgð eða þegar þarf að geyma kvittanir vegna skattframtala.

## ■ VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

## Silkimjúkir svampburstar

Bílaþvottastöðin Löður í Bæjarlindinni tók nýverið í notkun nýjan vélbúnað frá Mac-Neil í Kanada. Bílaþvottastöðin er því nú búin nýrri gerð af mjúkum svampburstum sem gerðir eru úr sérstöku svampefni sem koma mjúklega við bílinn í sápuöldri og minnka þannig hættu á skemmdum.



## Fyrir heimilið, vinnustaðinn og bílinn



1.056 kr.  
Reykskynjari 9V



6.350 kr.  
Duftæki 2kg með mæli og bilfestingu



3.459 kr.  
Eldvarnarteppi

## Opnunartími í verslun RV:

Mánudaga til föstudaga frá kl. 8:00 til 18:00  
Laugardaga frá kl. 10:00 til 14:00

## Eldvarnarteppi á góðu verði



## Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



## Kostar ekkert í lyftur og frí skíðakennsla

Skíðaáhugamenn á Norðurlandi una hag sínum hið besta um þessar mundir. Þar er skíðafarið víða gott og á Siglufirði er frítt í lyftur meðan Skagfirðingar bjóða uppá fría skíðakennslu.

„Nú er komið að því að kenna Skagfirðingum og Húnavtingum að renna á skíðum enda nóg komið af hestamennsku í bili,“ segir Viggó Jónsson, umsjónarmaður skíðasvæðisins í Tindastól í Skagafirði. Þar verður boðið upp á ókeypis skíðakennslu næsta laugardag.

„Hér er nú meiri snjór en nokkurn tíman í fyrra og útlit fyrir góða skíðahelgi,“ segir Viggó kátur í bragði. Skíða- og brettaleiga er á svæðinu og kostar leiga 4.200 krónur fyrir daginn en 1.750 fyrir börn. „Svo eigum við einhverja tíu hjálma en þá lánunum við bara. Svo getur fólk komið með útreiðarhjálmana, það er bara vel séð hér á þessum slóðum,“ bætir Viggó við.

Siglfirðingar opnuðu skíðasvæði sitt um síðustu helgi og eru menn þar einnig ánægðir með færð og aðsókn skíðafólks en þar er frítt í lyfturnar um þessar mundir.

Enn hefur ekki verið opnað á skíðasvæðið í Tungudal á Ísa-



SKÍÐAMENN Í HLÍÐARFJALLI Elstu menn fyrir norðan muna vart betri byrjun á skíðavertíð en þá sem þeir urðu vitni að síðustu helgi.

firði þó snjór sé í fjöllum. „Það vantar svona herslumuninn og það er alveg ljóst að það breytist ekkert um helgina,“ segir Jóhann K. Torfason umsjónarmaður og krossleggur fingur. Í Seljalandsdal, sem er við Tungudal, eru þó einhverjir farnir að renna um á gönguskiðum.

Í Hlíðarfjalli var opnað um síðustu helgi og segir Guðmundur Karl Jónsson að elstu menn muni vart betri byrjun á skíðavertíð. Þar verður opið aftur um næstu helgi og svo á miðvikudag og fjölgar dögnum smátt og smátt sem opið er.

Guðmundur segir að mikil aðsókn sé í skíðaleiguna í Hlíðarfjalli. „Þetta er sú þróun sem á sér stað hér sem og annars staðar enda er dýrt að koma sér upp öllum skíðabúnaði. Dagarnir eru kannski ekki svo margir sem menn nota hann þannig að það er mjög þægilegt að leigja þetta enda eru leigurnar alltaf með nýjustu og bestu gerðir,“ bætir hann við.

jse@frettabladid.is

## Best að aka á jöfnum hraða

Mörg ráð eru til að spara bensín. Sum ráðin fara ekki einungis vel með fjárhaginn, heldur eru einnig betri fyrir umhverfið og spara mengun.

Til að spara bensínið er best að aka með jöfnum hraða. Best er að halda sig við hámarks hraða, þar sem hraðatakmarkanir eru miðaðar við eðli götunnar og því er best að fara bara eftir þeim. Í innanbæjarakstri miðast stillingar umferðarljósa við hraðatakmarkanir og með því að aka á jöfnum hraða er því hægt að aka alltaf inn á gatnamót á grænu ljósi. Með því að aka varlega sparast einnig bensín. Skyndileg hröðun og snögg stopp auka eyðsluna. Með því að þurfa alltaf að taka aftur af stað eftir að hafa stoppað á rauðu ljósi eykur því bensíneyðslu.

Þá er ágætt að velja réttan tíma til að skutlast um bæinn í ýmsum útréttingum. Á háannatíma er oft mikil umferð sem krefst þess að ökumaður stoppi oft. Með því að sinna mörgum erindum í sömu ferðinni er einnig hægt að eyða minna

af bensíni en með því að vera oft að skjóttast.

Þegar verið er að skjóttast inn í búð eða með börnin á leikskóla er best að drepa á bílnum og hafa hann ekki í lausagangi. Með þessu sparnaðarráði er líka komið í veg fyrir að andrúmsloftið sé mengað fyrir öðrum gangandi vegfarendum.

Léttari bílar eru auðveldari í akstri og eyða minna. Því er gott að fjarlægja óþarfa hluti úr bílnum. Bílar með opna glugga krefjast aukinnar bensínnotkunnar. Því er betra að skrúfa ekki niður rúðuna og setja frekar loftkælilinguna á.

Reglulegt viðhald á bílnum getur verið orkusparandi. Loftlaus dekk og illa stillt reyna meira á vélina og því eyðir bíllinn meira bensíni. Bil-

aðar vélar og illa stilltar geta einnig eytt meira bensíni en nauðsyn krefur. Því er gott að halda vélinni við og skipta um allt þegar á að skipta.

Að lokum er gott að hafa í huga að mikið bensín getur farið í margar mjög stuttar bilferðir. Því er oft betra að velja þá fyrir sér hvort bíllinn sé nauðsynlegur eða hvort hægt sé að ganga í staðinn, sem er bæði hressandi og góð líkamsrækt í senn. ■





# Full búð af nýjum vörum



**Nýjar barnavörur  
á tilboðsverði -50%**

**Útivistarfatnaður  
Sportfatnaður/skór  
Skíða/Brettafatnaður  
Gönguskór  
Bakpokar ofl. ofl.**

**Nýtt  
kortatímabil**

**Opið  
virka daga 10 – 18  
laugard. 11 - 16**

● ● **ÚTIVIST & SPORT**

verslanir / hópa- og fyrirtækjajónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550 Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450 Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322  
Aðrir sölustaðir: Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245. Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400. Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216

# skoðun

**SJÓNARMÍÐ  
KÁRI JÓNASSON**

Afli umfram ráðlagðan þorskvóta 1300 tonn á 30 árum

## Höfum veitt allt of mikið

Þótt umræðan um fiskveiðistjórnun okkar hér við land hafi minnkað töluvert, og þetta sé nú ekki það mál sem er efst á baugi í Þjóðfélaginu allajafnan, lifnar þessi umræða þó við öðru hvoru. Það sýnir að enn eru einhverjir sem hafa áhuga á að ræða um þann atvinnuveg okkar sem stendur undir mestum vöruútflutningi frá Íslandi, og hefur verið undirstaða þeirra lífskjara sem við búum við. Aðrir einblína á nýju útrásarfyrirtækin sem eru mörg hver að gera það gott. Reyndar er það svo að stóru sjávarútvegsfyrirtækin hér áður fyrr, SH og sjávarafurðadeild Sambandsins voru brautryðjendur á sínu sviði með því að setja upp fiskréttaverksmiðjur erlendis og eru hinir sönnu frumkvöðlar hvað varðar útrásina svokölluðu, þótt þessi starfsemi hafi ekki því nafni þá.

Fjórutíu ára afmælis Hafrannsóknastofnunar var minnst með málþingi í vikunni, þar sem innlendir og erlendir vísindamenn töluðu um þorskstofninn hér við land og á ýmsum stöðum öðrum í heiminum. Hnignun þorskstofnsins er ekki séríslenskt fyrirbæri sem kunnugt er, því víða er svipað ástand þorskstofna og hér, og sums staðar jafnvel mun verra, eins og alþekkt er. Vísindamenn hafa svo misjafnar skoðanir á því hvað veldur og hvað sé til úrbóta. Margir halda því fram að breytingar í andrúmsloftinu eigi sinn þátt í þessu, aðrir segja að um ofveiði sé að ræða, og svo eru jafnvel enn aðrir sem halda því fram að ekki sé nógu mikið veitt!

Þeir sem hafa fylgst með þessum málum hér á undanförunum árum hljóta flestir að viðurkenna þá staðreynd, að við höfum veitt allt of mikið, ef miðað er við ráðleggingar fiskifræðinga á Hafró. Undanfarin 30 ár er afli umfram ráðgjöf þeirra hvorki meira né minna en 1.300 tonn. Ef gert er ráð fyrir að meðalafllinn á þesum árum hafi átt að vera um 250 þúsund tonn, þá er umframafllinn hvorki meira né minna en fimm ára ársafli fiskiskipaflotans. Það munar um minna. Þetta helgast að mestu af því að farið hefur langt fram úr 25 prósentu aflareglunni svokallaðari, og nær að tala um að miðað hafi verið við 30 prósentu reglu. Fiskifræðingar Hafró hafa reyndar viljað fara niður fyrir 25 prósentin, en stjórnvöld hafa ekki viljað taka undir þá tillögu þeirra. Veidar smábáta eiga sinn þátt í því að ekki hefur tekist að halda aflanum við fjórðungsregluna, en nú ætti sá vandi ekki lengur að vera fyrir hendi, því afli þeirra er bundinn kvóta númerið eins og stærri fiskiskipa.

Gagnrýnisráðir á fyrirkomulag fiskveiða eru ekki margar, en það heyrir vel í þeim aftur á móti. Það er reyndar furdulegt að þeir sem eiga allt sitt undir veiðum og vinnslu skuli ekki upp til hópa hafa fyrir löngu viðurkennt það að við höfum veitt allt of mikið, og gengið fram fyrir skjöldu um að draga úr veiðunum til að efla þorskstofninn. Það heyrir yfirleitt lítið í forsvarsmönnum stórtugerða og sjómannafélaga um þessi mál, utan það að talsmenn landssamtaka þeirra hafa oft haft sig töluvert í frammi. Það er eins og sumir sem sjávarútveg stunda vilji ekki ganga fram fyrir skjöldu og hvetja til þess að dregið verði úr sókninni til að viðhalda og stækka hrygningarstofn þorsksins. Aðalumræðan um þessi mál byggist oft á tíðum á því að menn eru að nýja niður skoðinn hver af öðrum, og eru í alls konar hagsmunapotí, í stað þess að líta heildrænt á sviðið með hagsmunum allra í þessari grein í huga.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Strandsiglingar

Vefþjóðviljinn fjallaði í gær um þingsályktunartillögu nokkurra þingmanna „af vinstri kantinum“, Jóns Bjarnasonar og fleiri, um strandsiglingar. Þingmennirnir vilja að samgönguráðherra „móti stefnu og aðgerðaáætlun“ um strandsiglingar og leggi fram lagafrumvörp ef með þurfi, „þannig að ríkið geti tryggt reglulegar strandsiglingar til allra landshluta með því að bjóða út siglingaleiðir“. Þeir benda á að á síðustu árum hafi strandsiglingar smám saman verið að leggjast af hér á landi og telja að ekki verði við það unað.

#### Kemur ekki á óvart

Vefþjóðviljinn er ekki hrifinn: „Það þarf vist engum að koma á óvart að vinstri menn, hvort sem þeir sitja

á Alþingi, á kaffihúsum, í hljóðverum eða bara heima hjá sér, telji brynt að ráðherrar gripi til aðgerða. Fá vinstri menn nokkru ráðið gera ráðherrar ekkert annað en „móta stefnu“ og gera „aðgerðaráætlun“ og „ tryggja“ því næst að auknu opinberu fé verði varið til hinna og þessara verkefna. Ráðstjórnarhugsunarhátturinn er nefnilega ekki með öllu horfinn úr hugum vinstri manna þótt jártíaldið hafi fallið og kenningar um ágæti ríkisforsjárinnar hafi verið verið afhjúpaðar. Ennþá er ótrúlega algengt að þess sé krafist af hinu opinbera að það taki að sér þjónustu sem einkaaðilar vilja ekki sinna vegna þess að enginn markaður er fyrir hana.“

#### Niðurgreiðslur

„Og hvað ætli gerðist svo ef að Sturla Böðvarsson samgönguráðherra yrði við þessari undarlegu kröfu þingmannanna og mundi taka upp á því að niðurgreiða strandsiglingar?“ spyr Vefþjóðviljinn. „Ætli afleiðingin yrði ekki sú að landflutningafyrirtæki mundu kvarta og einhverjir þingmenn - jafnvel þeir sömu - kæmu í framhaldi af því með þingsályktunartillögu um stuðning við landflutninga. Rökin væru skýr: Landflutningar ættu undir högg að sækja vegna þess að ríkið niðurgreiðði strandflutninga og þess vegna væri talið nauðsynlegt að rétta samkeppnisstöðu landflutninganna með því að niðurgreiða þá líka. Þetta yrði ekki í fyrsta sinn sem ein ríkisafskipti yrðu notuð til að rökstyðja þau næstu.“

gm@frettabladid.is

## Leikhús í álögum

Það var rétt fyrir frumsýningu á Litla sviði Þjóðleikhússins. Vettvangur leiksins var niðurníð jarnbrautarstöð einhvers staðar inni í miðju Rússlandi. Það er ekki auðvelt að hugsa sér óhrjálega umhverfi, því að niðurníðsla er óvígð eins ofboðsleg og í dreifðum byggðum Rússlands. Sessunautur minn hallaði sér að mér, þegar sýningin var að hefjast, og hvíslaði: Þeir hefðu getað sparað sér leikmyndina, húsið dugir. Það mátti til sanns vegar færa. Þegar ég horfi á þetta sögufræga og fallega hús, þá blasa við augum blæðandi sárin á útveggjunum. Múrhúðin er smám saman að molna utan af húsinu og með henni verndin, sem hún átti að veita veggjunum. Sum daga liggja stór brot úr múrnum á stéttunum við húsið, nýfallin til jarðar eins og loftsteinar. Nærri má geta, hversu ástætt er um húsið að innanverðu, þar sem starfsmenn ganga einir um sali. Áhorfendarymið var gert upp fyrir fáeinum árum, en það er ekki nóg: húsið virðist vera að hrynjá.

Þjóðleikhúsið er eitt af óskabörnum Íslands. Það hefur frá öndverðu rækt hlutverk sitt með miklum brag. Þarna hefur jafnan verið valinn maður í hverju rúmi, og þjóðin hefur haldið verðskuldada tryggð við húsið eins og mikil aðsókn að sýningum þar vitnar um. Við eigum enn sem fyrr fjölmörgum afbragðsleikurum á að skipa og öðru leikhúsfólki. Þetta fólk hefur ekki látið neinn bilbug á sér finna, þótt húsið sé að hrynjá.

Opinberum byggingum er bersýnilega gert mishátt undir höfði. Alþingishúsið virðist vera í stöðugri endurbyggingu. Ekki verður séð, að fjárskortur hafi þeim framkvæmdum. Vistarverur stjórnmalamannanna hafa forgang. Þjóðminjasafninu var á hinn bóginn leift að grotna svo niður, að umbygging þess á sínum tíma varð miklum mun dýrari en hún hefði

### Í DAG ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



ÞORVALDUR  
GYLFASON

*Fjárveitingarvaldið virðist ekki gera sér fulla grein fyrir því, að blómleg menning borgar sig, þótt hún þurfi meðgjöf. Borgarleikhúsið býr einnig við of þröngan fjárhag. Íslenska óperan býr við svo krappan kost, að margir íslenzkir óperusöngvarar syngja nú orðið miklu oftari í erlendum óperuhúsum en hér heima.*

orðið, hefði viðhaldi hússins verið sinni í tæka tíð. Þjóðleikhúsið er á sömu leið, enda segir í skýrslu Framkvæmdasýslu ríkisins frá 2003: „Allan tímann síðan (1950, innskot mitt) hefur eðlilegt viðhald og endurnýjun hússins verið látin sitja á hakanum.“ Viðgerðir á húsinu 1988-94 gengu undir nafninu Endurreisn Þjóðleikhússins, en þær náðu þó aðeins til gestasvæðanna í suðurálmú hússins og kostuðu nærri 800 mkr. Ríkisstjórnin hefur nú heitið 250 mkr. fjárveitingu til frekari viðgerða. Til að ljúka endurreisninni, sem að var stefnt 1988, þarf þó um 300 mkr. á ári í sex til sjö ár. Og þá erum við bara að tala um byggingarfé. Þessu verki þarf að ljúka.

Ástand Þjóðleikhússins vitnar um langvinna vanrækslu. Fjárveitingar ríkis og byggða til menningarmála eru of naumar. Fjárveitingarvaldið virðist ekki

gera sér fulla grein fyrir því, að blómleg menning borgar sig, þótt hún þurfi meðgjöf. Borgarleikhúsið býr einnig við of þröngan fjárhag. Íslenska óperan býr við svo krappan kost, að margir íslenzkir óperusöngvarar syngja nú orðið miklu oftari í erlendum óperuhúsum en hér heima. Ríkisútvarpið stendur svo illa, að því er ókleift að kosta innlenda dagskrárgerð svo sem vert væri. Ástsælustu skáldverk þjóðarinnar hafa fæst verið fest á filmu handa sjónvarpi, enda þótt leiknar kvikmyndir eftir skáldsögum þyki sjálfsagt sjónvarpsfærni í öðrum löndum og myndu henta vel til útflutnings héðan að heiman, væri vel að þeim staðið. Af þessu leiðir lakara og fábrotinara sjónvarpsfærni handa áhorfendum hér heima en ella væri í boði og færri tækifæri handa íslenskum leikurum og öðrum leikhúsmönnum til landnáms í útlöndum, svo sem þeim væri þó í löfa lagið, ef vel gerðar íslenzkar myndir væru reglulega á dagskrá norrænna og annarra erlendra sjónvarpsstöða. Ríkisútvarpið á að vera lyftistöng undir leiklistina og öfugt. Þessa taug vantar. Leikhúslífið stendur höllum fæti fyrir vikið og sjónvarpið ekki síður. Útvarpsleikhúsið stendur sig að sönnu vel, en það er ekki nóg, því að flesta sjónleiki þurfa menn helzt að sjá og heyra.

Einkavæðing myndi engan vanda leysa í leikhúsinu. Rökin fyrir útvarpi og sjónvarpi á vegum ríkisins eru af sama toga og tilvistarrök Þjóðleikhússins. Ef einkaleikhús væru ein um hituna, væri minni árangurs að vænta en ella vegna þess, að einkaleikhús hneigjast til að vanmeta félagsgildið: þau taka það yfirleitt ekki með í reikninginn, að leiklist bætir mannfélagið líkt og aðrar listir, fræði og vísindi. Þess vegna þurfum við Þjóðleikhúsið. Og þess vegna megum við ekki láta húsið halda áfram að drabbast niður.



**Starfsfólk vantar á kvöld og helgar vaktir**

Ítalskur veitingarstaður í hjarta Reykjavíkur óskar eftir starfsfólki á kvöld og helgar vaktir. Allar upplýsingar veitir Logi í síma 8205888 eða sendu póst á netfangið [logi@galileo.is](mailto:logi@galileo.is)

Hafnarstræti 1-3 Reykjavík Sími 5529500 [www.galileo.is](http://www.galileo.is)

## MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

### Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík **ABALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: [ritstjorn@frettabladid.is](mailto:ritstjorn@frettabladid.is) og [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) VEFANG: [vistir.is](http://vistir.is) UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. [dreifing@posthusid.is](mailto:dreifing@posthusid.is) Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

Veldu Ford 4x4 Nýtt tákni um gæði



Nýtt tákni um gæði

Komdu og skoðuðu Ford 4x4 í dag - Bíldshöfða 6

# Lægsta verð á öldinni. Núna.

Kauptu í dag. Ford 4x4 á lægra verði en áður.  
Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford 4x4.



Ford Escape XLS ssk.  
Verð frá 2.690.000 kr.\*



Ford Freestyle SEL ssk.  
Verð frá 3.660.000 kr.\*



Ford Explorer XLT Sport ssk.  
Verð frá 3.990.000 kr.\*



Ford Expedition XLT ssk.  
Verð frá 4.395.000 kr.\*



Ford F150 Lariat ssk.  
Verð frá 3.495.000 kr.\*



Ford F350 Lariat dísil ssk.  
Verð frá 3.995.000 kr.\*

Jólatilboð Brimborgar

Jólin nálgast  
Kynntu þér greiðslukjörin  
Komdu í Brimborg



Jólatilboð Brimborgar

Samfélagsleg ábyrgð Brimborgar er veruleiki. Við bjóðum þér lægsta verð á Ford 4x4 á þessari öld. Bílaframleiðendur og fjármálafyrirtæki þekkja nú orðið kröfur Brimborgar um lægsta verð og bestu kjör fyrir íslenskar fjölskyldur sem velja Ford. Kynntu þér greiðslukjörin. Nýttu þér jólatilboð Brimborgar. Komdu á öruggan stað. Veldu Ford.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.\*\*



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | [www.ford.is](http://www.ford.is)

\* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. \*\* Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# 2012 Annus horribilis

**GUÐMUNDUR J. GUÐMUNDSSON**  
FRAMHALDSSKÓLAKENNARI SKRFRAR UM  
STÚDENTSPRÓF

Fyrirhuguð skerðing stúdentsprófsins á sér sem betur fer formælendur fáa utan ráðuneytis menntamála. Þeir sem einna helst hafa mælt henni bót eru glaðbeittir viðskipta- og hagfræðingar sem með tölfraeðibrellum hefur tekist að sýna fram á ríkulagan þjóðhagslegan ávinning af minni og lakari menntun.

En þótt fáir mæli skerðingunni bót hefur ekki mikið farið fyrir andmælum gegn henni eða umræðum um hana ef frá eru talin framlög stjórnenda, kenn-

ara og nemenda í framhaldsskólunum. Einn fárra skólamanna sem lýst hefur stuðningi við skerðinguna er rektor Háskólans á Bifröst. Rök hans verða einna helst skilin þannig að það að mennta fólk sé einna líkast vöruframléiðslu, það þurfi bara að drífa hráefnið, í þessu tilfelli þá sem á að mennta, á sem mestum hraða gegnum fabrikkuna, skella fullfrágenginni vöru að því búnu á markað og þá hagnist allir.

Vera má að þessi aðferð gangi upp ef ætlunin er að kenna fólki einfaldar, praktískar bókhaldskúnstir en þeir munu líklega fáir sem telja að með þessu móti öð-

ist fólk raunverulega menntun. Það hefur nefnilega sýnt sig að menntun er miklum mun flóknara ferli en svo.

Forsvarsmenn annarra háskóla, svo sem Háskóla Íslands, hafa lítið tjáð sig um þetta mál á opinberum vettvangi og því vaknar sú spurning hvort þar á bæ hafi algerlega farið framhjá mönnum að árið 2012 geta háskólarir reiknað með að fá helmingi fleiri umsóknir frá nýstúdentum en árið áður? Ekki bara það, vandamálið færast síðan áfram í gegnum háskólana næstu þrjú til fjögur ár á eftir meðan viðbótarárgangurinn er í skólunum. Hafa viðbrögð við þessari stöðu

verið rædd innan háskólanna og til hvaða ráðstafana hyggst þeir grípa? Reikna forráðamenn háskólanna kannski með að menntamálaráðherra komi færandi hendi reiðandi viðbótarfjármagn í þverpokum? Þá bæri nýtt til.

Hafa háskólakennarar velt því fyrir sér hvort það verði ef til vill nauðsynlegt að taka upp nýja viðbótargrunnfanga til að bæta upp það sem skorið hefur verið af stúdentsprófinu? Geta þeir nýstúdentar sem útskrifast með skert stúdentspróf árið 2012 gengið út frá því sem vísu að fá skólavist í háskólanum til jafns við þá sem á sama tíma útskrif-

ast með fullgilt stúdentspróf? Gera foreldrar barna sem fædd eru árið 1993 og koma til með að útskrifast með skerta prófið árið 2012 sér grein fyrir því að ef ekki verður gripið til viðeigandi aðgerða getur sú staða komið upp að börn þeirra fái ekki skólavist í háskólum?

Í grein í Fréttablaðinu sl. vor líkti Þóroddur Bjarnason, kennari við Háskólann á Akureyri, þeirri stöðu sem upp getur komið árið 2012 við félagslegt stórslys. Ekki varð vart við nein viðbrögð við grein hans. Trúa menn því kannski að þetta bjargist allt saman einhvern veginn eða er öllum kannski nokk sama? ■

## Láttu ekki þitt eftir liggja!

**UMRÆÐAN**  
SKÓLASTARFÍ  
GARÐABÆ



**HRAFNKELL PÁLMASSON**

*Að mínu mati hefur Garðabær verið í forystu í skólamálu í langan tíma og geri ég einfaldlega þá kröfu sem Garðabæingur að hann verði það áfram um ókomna framtíð.*

Það er stór stund þegar barn byrjar í skóla. Það var því mikill spennningur á mínu heimili í haust þegar eldri dóttir mín byrjaði í 1. bekk og sú yngri í leikskóla.

Einnig er þetta stór stund fyrir okkur foreldrana enda væntingar til skólans ekki síður miklar hjá okkur. Það örlar á dálitlum ótta við að sleppa hendinni af litla barninu sínu inn í þennan stóra heim sem skólarnir eru og vonar maður að barnið sé tilbúið að mæta þeim kröfum sem skólarnir gera til þeirra. Að sama skapi vona ég að skólarnir standi undir mínum kröfum. Ég sé fram á að dætur mínar eigi eftir að taka út mikinn þroska á komandi árum og hlakka ég til að fylgjast með þeim á skólabrautinni því skólalífið getur verið svo óhemju skemmtilegt og fjölbreytt. En til þess að svo verði þarf að standa vel að skólum og starfsumhverfi þeirra.

Það skiptir mig miklu máli sem foreldri að skólarnir sem dætur mínar ganga í séu eins og best verður á kosið.

Að mínu mati hefur Garðabær

verið í forystu í skólamálu í langan tíma og geri ég einfaldlega þá kröfu sem Garðabæingur að hann verði það áfram um ókomna framtíð.

Fimmtudaginn 10. nóvember verður haldið Skólaláttun í Garðabæ og þar getum við, ég og þú, haft áhrif á stefnu bæjarins í skólamálu. Þar er kallað eftir sjónarmiðum okkar foreldra og annarra bæjarbúa í þeim málefnum sem varða tónlistar-, leik- og grunnskóla Garðabæjar. Ég ætla ekki að láta mitt eftir liggja og mun ég mæta með hagsmuni barna minna fyrir brjósti.

Ég hvet alla foreldra til þess að taka þátt í því að móta skólafestu Garðabæjar. Sýnum ábyrgð í verki með því að mæta og taka þátt svo skólur Garðabæjar verði góðir staðir fyrir börnin okkar.

*Höfundur er foreldri í Garðabæ.*

## Nýtt tækifæri til náms

**UMRÆÐAN**  
FRÆÐSLA OG  
SÍMENNTUN



**MARGRÉT FRÍMANSDÓTTIR**  
FORM. ÞINGFL. SAMFYLKINGARINNAR

*Það er öllum ljóst að kröfurnar um menntun og starfsþekkingu hafa aukist mjög á síðustu árum. Það er vel, en við verðum um leið að gera okkur grein fyrir því að það hefur vantað hvatningu og ný tækifæri til náms fyrir þann stóra hóp sem horfið hefur frá námi.*

Eitt brýnasta verkefnið í menntamálu samtímans er að skapa þeim sem ekki hafa lokið grunn- eða framhaldsnámi tækifæri til að mennta sig. Í dag má ætla að um 40 þúsund einstaklingar séu í þeim hópi fólks sem horfið hefur frá grunn- eða framhaldsskólánámi. Ástæður þess geta verið margvíslegar svo sem takmörkuð þjónusta menntakerfisins, persónulegir erfiðleikar og félagslegar aðstæður.

**„Brottfallshópur“ 33 prósent af hverjum árgangi**

Margir þessara einstaklinga sem hafa horfið frá námi þurfa hvatningu og ráðgjöf til þess að hefja nám á ný. Reglubundið aðhald og hvatning ásamt aðgengilegum leiðum í grunn-, framhalds- eða starfsnámi er þessum stóra hópi nauðsyn til þess að geta fótáð sig í því samfélagi sem við búum við. Það er öllum ljóst að kröfurnar um menntun og starfsþekkingu hafa aukist mjög á síðustu árum. Það er vel, en við verðum um leið að gera okkur grein fyrir því að það hefur vantað hvatningu og ný tækifæri til náms fyrir þann stóra hóp sem horfið hefur frá námi.

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsóknnum Hagstofunnar síðastliðin ár eru um 30 prósent þeirra sem eru á vinnumarkaði með grunnskólapróf eða minni menntun. Hluti þessa hóps eru þeir sem hafa af einhverjum ástæðum hætt námi í framhaldsskólum svokallaður „brottfallshópur“ sem er talinn vera um 33 prósent af hverjum árgangi.

Dingflokkur Samfylkingarinnar hefur undir forystu Einars Más Sigurðarsonar og okkar fólks sem vinnur að stefnumótun Samfylkingarinnar í menntamálu flutt tillögu til þingsályktunar um að Alþingi feli menntamálaráðherra að gera áætlun um átak í menntun þeirra sem ekki hafa lokið grunn- eða framhaldsnámi.

Átakið feli í sér nýtt tækifæri til náms til að auðvelda fólki að taka aftur upp þráðinn í námi þar sem frá var horfið. Menntamálaráðherra skuli við gerð slíkrar áætlunar hafa samráð við menntastofnanir, sveitarfélög, aðila vinnumarkaðarins, Vinnu- málaflokkun og Atvinnuleysis- tryggingasjóð. Samfylkingin vill að þessari vinnu verði lokið eigi síðar en 1. mars 2006.

Við ætlum þessari vinnu ekki langan tíma, enda má segja að þær grunnupplýsingar sem nota á við gerð áætlunarinnar liggja nú að mestu fyrir, eins og bent er á í greinargerð með tillögunni.

Samfylkingin hefur í vinnu sinni á þessu kjörtímabili lagt mikla áherslu á menntamálin, stöðu þeirra og framgang. Þar setjum við í forgrunn meðal margra góðra mála að skapa fólki á öllum aldri nýtt tækifæri til náms. Við teljum að það þurfi heildarölggjöf um fullorðinsfræðslu, skilgreina skýrt hverjir eigi þar að bera ábyrgð og kostnað.

**Fjárframlög betur tryggð**

Fræðslu og símenntunarmiðstöðvar sem starfa nú á landsbyggðinni voru bylting hvað varðar aðgengi fólks að menntun. Þær starfa nú án þess að um þær gildi sérstök löggjöf og fengu á sínum tíma fjárframlög að frumkvæði Alþingis en ekki menntamálaráðuneytis. Þrátt fyrir að hafa margsannað gildi sitt þá hefur áhugi stjórnvalda á þessari starfsemi verið takmarkaður. Fræðslumiðstöðvarnar fá mismunandi framlög og að því er virðist ekki í samræmi við þá starfsemi sem þar fer fram. Samfylkingin vill að sett verði sérstök löggjöf um starfsemi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og fjárveitingar tryggðar í samræmi við þá starfsemi sem þar fer fram.

Ég hvet alla til að kynna sér vel tillögur Samfylkingarinnar í menntamálu. Við viljum skapa öllum tækifæri til þekkingaröflunar. Ekki síst skapa þeim sem horfið hafa frá námi ný tækifæri.

*Höfundur er formaður þingflokks Samfylkingarinnar.*

MasterCard kynnrir.

OKTÓBERBÍÓFEST

**Í DAG: MIÐASALA Á HOSTEL HEFST Í REGNBOGA KL. 17:00. PASSAHAFAR GETA TRYGGT SÉR MIÐA KL. 16:00.**

**Í KVÖLD: SPURT OG SVARAÐ MEÐ MATTHEW BARNEY EFTIR FRUMSÝNINGU DRAWING RESTRAINT 9, KL. 20:00 Í REGNBOGA.**



„Hvenær geta naktir, miðaldra menn tryggt sér miða?“  
- JÖKULL II



Í Háskólabíói og Regnboga  
26. október - 14. nóvember

Iceland Film Festival



ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **visir** VEF-TV



HORÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á visir.is

ICELANDAIR

IH ICELANDAIRHOTELS

Talstöðin FM 90.9

www.icelandfilmfestival.is



# Fiskurinn í sjónum er sameign þjóðarinnar

**UMRÆÐAN**  
SJÁVARÚTVEGS-  
STEFNA SAMFYLK-  
INGARINNAR



**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**  
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Er Samfylkingin að breyta um stefnu í sjávarútvegsmálum? Raddir þess efnis hafa heyrst síðan Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, flutti ræðu á nýafstöðnum aðalfundi LÍÚ. En stefna Samfylkingarinnar í þessum málum er óbreytt. Ingibjörg Sól-

rún lagði hins vegar áherslu á það á aðalfundi LÍÚ, að sættir næðust milli útvegsmanna og þjóðarinnar um sjávarútvegsmálin. Til þess að svo gæti orðið yrðu útvegsmenn að hætta að ræða um fiskinn í sjónum, auðlindina, sem sína séreign. Fiskurinn í sjónum væri sameiginleg auðlind þjóðarinnar og það væri samdóma álit allra flokka að það ætti að festa í stjórnarskrá landsins, að svo væri. (Nú er það lögfest).

Á landsfundi Samfylkingarinnar 2003 var eftirfarandi samþykkt: „Samfylkingin stefni að því að endurheimta sameiginlega auðlind þjóðarinnar, fiskinn í sjónum, með markvissri innköllun og endurúthlutun veiðiheimilda þar sem opnaður er aðgangur að veiðirétt-

inum með jafnræði og réttlæti að leiðarljósi. Þessi leið færir komandi kynslóðum aftur réttinn til

*Nýir aðilar, sem vilja hefja útgerð sitja ekki við sama borð og þeir sem fengu úthlutað fríum veiðiheimildum, þegar kerfinu var komið á. Það verður að opna leið fyrir nýja aðila inn í kerfið.*

arðs og aðgangs að sameiginlegri auðlind, tryggir nýliðun í útgerð og færir íbúum sjávarbyggðanna á ný réttinn til að nýta þá auðlind sem skóp þær“. Þessi stefna Sam-

fylkingarinnar er enn í fullu gildi. Í síðustu kosningum lagði Samfylkingin fram fyrningarleiðina til þess að ná framangreindri stefnu, sem landsfundur hafði markað. Samkvæmt þeirri leið átti að ná markmiðum flokksins á löngum tíma. Stefnan er skýr en leiðirnar geta verið margar. Fyrningarleiðin er ekki heilög leið að álit Samfylkingarinnar. Fleiri leiðir koma til greina að markinu.

Ingibjörg Sólrún lagði áherslu á það á aðalfundi LÍÚ, að sanngjarnt afgjald yrði að koma fyrir afnot útvegsmanna af hinni sameiginlegu auðlind. Það lága gjald, sem þegar hefur verið samþykkt, dugur hvergi nærri að mínu álit. Auk þess er lífsnaúðsyn að opna greinina fyrir

nýjum aðilum. Það er einn helsti galli núverandi kerfis að greinin er lokað nýjum aðilum. Nýir aðilar, sem vilja hefja útgerð sitja ekki við sama borð og þeir sem fengu úthlutað fríum veiðiheimildum, þegar kerfinu var komið á. Það verður að opna leið fyrir nýja aðila inn í kerfið. Ekki dugur að bjóða þeim kvóta á því uppsprengda verði, sem gildir í dag.

Samfylkingarmenn ætla ekki að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu það ört, að um byltingu verði að ræða. Við viljum breyta kerfinu en gera það á löngum tíma þannig að unnt verði að aðlagast breytingunum. Það er nauðsynlegt að ná sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið. Um það ríkir engin sátt í dag.



## Kennitölulflakk

Flestar Norðurlandþjóðir og aðrar Evrópuþjóðir takmarka svigrúm stjórnenda sem lenda í gjaldþroti til þess að stofna og stýra nýjum fyrirtækjum með það að augnamiði að koma í veg fyrir svik og kennitölulflakk. Við erum eftirbátar í þessum efnunum og verðum að skoða árangur annarra þjóða og stoppa í götin. Það er gleðiefni að gagnrýnisraddir heyrast nú inni í ráðuneytunum en þær þurfa að ná inn á hið háa Alþingi til þess að hafa nauðsynleg áhrif á viðskiptalífið.

Davíð Guðjónsson á deiglan.com

## Skilningur eða afsökun

Vandinn sem frönsk stjórnvöld þurfa að glíma við er nefnilega ekki hvort aðgerðir óeirðarseggjanna hafi verið réttlætanager, heldur hvort hægt sé að koma í veg fyrir að þær eigi sér stað. Þessa afstöðu, sem Egill Helgason kallar „afsökunaráráttu“ held ég að nær væri að kalla áráttu-fyrir-því-að-leysa-vandamál-í-stað-þess-að-kenna-einhverjum-um-og-kalla-hann-svo-illum-nófum.

Finnur Dellsén á murinn.is

## Lélegur leikari

Sé horft um öxl og aðgerðir Davíðs sem forsætisráðherra skoðaðar í ljósi orða hans í þessari grein kemur upp í huga manns tvö orð: hrópandi ósamræmi. Hann virti að vettugi sjónarmið meirihluta almennings um fjölmiðlafrumvarpið. Davíð fór offari gegn Baugsmönnum í skatransóknarmálinu. Þetta eru bara tvö dæmi um hvernig hann sýndi engan skilning.

Davíð er leikari. Og hann hefur skipt um hlutverk. Góður leikari er sannfærandi og samkvæmur sjálfum sér. Lélegur leikari er ósannfærandi, klúðrar leikritinu og verður sér til athlægis. Og boðskapurinn verður að engu.

Sverrir Ingi Gunnarsson á djoflaeyjan.com

## Flokkshugsun og fúsk

Af öllu þessu leiðir: Sagnfræðingar jafnt sem aðrir fræðimenn mega ekki með þátttöku sinni í fræðilegum verkefnum gefa fúski og flokkshugsun hins pólitiska valds í slíkum efnunum heilbrigðisvottorð því þá eru þeir að grafa sínum eigin fræðilegu viðmiðunum gröf. Slíkir hættu verður formaður Sagnfræðingafélagsins framar öðrum að vara við en ekki gera lítið úr.

Halldór Bjarnason á kistan.is

## Blóðlaus ráðherra

Geir H. Haarde tók ekki síma þegar fjölmiðlar vildu ræða við hann um fangaflugvélar sem misnotuðu Ísland til að flytja meinta hermdarverkamenn til lands sem eru uppvis að því að beita pyntingum við yfirheyrslur. Hann hefur enn ekki fordæmt misnotkun Íslands í þessu skyni. Eina lífsmark hans er að senda kurteisan tölvupóst til bandarískra stjórnvalda og óska eftir upplýsingum um málið. Er hann blóðlaus?

Össur Skarphéðinsson á <http://web.hexia.net/roller/page/ossur/>.



# Gott á morgnana

Það er nauðsynlegt fyrir börnin að borða vel á morgnana. Þess vegna viljum við gefa þeim morgunkorn sem þeim finnst gott á bragðið.

**Weetos** eru vítamín- og járnþættir heilhevitihringir með góðu súkkulaðibragði. Þeir eru jafnframt sykurminnsta súkkulaðimorgunkornið sem völ er á.

- 48% minni sykur en í Cocoa Puffs\*
- Heilhevitihringir
- Gott súkkulaðibragð

\* samkvæmt innihaldslýsingu á Cocoa Puffs pökkum

**allt tíska**  
Alla fimmtudaga

ENNEEM / SIA / 1110947

## Þrálátir eiginleikar

UMRÆÐAN  
KJÖR ALDRAÐRA



ALBERT JENSEN  
TRÉSMÍÐUR

Nýlega skrifaði ég grein í Fréttablaðið undir heitinu Boðberar illskunnar. Eitthvað hefur farið fyrir brjóstið á ritstjórninni, því hún breytti nafninu í Best að hjálpa fólki á heimaslóðum. Ég hafði skírskotað til efnis greinarinnar, en breytingin gerði hana óræða og óáhugaverða. Ráðríki er vandmeðfarinn eiginleiki. Ófgafullar ritskoðanir eru leifar liðins tíma, sem skynsemin hafnar.

Óskiljanlegur fjöldi lætur sér á sama standa og telur sig engu fá breytt. Nútíð án ábyrgðar, virðist skipta fólkið meiru en fagurt mannlíf í heilnæmu umhverfi. Framtíðin gerir óþægilegar kröfur og það leiðist mörgum. Strúturinn stingur líka hausnum í sandinn. Illindi millum manna, svo langt sem vitað er og til vorra daga, hljóta að vekja óhug hugsandi fólks. Síðustu árin hefur mönnum ekkert miðað í að eyða fátækt og auka jöfnuð. Fáir menn eru svo mikilvægir, að þeim beri 20 milljónir á ári, hvað þá heldur á mánuði. Hvað álitur þjóðin um stjórnmalamann sem nær að koma málum þannig fyrir, að þjóð hans er neydd við starfslok hans, til að greiða honum fimmtánföld laun starfandi hjúkrunarfólks? Er það ríkisvald ekki nautheimskt, sem heldur reynsluríku fullorðnu fólki frá vinnu með skaðlegum reglugerðum, á sama tíma og þjóðfélagið þarf á þeim að halda? Í stað þess að nýta hæft aldrað fólk, er því haldið á þurftarlaunum úr sjóðum landsmanna.

Embættismenn eru svo vel haldnir af þjóðinni, að þeir eru hættir að nenna að hugsa. Kaupið kemur inn á reikning þeirra á færribandi, sama hvað gagnslausir þeir eru. Skaðlegar ákvarðanir sofandi ráðgjafa vítt og breitt um samfélagið, eru gleypar hráar. Aldraðir og öryrkjar eru að fá ógnvekjandi bréf frá dauðflislislegri stjórn Tryggingastofnunar, þar sem þeim er stillt við vegg. Stofnunin er með bréfum þessum, ber að ofsóknum á hendur fjölda aldraðra. Fólkið veit að Tryggingastofnun hefur öll gögn sem varða þeirra mál og þar á meðal skattaframtöl. Stofnunin hagar sér hins vegar eins og álfur út úr hól í viðkvæmum samskiptum við skjólstæðinga sína. Svo ramt kveður að glámskyggni stofnunarinnar, að fjöldi aldraðra á ekkert til að lifa af síðustu mánuði ársins.

Samstarf yfirtryggingalækna og hjúkrunaforstjóra heilsugæslunnar, er eitt af fleiru sem þarf að skoða af hlutlausum aðilum. Sorglegt er, ef hjúkrunarfræðingur í hárrí stöðu, tengir nafn sitt óstéttvísi á spjöldum sögunnar, samfara því að setja fótinn fyrir sjálfstæða starfsemi starfssystura sinna. Verða minnst sem konunnar sem í samráði við Framsóknarflokkinn náði að leggja þá frábæru starfsemi niður. Enn hafa þau ekki náð ætlun sinni í gegn, en eina vonin eru kosningarnar að vori. Á sama tíma og félagsmálastofnun ræður ómálga útlendinga til starfa, vantar aldursflokkinn frá 16 til 18 ára vinnu.

Um þessar mundir fer reyndar lítið fyrir metnaði hjá þeirri stofnun gagnvart starfsfólki og skjólstæðingum. Til að mikilvæguustu hagsmunir aldraðra og sjúkra, komist í viðunandi horf, þurfa landsmenn að losa sig við Framsóknarflokkinn og embættismenn hans.

## Fyrningarleið Samfylkingarinnar

UMRÆÐAN  
SJÁVARÚTVEGS-  
STEFNA SAMFYLK-  
INGARINNAR



BJÖRN DAVÍÐSSON

Nokkrir forsvarsmenn frjálslyndra gagnrýndu um daginn að Ingibjörg Sólrún hefði ekki minnst einu orði á fyrningarleiðina í ræðu hjá LÍÚ. Túlkuðu þeir það sem undanhald gagnvart fyrningarleiðinni. Hafi einhverjir verið í vafa þá finnst mér það einfaldlega lýsa því að þeir hafi bitið í sig að hugmyndin sé of góð til að vera sönn.

Sumir hafa sett kíkinn fyrir blinda augað og viðurkenning á því t.d. að til séu fleiri en einn þorskstofn við landið ætti að geta bætt þar úr. Eða að tengsl séu á milli fiskistofnanna að því er varðar t.d. að hátt í milljón tonn af verðminni lífmassa eins og loðnu og kolmunna eru fjarlægðar úr sjónum árlega. Rétt er að rifja upp hér að árið 1984, fyrsta ár kvótakerfisins var þorskaflinn tæp 300 þúsund tonn og þurfti þá að fara aftur til árána 1947 og 1948 til að finna svo lágar aflatölur.

Væntingar sem bornar voru til kvótakerfisins við upphaf þess hafa algerlega brugðist. Hægt er t.d. að nálgast þær í greinargerð með frumvarpinu sem lagt var fram síðla árs 1984. Þar kemur einnig fram að höfundar þessa kerfis eru forsætisráðherra og fleiri sitjandi ráðamenn, t.d. núverandi formaður Frjálslynda flokksins sem á töluvert í barn-

inu, enda sat hann í ráðgjafanevnd ráðherrans á upphafsárum kvótakerfisins.

Samfylkingin er ábyrgur stjórnmalaflokkur og sér að ekki gengur að búa við óbreytt kerfi. Leiðin út er því að losa um aflaheimildirnar smátt og smátt á hæfilegum aðlögunartíma fyrir útgerðirnar og halda opnum möguleika fyrir þær að nýta auðlindina án þess að rekstrargrundvöllinn bresti. Þessi leið er kölluð fyrningarleiðin. Fyrningarleiðin

*Fyrningarleiðin snýst ekki um að vera endanleg lausn um stjórn fiskveiða, heldur leið til að ná því marki að nauðsynlegar breytingar séu framkvæmanlegar. Hverjar þær verða er ekki fullljóst fyrr en byrjað verður að vinda ofan af kerfinu og eru mörg ár eða jafnvel áratugir áður en það verður hægt.*

snýst ekki um að vera endanleg lausn um stjórn fiskveiða, heldur leið til að ná því marki að nauðsynlegar breytingar séu framkvæmanlegar. Hverjar þær verða er ekki fullljóst fyrr en byrjað verður að vinda ofan af kerfinu og eru mörg ár eða jafnvel áratugir áður en það verður hægt. Sem fyrst þarf þó að sníða af því aðkallandi vandamál eins og brottkast. Rannsóknir og frekari þekkingu þarf einnig að bæta. Samfylkingin styður því kvótakerfið eins og það er í dag, en með þeim fyrirvörum sem gerð-

ir hafa verið. Það að umbylta því á skömmum tíma getur haft enn verri afleiðingar en kerfið sjálft og mætti líkja við aflimun við hnévegna tábrots. Að styðja kvótakerfið þýðir þó ekki að það sé það besta sem völ er á heldur það skásta við núverandi aðstæður.

Fyrningarleiðin snýst um að útgerðir afskrifi hluta aflaheimilda sinna árlega. Nefndar hafa verið tölur á bilinu fimm til tíu prósent og finnst mörgum hærra talan vera óþægileg. Hún er samt ekkert hærra en t.d. á búnaði til reksturs almennt og í tölvugeiranum þar sem ég starfa er búnaður afskrifaður um 25 prósent á ári. Sá hlutur sem afskrifaður er verði síðan leigður tímabundið af ríkinu á markaðsverði sem mun væntanlega lækka eftir því sem framboð eykst. Til að auka stöðugleika hefur verið lagt til að útgerðir geti gert leigusamninga til lengri tíma, t.d. til þriggja ára. Þegar útgerðir hafa fyrnt allar „varanlegar“ aflaheimildir sínar, t.d. eftir 20 ár þá hefur tíminn sem tók að vinna sig út úr kvótakerfinu staðið yfir jafnlengi og kerfið hefur nú verið við lýði. Því er varla hægt að fallast á annað en að fyrningarleiðin sé vægasta leið stjórnvalda við að færa virkan eignarrétt á veiðiheildum varanlega til þjóðarinnar.

Tilgangur fyrningarleiðarinnar er þannig ekki að koma á nýju stjórnkerfi fiskveiða, heldur að gera það framkvæmanlegt. Þess vegna er fyrningarleiðin stefna Samfylkingarinnar og þess vegna mun hún verða það áfram.

*Höfundur er flokkstjórnarmaður í Samfylkingunni og vara- bæjarfulltrúi á Ísafirði. Greinina má lesa í fullri lengd á Vísi.*

## KJÓSTU EDDU!

Nú getur þú tekið þátt í að velja verðlaunahafa á Edduhátíðinni sem haldin verður á sunnudagskvöldið.

Á vefslóðinni visir.is geta allir kosið milli þeirra sem tilnefndir eru til verðlauna. Kosningu lýkur kl. 16 á föstudag 11. nóvember.

Þá verður ljóst hvaða 5 einstaklingar eru efstir í kjöri vinsælasta sjónvarpsmanns ársins. Milli þeirra er síðan kosið í símakosningu og munu úrslitin ráðast í beinni útsendingu Sjónvarpsins sunnudagskvöldið 13. nóvember 2005.

Meðlimir Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar hafa fengið sendan kjörseðil í tölvupósti og verða að hafa kosið fyrir kl. 16 á föstudaginn. Hafi einhverjir ekki fengið sendan kjörseðil geta þeir kosið föstudaginn 11. nóvember milli klukkan 10 og 16 hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands að Túngötu 14, 101 Reykjavík. Sjá nánar á logs.is

Taktu þátt í að velja sigurvegara Eddunnar!

Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían



SJÓNVARPIÐ

Forval á sjónvarpsmönnum ársins með hjálp:



Framkvæmdastjórn Eddunnar 2005 er í höndum Storm Events



EDDA 2005



Kæur vegna kjörskrár verða að hafa borist stjórn ÍKSA fyrir kl. 16 fimmtudaginn 10. nóvember 2005.

kjorskraisa@kvikmyndamidstod.is



Sólarupprás Hádegi Sólarlag  
Reykjavík 9.40 13.12 16.42  
Akureyri 9.38 12.56 16.14

Heimild: Almanak Háskólans

# allt

tíska o.fl.

**PEYSUSJÖL**  
Dóra Sigfúsdóttir hannar og  
prjónar bls. 2

heimili o.fl.

**LJÓASERÍUR**  
Lýsa upp tilveruna bls. 10

heilsa o.fl.

**HEILSUHELGI**  
Góran Kristofer hjálpar  
Íslendingum bls. 12

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA TILBOÐ O.FL

**Góðan dag!**

Í dag er fimmtudagur 10. nóvember, 314. dagur ársins 2005.

## KRÍLIN

Auglýsingarnar í sjónvarpinu eru til þess að leikararnir geti aðeins fengið að hvíla sig!



## SMÁUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁUGLÝSINGAR  
SÍMI: 550 5000

PÚ GETUR PANTAÐ  
SMÁUGLÝSINGAR  
Á vísir.is

vísir



Tómas R. Einarsson á fjórtán ára gamlan leðurjakká sem hann klæðist alltaf þegar hann getur.

## Bleikar skyrtur og lúnar flauelsbuxur

Tómas R. Einarsson tónlistarmaður heldur mikið upp á gamla leðurjakkann sinn. Hann hefur gaman af smá litagleði og klæðist bleikum skyrtum stöku sinnum.

„Það er 14 ára gamall leðurjakki, gegnslitinn og lúinn,“ svarar Tómas R. Einarsson tónlistarmaður spurður um uppáhaldsflíkina sína. Einn af kostum jakkans er að hann er frekar ófinn svo hægt er að klæðast honum hvenær sem er. „Ég er mjög mikið í honum. Reyndar neyðist ég til að flýja í nokkru hlýlegri flíkur þegar snjó tekur en í mars, apríl er orðið nógu gott veður til að ég geti farið að troða mér í hann aftur og þá er ég í honum alveg fram í nóvember,“ segir Tómas um þennan forláta jakka. Spurður að því hvort leðurjakkinn passi enn eftir öll þessi ár segir hann sér hafa tekist að halda sér grónum og spengilegum.

Tvennt er það sem hefur áhrif á fataval Tómasar. „Annars vegar eru það þægindi. Ég er til dæmis mjög hrifinn af lúnum flauelsbuxum. Eftir sex til átta ár eru þær orðnar þægilega mjúkar en þá fer reyndar líka að sjást í gegnum þær á sumum stöðum. Hins vegar hef ég dálítið gaman af litagleði stöku sinnum svo sem eiturgrænum og bleikum skyrtum,“ segir Tómas og bætir því við að í Suður-Evrópu séu karlmenn oft í bleikum skyrtum en norðar í Evrópu séu þær fátíðar.

Tómas hefur alltaf nóg að gera. Hann spilaði nýverið í grunnskólum með Jazzkvartett Reykjavíkur og einnig var hann að kynna nýja safnplötu með sönglögum sínum. „Ég læt það nægja á þessu ári,“ segir Tómas sem er farinn að undirbúa næstu plötu en hún verður tekin upp í Reykjavík og Havana á næsta ári.

mariathora@frettabladid.is

## Allir til Köben!

Hönnun Stellu McCartney í H&M í dag

Margir hafa beðið þess með eftirvæntingu að hönnun Stellu McCartney fyrir haustlínu H&M komi í verslanir og nú er komið að því. Hin eftirsóttá en mjög dýra og fágæta hönnun Bítildótturinnar snjöllu verður til sölu í 400 verslunum H&M í tuttugu og tveimur löndum aðeins þessa mánuðina og að sjálfsgöðu á hinu vel viðráðanlega H&M verði. Föt eins og þröngu gallabuxurnar með rennilás við öklann, stóra mjúka peysan, kvenlegir silkitoppar og skærliða-ádr kvöldkjólar verða ekki langt undan enda eru fötin flest endurgerðir af fyrri hönnun Stellu og má finna bæði dag- og kvöldfatnað, nærföt og fylgihluti. Stella segir sjálf að þessi lína sem verður aðeins í boði í þetta



Hönnun Stellu McCartney fyrir H&M inniheldur það besta af verkum hennar.

eina sinn sé úrval úr hönnun sinni. Margir komi til sín og lofi og að þetta samstarf við H&M sé kjörið tækifæri fyrir hana til að kynna hönnun sína fyrir breiðari hópi tískuáhugamanna.

## LIGGUR Í LOFTINU

[ HEILSA TÍSKA HEIMILI ]

Landlæknisebættið vill vekja athygli á að engar tilkynningar hafa borist frá Frakklandi um að reynt sé að lauma HIV-mengunum nálum á staði sem geta valdið stunguóhöppun. Frétt sem berst um þessar mundir á vefnum sem nefnist „Þetta er því miður ekki brandari“ er úr lausu lofti gripin. Virðist hér um að ræða enn eina útgáfu af flökkusögu sem farið hefur um veraldarvefinn í mismunandi útgáfum á síðastliðnum árum og engin ástæða til að taka hana alvarlega.



í fleiri stærðum og gerðum. Kaupstaðarstemning verður í samkomusalnum Hlíð á Akureyri á laugardaginn en þá munu nokkur fyrirtæki á Akureyri setja upp markaðstorg. Markmið þessa framtaks er að koma til móts við þá sem ekki geta heilsu sinnar vegna farið í versunarferðir og um leið að skapa skemmtilegan dag í Hlíð. Einnig mun heimilis- og starfsfólk öldrunarheimila verða með handverk til sölu. Hægt verður að kaupa kókur og kaffi á markaðnum sem er opin frá 13-17.

Tennishjónin André Agassi og Steffi Graf hafa ákveðið að ljá fyrirtækinu Aramis hjá Esteé Lauder andlit sín á nýja ilmvatnslínu sem mun bera heitið Always. Agassi hefur verið samningsbundinn Aramis í tvö ár og hefur nú fengið konu sína til að slást í hópinn. Always-ilmurinn mun lauma kvenlegum línunum inn hjá hinu karlmannlega Aramis-vörumerki en þó fær karlmannsilmurinn meiri athygli og verður fánlegur

**Malibu sófi** með Microfiber áklæði  
290x200

Kr. 149.700 stgr.

**LÍNAN**  
HÚSGÖGN  
SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is





**Jólavörurnar** eru komnar í flestar verslanir. Þeir sem vilja vera tímanlega í innkaupunum í ár geta farið að kaupa jólafötin á fjölskylduna. Það minnkar álagið á síðustu dagana fyrir jól.

Vinsælu flís serkinnir komnir aftur  
**„Live after work“**

4 litir, 4 stærðir, Verð 3.490 kr.

Mikið úrval af náttfatnaði og undirfatnaði.



*Sjáumst!*  
**COS** s. 588-5575, Glæsibær

**JÓLATILBOÐ**

Merkt handklæði með  
upphafsstöfum eða nafni

VERIÐ

Glæsibær, s. 552 0978  
www.damask.is

**falleg fót**

...hafðu þinn  
eigin stíl

Úrval af peysum  
frá YOEK  
30 – 50% afsláttur

**Fata-  
prýði**  
GLÆSIBÆ  
553-2347

**EFNALAUGIN**  
**BJÖRG**

EFNALAUG PVOTTAHÚS  
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380

TÍSKUVERSLUNIN Smart

**Nýkomið:**  
Fallegar peysur, buxur,  
blússur og toppar.

Grímsbæ við Bústaðarveg, Ármúla 15,  
Hafnarstræti 106 600 Akureyri.  
Sími 588 8050, 588 8488, 462 4010  
Email: smartgina@simnet.is



**belladonna**

Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is



**Gallabuxur**

frá kr. 4.680

**Bolir**

frá kr. 1.980



Vertu þú sjálf  
– vertu Bella donna

Opið mán-fös 11-18  
laugardaga 11-15

## Hannar og þrjónar peysusjöl og húfur

Dóra Sigfúsdóttir hefur lengi fengist við hannyrðir og meðal annars verið með námskeið þar sem hún kennir fólki að hekla og þrjóna. Þessa dagana þrjónar hún aðallega peysusjöl sem hún hefur hannað sjálf.


„Þessi peysusjöl eru ný tegund hjá mér og þau hafa vakið mjög mikla lukku,“ segir Dóra. Peysusjölín eru þrjónuð úr tvöföldum sveitalopa og eru í sauðalitinum. Dóra segir að þau komi mjög vel út og klæði hvern sem er svo framarlega sem þau séu í réttum lit fyrir viðkomandi. Dóra selur peysusjölín heima hjá sér. „Ég hef bara selt þau úr hendi í hendi og ég á eitthvað til núna,“ segir hún. Peysusjölín kosta 10.200 krónur og hægt er að hafa samband við Dóru í síma 554 0636.

Auk þess að þrjóna peysusjöl þrjónar Dóra húfur og heklar sjöl. „Húfurnar eru líka alveg ægilega smartar og þær eru bæði fyrir herra og dómur.“ ■



Húfur fyrir dómur og herra.


Dóra Sigfúsdóttir í peysusjali sem hún þrjónaði.



Dökkgrátt peysusjal.



Ljósgrátt peysusjal.



Brúnt peysusjal.



Barnahúfa og vettlingar.

## Tíska og tónleikar

Stjörnurnar þyrptust til Mónakó í vikunni.

Stjörnurnar þyrptust til Mónakó á dögunum til að taka þátt í og fylgjast með Swarovski Fashion Rocks-uppákomunni. Á henni taka tískuhönnuðir og tónlistarmenn höndum saman og safna fé sem rennur í sjóð prinsins af Mónakó, Alberts. Úr honum er síðan veitt fé til góðra málefna. Meðal þeirra sem komu fram voru Bon Jovi og Blondie. Meðal gesta var gleðifjölskylda Ozzies Osbourne. Gestir voru að sjálf-sögðu í sínu fínasta þússi. ■



Osbourne fjölskyldan í góðu stuði.



Írská söngkonan Roisin Murphy og tísku-drottningin Vivienne Westwood voru flottar.

# Múmiuleikkonan angar af Burberry

Burberry-ilmvötnin hafa fengið nýtt andlit

Leikkonan Rachel Weisz hefur landað nýju aðalhlutverki. Hún er nú andlit og talskona Burberry-ilmvatnanna. Fyrra andlit Burberrys var Kate Moss en eins og kunnugt er hefur hún brennt ansi margar brýr að baki sér með því að neyta eiturlyfja á opinberum vettvangi. Rachel Weisz er þrjátíu og fjögurra ára Breti og meðal annars þekkt fyrir að leika í kvikmyndunum um Múmiuna ófrýnilegu, eða The Mummy eitt og tvo og á móti Hugh Grant í hinni geðþekku kvikmynd About a boy. Hún kveðst vera afar spennt fyrir þessu nýja hlutverki enda sé tískuheimurinn heillandi og ólíkur hinum harða heimi kvikmyndanna. ■



anasími 568 6635 opið alla daga 15.00  
- 23.00

**Viltu kynast fólk?**

Fólk með sömu þarfir og þú er akkúrat  
núna að að spjalla saman á  
einkamal.is. Einfalt og skemmtilegt að  
kynast góðu fólk. Einkamal.is

Nautakjöts Hamborgartilboð 660.-kr.  
Glóð-inn V/Vesturbæjarlaug.

**Konur**

Þið sem hafið sent póst á Svabby á  
amateurmach.com eruð vinsamlega  
beðnar um að hafa samband aftur á  
svavar36@mmedia.is vegna óviðráðan-  
legra ástæðna hef ég ekki getað svarað.

## TILKYNNINGAR

**Menntaskólinn við Hamrahlíð****STÖÐUPRÓF í desember 2005**

Stöðupróf á vegum menntamálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð  
sem hér segir:

Föstudaginn 2. des.	Kl. 18:00	Spænska (SPÆ103 – 403)
Laugardaginn 3. des.	Kl. 10:00	Norska (NOR103 – 203) og sænska (SÆN103 – 203)
Mánudaginn 5. des.	Kl. 18:00	Danska (DAN103 – 203)
Þriðjudaginn 6. des.	Kl. 18:00	Ítalska (ÍTA103 – 403)
Fimmtudaginn 8. des.	Kl. 18:00	Franska (FRA103 – 403)
Föstudaginn 9. des.	Kl. 16:00	Enska (ENS103 – 303)
Þriðjudaginn 13. des.	Kl. 18:00	Þýska (ÞÝS103 – 403)
Miðvikudaginn 14. des.	Kl. 18:00	Stærðfræði. (STÆ103, STÆ203 og STÆ263).

Skráð er í stöðupróf á skrifstofu skólans í síma 595-5200.

Prófgjald, kr. 3500 á hvert próf, greiðist hálf tíma fyrir prófið. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Í *Aðalnámskrá framhaldsskóla* er tekið fram að þessi próf séu ætluð þeim sem búa yfir þekkingu og reynslu sem ekki  
hefur verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla. Að gefnu tilefni skal tekið fram að fyrir liggur álit menntamálaráðu-  
neytisins um að stöðupróf skuli ekki nota sem upptektarpróf fyrir nemendur sem fallið hafa á annar eða bekkjarprófi.

Rektor.



# Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24

Virka daga kl. 8–18.

Helgar kl. 11–16.

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000  
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.



FRÉTTABLAÐIÐ

vísir

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna  
þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt  
og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum  
í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en  
áður lesa og heyra auglýsinguna þína  
á einfaldan og ódýran hátt.

**KONUR HLUSTA**

83% íslenskra kvenna undir  
fimmtugu stílla á Bylgjuna, Létt 96,7  
eða Talstöðina á viku og heyra því  
samkeyrðar auglýsingar.

Auglýstu þar sem markhópurinn þinn  
er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.

# EIGNALISTINN

fasteignasala  www.eigna.is

Sigurður Örn Sigurðarson lögg. fasteignas.  
Ólafur Þór Gíslason sölustjóri  
Ómar Bendtsen sölufulltrúi  
Guðfinna Sværisdóttir ritari/skjalavinnsla  
Ágústína G. Pálmarsdóttir skjalavinnsla

Kringlunni 4 - 6 Norðurturni, 10. hæð • 103 Reykjavík • Sími 530 4600 • Fax 530 4609 • eigna@eigna.is

**FLORIDA USA**



**FLORIDA USA**  
Nú er hagstætt að kaupa í USA. Þetta glæsilega og vandaða einbýlishús í Florida er til sölu.  
Pinewood Drive 6458  
Ventura  
Orlando Florida  
Laust til afhendingar.  
Verð 399.900\$ Stgr.  
Nánari uppl. gefur Ólafur á skrifstofu Eignalistans.

**FOSSVOGUR**



**KÚRLAND**  
Tveggja hæða 310 fm raðhús á þessum mjög svo eftirsóttu stað, húsið er allt ný málað, gler og timburverk á suðurhlíð nýlega endurnýjað, 6 svefnherbergi, stórt fjölskylduherbergi, góðar geymslur, 2. baðherbergi, 1. gestasalerni, 26 fm bílskúr með hita og rafmagni, góður og gróinn garður, steinsnar frá frístundarsvæðinu í Fossvogsdal. **Verð 55 millj.**

**SUNDIN**



**LANGHOLTSVEGUR**  
2JA herbergja kjallaraíbúð í góðu 3ja íbúða húsi. Sameiginlegt þvottahús, Rúmgóð stofa og eldhús, baðherbergi með baðkari/ sturtu, rúmgott svefnherbergi. Garður afgirtur með góðu tréverki. Ný rafmagnstafla skolplagnir nýlega myndaða. Góð fyrsta eign. **V: 13,7 millj.**

**SÉRHÚSNÆÐI**



**KRINGLAN**  
Glæsileg og fallega innréttað húsnæði á 9. hæð í norðurturni Kringlunnar 4-6, með útsýni allan fjallahringinn frá Akrafjalli suður til Lönguhlíðar. Innaf plássinu er eldhúskrókur og sturtuklefi. Plássíð er ekki hannað sem skrifstofa heldur afdrepp fyrir efnaðan einstakling þar sem hann getur unnið í friði og hitt viðskiptavini og félag. **Verð 18,9 millj. stgr.**

Vegna mikillar sölu upp á síðkastið vantar okkur allar gerðir eigna á skrá!  
VERÐMETUM OG SKOÐUM SAMDÆGURS.  
SÍMI SÖLUMANNA UTAN SKIFSTOFUTÍMA  
822-4610 og 821-4605

Ö R U G G M I Ð L U N E I G N A

**FOSS** HÁTÚN 6A  
SÍMI 5 12 12 12  
Netfang: foss@foss.is  
Bragi Björnsson, lögmaður

**SELTJARNARNES - SÉRHÆÐ + BÍLSKÚR = 29,9 MILL.**



Um er að ræða fallega efri sérhæð ásamt bílskúr á eftirsóttum stað við Tjarnarstíg. Hæðin er sérlega björt og opin. 4 svefnherb. eru í íbúðinni. Baðherb. er nýl. standsett með tengi fyrir þv.vél. Stofa, borðst., eldh. og alrými, dökkt parket á gólfum. Eldhús með nýlegri og fallegri viðarinnr., vönduð tæki. Flísal. svalir með útsýni. Stutt er í alla þjón. Laus í des. Nánari uppl. veitir Úlfar hjá Foss sími 897 9030

**allt hús**  
Alla mánudaga

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**  
  
Fasteignasala • sími 533 4040  
Opíð mán.-fim. frá kl. 9-18, fös. frá kl. 9-17  
Dan V.S. Wium, lögg. fasteignasali

**Ármúla 21 • Reykjavík**

**PRASTARÁS - HAFNARFIRÐI**



Fallega innréttað 4ra herb. íbúð á 3 hæð með sérinnngangi af svölum. Alls 97,2 fm. Eldhús með fallegri innréttingu og vönduðum tækjum. Stórar suðvestur svalir. Hús og sameign í góðu ástandi, húsið er klætt að utan. **Verð 23,7 millj. nr. 5260**

**FOSSVOGUR - HÖRÐALAND**



Glæsileg og mikið endurnýjuð 4ra herb. endaíbúð á efstu hæð í litlu fjölbýli á fallegum og rólegum stað. Eldhús með nýlegum ljósum viðarinnréttingum. Fallegt útsýni. Suður svalir. Hús og sameign í góðu ástandi. nr. 5259

**MÁNAGATA - 105 RVK**



Fallega 2ja herb. íbúð á 1. hæð í þrjúbýlishúsi. Stærð 50,6 fm. Íbúðin er mikið endurnýjuð og húsið í góðu ástandi. **ÁHUGAVERÐ ÍBÚÐ Á GÓÐUM STAÐ MIÐSVÆÐIS Í BORGinni. Verð 14,2 millj. nr. 5254**

**Talstöðin**  
FM 90,9  
**ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX**  
Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

**GARÐASTRÆTI - 2 NÝJAR ÍBÚÐIR**  
GLÆSILEGAR OG SÉRLEGA VEL STAÐSETTAR ÍBÚÐIR



Tvær nýbyggðar 2ja herb. 54,5 fm íbúðir á efstu hæð í mikið endurnýjuðu húsi. Byggð var heil hæð ofan á húsið sem bæði breytir útliti húsins auk þess að fegra heildar götumyndina. Í íbúðunum er mikil lofthæð með innfeldri lýsing í lofti og gólf-síðum gluggum sem gera íbúðirnar mjög bjartar. Vestursv. og gluggar í austur og vestur. Sérlega fallegt útsýni yfir Reykjavík-urhöfn og til Esjunar. Samstæð eikarinnrétting og eikarparketi á gólf. Baðherb. eru flísalögð í hólf og gólf með sturtuklefa og tengi fyrir þv.vél. Í þessum íbúðum er allt nýtt þar sem þær eru í þeim hluta húsins sem er nýbyggður.

**HÚSAKAUP**  
Guðrún Árnadóttir, lögg. fast.sali

Sími 530 1500 • www.husakaup.is • Suðurlandsbraut 52

**FRÉTTABLAÐIÐ** **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**

2 DAGAR

AFMÆLIS

BOMBA

fimmtudag  
og föstudag

20%

AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
VÖRUM- nema af  
merktum tilboðsvörum

ATH: Nýtt kortatímabil

BOMBAN

Opið til  
9 í kvöld og  
7 á morgunLittu á AFMÆLIS BOMBUNA á  
www.tk.is

Síung verslun

Tékk  
KRISTALL  
KRINGLUNNI

ERUM FLUTT ÚR FAXAFENI Í KRINGLUNA

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.691 +0,34% Fjöldi viðskipta: 248  
Velta: 1.227 milljónir  
Tölur miðast við kl. 15:43

## MESTA HÆKKUN

↑ Kögun	+1,84%
↑ Flaga	+1,83%
↑ Marel	+1,59%

## MESTA LÆKKUN

↓ Össur	-1,52%
↓ Jarðboranir	-0,90%
↓ Dagsbrún	-0,82%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 43,40 +0,00% ...  
Bakkavör 44,80 +0,50% ... FL Group 14,10 +0,70% ... Flaga 3,90  
+1,80% ... HB Grandi 9,30 +0,00% ... Íslandsbanki 15,30  
+0,70% ... Jarðboranir 22,10 -0,90% ... KB banki 595,00 +0,30%  
... Kögun 55,50 +1,80% ... Landsbankinn 22,80 +0,00% ... Marel  
64,00 +1,60% ... SÍF 4,38 +0,90% ... Straumur-Burðarás 14,10  
+0,70% ... Össur 97,50 -1,50%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Stjórn Fiskeldis Eyjafjarðar hf. hefur nýtt sér heimild til hækkunar á hlutafé félagsins og er skráð hlutafé nú kr. 301.208.256. Hlutafé var áður kr. 169.608.244.

Eimskip, dótturfélag Avion Group, hefur fest kaup á stórflytningaskipi sem ber nafnið Laxfoss. Skipið er sérhæft flytningaskip til flutninga með fóðurvörum og aðra stórflytninga og verður í flutningum milli Íslands og Evrópu.

Logan Kruger hefur tekið við stöðu forstjóra Century Aluminium sem á Norðurál í Hvalfirði. Craig A. Davis, fráfarandi forstjóri, verður áfram stjórnarformaður þess. Kruger er menntaður námaverkfræðingur sem hefur áratuga reynslu af rekstri málmfyrirtækja.



KÖGUN KAUPIR HANDS Í NOREGI Gunnlaugur M. Sigmundsson, forstjóri Kögunar, segir að fyrirtækið verði í hópi þeirra fjögurra stærstu á sviði Microsoft-viðskiptahugbúnaðarlausna á heimsvísu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Kögun sækir inn í Noreg

Kögun tryggir sér meirihluta í stærsta fyrirtæki Noregs á sviði viðskiptahugbúnaðarlausna. Verður eitt af fjórum stærstu fyrirtækjum heims á sviði Microsoft-hugbúnaðarlausna.

Kögun hefur fest kaup á 67 prósentum hlutafjár í norska hugbúnaðarfyrirtækinu Hands ASA, sem er skráð í norsku kauphöllinni, og leggur fram yfirtökutilboð til annarra hluthafa. Heildar-kaupverðið er 1,6 milljarðar króna.

Hands sérhæfir sig í viðskiptalausnum og er með um 35-40 prósentu markaðshlutdeild á sviði Microsoft Business Solutions lausna. Gangi yfirtakan eftir þá hefur Kögun ráðandi stöðu á norska markaðnum.

Gunnlaugur M. Sigmundsson, forstjóri Kögunar, segir að kaupin eigi sér nokkurn aðdraganda en Kögun hóf að þreifa fyrir sér í maí. Þá hafi ekki verið áhugi hjá stærstu hluthöfum. Hands hefur stækkað nokkuð síðan með kaupum á tveimur félögum. „Við

fáum því í raun þrjú fyrirtæki í einum pakka. Biðin borgaði sig.“

Velta Hands, sem rekur skrifstofur í Osló, Björgvin, Stafangri og Sandefjord, er áætluð um 1,3 milljarðar króna á þessu ári en því er spáð að hún aukist um hálfan milljarð króna á næsta ári.

Stjórnendur Kögunar telja að markaðurinn sé mjög dreifður og vilja vera meðal þeirra fyrstu að steypa saman fyrirtækjum undir hjálminn sinn. „Við erum búnir að marka þá stefnu að sækja út á við og verða stærstir í hverju landi í viðskiptahugbúnaðarlausnum, sérstaklega frá Microsoft. Við sjáum fram á mikla samþjöppun í greininni á næstu árum. Þessi fyrirtæki sem selja viðskiptahugbúnaðarlausnir eru yfirleitt mjög smá og dreifð,“ segir Gunnlaugur.

„Það eru nokkur fyrirtæki sem

eru byrjuð að því sama t.d. danska fyrirtækið Columbus IT og tvö bandarísk fyrirtæki. Við erum klárlega fjórði aðilinn á markaði með Microsoft-viðskiptahugbúnaði á heimsvísu.“

Meðal seljenda eru Telenor og þekktir einstaklingar. Stærstu hluthafarnir gerðu Kögun móttílboð í gær sem félagið samþykkti. Kögun greiðir um 23 prósentu yfirverð fyrir bréfin.

Opin kerfi, dótturfélag Kögunar, rekur fyrirtæki í Svíþjóð og Danmörku sem selja vélbúnað og þjónustu. Gunnlaugur segir að Kögun horfi ekki sérstaklega til samlegðar við þau fyrirtæki.

Kögun á vel fyrir þessum kaupum, enda liggur það með tvo milljarða í handbæru fé að sögn Gunnlaugs.

eggert@frettabladid.is

## Engin umsýslugjöld hjá SPRON

Dóra Axelsdóttir, sérfræðingur hjá eignastýringu og verðbréfaþjónustu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON), segir að viðskiptavinir sem ávaxti viðbótarlífeyrissparnað sinn hjá SPRON borgi einungis kostnað sem falli til vegna fjárfestinga í verðbréfum og verðbréfasjóðum. Annar kostnaður falli ekki á þá, eins og umsýslugjöld vegna fjárfestingastefnu. Þessu sé ólíkt farið hjá viðskiptabönkunum þar sem bæði eru tekin umsýslugjöld og gjöld vegna fjárfestinga.

Dóra segir að samanburður á forsiðu Markaðarins í gær, þar sem umsýslukostnaður viðskiptabankanna af viðbótarlífeyrissparnaði var birtur, hafi af þessum sökum verið villandi. Í tölum

KB banka, Landsbankans og Íslandsbanka hafi ekki verið tekið tillit til kostnaðar vegna kaupa á verðbréfum og í verðbréfasjóðum. Því hafi samanburðurinn verið SPRON óhagstæður.

UMSÝSLUGJÖLD VEGNA  
VIÐBÓTARLÍFEYRIS-  
SPARNADAR\*

Alm. lífeyrissjóðurinn (Íslandsbanki)	0,18%
KB banki	0,3-0,6%
Landsbanki	0,39%
SPRON	0%

Við þessi gjöld viðskiptavina bætist kostnaður sem fellur til við einstakar fjárfestingar.

Tómas N. Möller hjá Landsbankanum, Haflíði Kristjánsson hjá KB banka og Kristjana Sigurðardóttir hjá Íslandsbanka staðfesta öll að í tölum á forsiðu Markaðarins í gær hafi ekki verið tekið tillit til kostnaðar sem fellur til vegna fjárfestinganna sjálfra. Þau gefi hann ekki upp eins og SPRON.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins getur kostnaður vegna viðskipta með verðbréfum og kaupa í verðbréfasjóða numið einu til tveim prósentum. Á endanum skipti samt raunávöxtun mestu máli fyrir viðskiptavinina. Hún fæst eftir að búið er að taka tillit til kostnaðar og verðbólgu. Því sé brýnt fyrir stjórnendur þessara sjóða að halda kostnaði í lágmarki.

- bg



## Opnar útibú í Kaupmannahöfn

Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hefur í hyggju að opna útibú í Kaupmannahöfn vegna aukinna umsvifa bankans á danskri grundu. Bankinn ætlar að bjóða viðskiptavinum sínum upp á fyrirtækjaráðgjöf, fjármögnun vegna fyrirtækjakaupa og annars konar bankaþjónustu.

Straumur hefur keypt ráðgjafafyrirtæki í Danmörku sem hefur langa reynslu af fyrirtækjaráðgjöf og var í eigu Oscars Crohn og Jespers Johansen. Þeir munu taka að sér stjórnun útibússins sem verður opnað þegar öll tilskilin leyfi liggja fyrir.

- eþa

**PÓRÐUR MÁR OG FÉLAGAR TIL DANMÆRKUR** Straumur hefur í hyggju að opna útibú með áherslu á fyrirtækjakaup og fjármögnun vegna slíkra kaupa.



## Apollo gerir yfirtökutilboð í Linens 'N Things

Fjárfestingafélagið Apollo Management hefur gert yfirtökutilboð í verslunarkæðjuna Linens 'N Things. Fyrirtæki tengt Rúmfatalagernum eignast í september tæplega 10 prósent hlut í Linens en yfirtökutilboð Apollo Management nemur 28 Bandaríkjadöllum á hlut.

Linens 'N Things rekur um 500 verslanir í 45 ríkjum Bandaríkjaanna og þremur fylkjum í Kanada með textílvörur og ýmsan varning fyrir heimili svo sem húsgögn og skrautmuni.

Félagið er skráð í Kauphöllina í New York og við opnun markaða í gær lækkuðu bréf félagins lítillega og var gengi á hvern hlut um 25,96 Bandaríkjadali. Í Viðskiptablaðinu í gær er greint frá því að



**RÚMFATALAGERINN** Eigendur Rúmfatalagersins gætu hagnast verulega á yfirtökutilboði á Linens 'N Things í Bandaríkjunum.

eigendur Rúmfatalagersins hafi gengishagnað af stöðu sinni í félaginu fyrir um einn til tvö milljarða íslenskra króna.

- hb

## Skiptar skoðanir innan WTO

Ráðstefna Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hvernig megi bæta lífskjör í þróunarlöndunum er fyrirhuguð í Hong Kong í desember. Vonast er til að þar verði drög að umfangsmiklum viðskiptasamningi samþykkt. Skiptar skoðanir eru þó á því hvaða leiðir eigi að fara til að minnka hindranir í alþjóðaverslun.

Fulltrúar aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar komu saman í Genf á þriðjudag. Stefán Jóhannsson, sendiherra í Genf, stýrir viðræðum um iðnaðarvörur. Á fundinum sagði hann meiri samstöðu nauðsynlega til þess að hægt væri að undirbúa samninginn. „Þið verðið að gefa mér eitt-hvað að vinna með, annars er ferlið dæmt til að misheppnast,“ hefur AFP eftir Stefáni.

- hhs

## Aukið flökt á fjármálamörkuðum

Greining Íslandsbanka segir ýmislegt benda til þess að aukið flökt verði á erlendum fjármálamörkuðum á næstunni. Það endurspeglar aukna óvissu fjárfesta um nánustu framtíð. VIX-vísitalan hækkaði um nærri fimm tíu prósent frá júlí til október þessa árs eftir að hafa náð sögulegu hámarki í sumari. Vísitalan mælir það vænta flökt sem fólgið er í verðlagningu valréttarsamninga á hlutabréf S&P500-vísitölunnar. Gildi hennar þann 1. nóvember var 14,85 sem þó er langt frá hágildinu 45 sem hún fór í síðsumars 2002. VDAX-vísitalan, sem mælir vænt flökt á þýska hlutabréfamarkaðnum, gefur það sama til kynna.

## Pixar kemur á óvart

Pixar, sem framleiðir tölvuteiknimyndir, kom fjárfestum á óvart með því að skila góðri afkomu á þriðja ársfjórðungi. Fyrirtækið skilaði 22 senta hagnaði á hvern hlut en sérfræðingar höfðu spáð ellefu sentum.

Hlutabréf í félaginu hækkðu verulega á Nasdaq-markaðnum.

Eldri myndir á borð við Toy Story og Leitinn að Nemó halda áfram að skila fyrirtækinu miklum tekjum. Um áratugur er liðinn síðan fyrsta Toy Story-myndin fór á markað.

- eþa

„Ég er ekki að biðja þig um að elska mig. Bara að við verðum saman.“

Mótframlagið þitt

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara.

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag. Við biðum þín í 410 4000 eða á landsbanki.is með ráðleggingar um hvernig þú getur fengið sem mest út úr sambandinu í Lífeyrissparnaði Landsbankans.



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans



**Talstöðin**  
FM 90,9

## PETTA GERÐIST > 10. NÓVEMBER 1928

### Hirohito krýndur keisari Japans

Á þessum degi árið 1928, tveimur árum eftir lát föður síns, var Michinomiya Hirohito settur 124. keisari Japans. Miklir umbrotatímar voru í Japan á valdatíma Hirohitos. Frá því hernaðarumsvif landsins fóru að aukast árið 1931 og þar til her Japana var gersigraður af bandamönnum árið 1945, var Hirohito einvaldur í Japan en hafði samt sem áður skert völd. Eftir að Bandaríkjamenn sprengdu borgirnar Hiroshima og Nagasaki ráðlagði Hirohito að Japan skyldi gefast upp. Í fyrstu útarvarpsræðu sinni útskýrði hann fyrir þjóð sinni að hún yrði „að þola hið óþolalega“. Hirohito var formlega sviptur öllum völdum meðan á hersetu Bandaríkjamanna stóð eftir stríð. Þá var hann neyddur til að afneita meintum guðdómleik sínum. Hann var hins vegar áfram opinber þjóðhöfðingi lands síns til dauðadags árið 1989. Hann hafði þá verið við völd í 61 ár sem var lengra en nokkur annar keisari á undan honum.



Hirohito Japanskeisari.

### MERKISATBURÐIR

- 1944 Þýskur kaþbátur sökkvir flutningaskipinu Goðafossi út af Garðskaga. Tuttugu og fimm farast en níttján er bjargað.
- 1949 Þjórsárbrú er vígð og opnuð fyrir umferð.
- 1967 Strákagöng eru formlega tekin í notkun. Þau voru þá lengstu veggöngin á landinu.
- 1982 Leonid Breznev leiðtogi Sovétríkjanna andast.
- 1994 Eiður Smári Guðjohnsen verður yngsti islenski atvinnumaðurinn í knattspyrnu þegar hann gerir samning við PSV Eindhoven í Hollandi, aðens sextán ára.
- 1995 Rithöfundurinn og mannréttindasinninn Ken Saro-Wiwa er tekinn af lífi í Nígíeríu.

ARTHUR RIMBAUD (1854-1891) LÉST PENNAN DAG

„Ég trúí því að ég sé í helvíti, og því er ég þar.“



Arthur Rimbaud var franskt skáld.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma.

**Jóhanna I. Þorbjörnsdóttir**  
Einigrund 5, Akranesi,

lést á þriðjudaginn 8. nóvember á sjúkrahúsi Akraness.

Sveinsína Guðrún Steindórsdóttir, Björn Mikaelsson  
Inga Þorbjörg Steindórsdóttir, Sigurður Mikaelsson  
Sigurður Heiðar Steindórsdóttir, Sigríður Haraldsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Kæru vinir,  
þökkum einlæga samúð, vináttu og hlýjar  
kveðjur við fráfall

**Pálma Eyjólfssonar,**  
Hvolsvegi 19, Hvolsvelli.

Það er okkur ómetanlegt hversu fallega þið hafið heiðrað minningu Pálma með nærveru ykkar og fögrum orðum.

Margrét Jóna Ísleifsdóttir Guðríður Björk Pálmadóttir  
Ingibjörg Pálmadóttir Haraldur Sturlaugsson  
Ísólfr Gylfi Pálmason Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Oddný Ólafsdóttir**  
kjólameistari, frá Látrum í Aðalvík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 27. október sl. verður jarðsöngin frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 10. nóvember kl. 15.00.

Guðbjörg Björnsdóttir Arndís H. Björnsdóttir  
Jóhanna G. Björnsdóttir Tryggvi Eyvindsson  
Hildur Björnsdóttir Ólöf S. Björnsdóttir  
Arinbjörn Björnsson Magnús Kristmannsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi

**Þorfinnur Bjarnason**  
fyrirv. sveitarstjóri á Skagaströnd

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ sunnudaginn 6. nóvember. Hann verður jarðsöngin föstudaginn 11. nóvember frá Grensáskirkju kl. 13.00.

Hulda Pálsdóttir Ingbór Þorfinnsson  
Ingibjörg Þorfinnisdóttir Guðmundur Þorbjörnsson  
Þorfinnur Björnsson  
Eliás Ingbórsson  
Erla Svanhvít Guðmundsdóttir  
Daníel Guðmundsson

## PÓRUNN MAGNEA MAGNÚSDÓTTIR LEIKKONA ER SEXTUG Í DAG

# Leiklistin er mér allt og eitt

„Ég ætla að hitta vini mína, ættingja og gamla samleikara í eftirmiðdaginn,“ segir Þórunn Magnea Magnúsdóttir leikkona sem heldur upp á sextugsafmæli sitt í dag með veglegri veislu. Hún segist þó yfirleitt ekki mikið fyrir veisluhöld. „Ég hugsaði sem svo að ef ég geymi þetta til sjötugs gæti ég verið orðin eitthvað lasin. Svo ég ætla að nota tækifærið meðan ég er hress og lifandi og flestir vina minna eru einnig í góðu formi,“ segir Þórunn glæðlega en hún æfir um þessar mundir prógramm með leikhópnum Bandamönnum sem hún hefur tilheyrt frá því árið 1992 þegar henni eins og svo mörgum öðrum var sagt upp hjá Þjóðleikhúsinu þar sem hún hafði starfað í lengri tíma. „Þetta er alíslenskt verk sem Sveinn Einarsson hefur tekið saman og byggist á gömlum kvíðlingum um dansa og mannleg samskipti,“ útskýrir Þórunn en ásamt henni og Sveini eru í Bandamönnum, Borgar Garðarsson, Jakob Þór Einarsson, Stefán Sturla Sigurðarson, Felix Bergsson og Guðni Fransson sem frumsamdi tónlistina við verkið. Auk þess fengu þau til liðs við sig leikkonuna Jóhönnu Vigdís. Bandamenn eru víðförlur hópur og hefur sýnt í Evrópu, Asíu og Norður-Ameríku.

Þórunni þykja það ekki ýkja stór tímamót að fylla sex tugi. „Mér brá svolítið þegar ég varð fertug,“ segir Þórunn og minnst þess að henni hafi þótt fertugar kerlingar ævagamlar þegar hún var yngri. „Mér fannst ég ekkert gömul og eftir að ég jafnaði mig á þessu hefur aldurinn ekki haft nein áhrif. Ég er bara glöð yfir því að vera á randi, hafa það gott og hafa þá sem ég elska í kringum mig,“ segir Þórunn sem finnst vináttan dýrmætasta gjöfin sem henni hefur verið gefin.

Þórunn er ekki sár yfir því að hafa þurft að hætta hjá Þjóðleikhúsinu á sínum tíma. „Það var allt í lagi, ég fór að lifa voða skemmtilegu lífi. Fóru til að mynda í Bandamannahópinn og síðan að setja upp sýningar úti á landi,“ segir Þórunn glæðlega enda fannst henni frábært að kynna fólkinn í áhugamannahópnum á lands-



VINÁTTAN BESTA GJÖFIN Þórunn ætlar að gleðjast með vinum, ættingjum og gömlum samleikurum í dag.

byggðinni en einnig leikstýrði hún tveimur verkum hjá Leikfélagi Akureyrar. Nú er hún hins vegar hætt að leikstýra úti á landi. „Ég læt unga fólk um það. Á vissum aldri kemst maður að því að rúmið manns er hlut-

ur sem maður þarf á að halda,“ segir Þórunn sem elskar að lesa bækur og hlusta á tónlist. Aðaláhugamálið verður þó alltaf leiklistin. „Leiklistin hefur eiginlega alltaf verið mitt allt og eitt.“

### LEGSTEINAR

S: HELGASON  
Skermmúvegi 48  
S: 557 6677  
www.steinsmidjan.is

### JARÐARFARIR

13.00 Árni Sighvatsson, Dyngjuvegi 17, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

### ANDLÁT

Geir Dalmann Jónsson, Dalsmynni, Norðurárdal, lést á heimili sínu laugardaginn 5. nóvember.

Þórhallur Ágúst Þorláksson leigubílstjóri frá Skógum í Öxarfirði, lést á elliheimilinu Grund laugardaginn 5. nóvember.

Þórunn P. Guðmundsdóttir frá Skálum á Langanesi, andaðist á Garðvangi, Garði, sunnudaginn 6. nóvember.

Guðni Jónsson, Kjalalandi 29, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 7. nóvember.

Margrét Hafsteinsdóttir, andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi mánudaginn 7. nóvember.


Skúli Jónsson bóndi á Selalæk, Rangárvöllum, lést á Landspítalanum mánudaginn 7. nóvember.

Sólveig Benediktsdóttir frá Erpsstöðum, áður til heimilis á Bárugötu 21, andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 7. nóvember.

### AFMÆLI




Gylfi Ægisson tónlistarmaður er 59 ára



Svanfríður Jónasdóttir, fyrrverandi alþingismaður er 54 ára



Guðjón Pedersen leikhússtjóri er 48 ára



Magnús Scheving hugmyndasmiður Latabæjar er 41 árs



### Afmæli

Laugardaginn 12. nóvember verð ég fimmtugur.

Í tilefni dagsins tek ég og fjölskylda mín á móti gestum í Gunnarshólma frá kl. 20.00.

Kveðja,  
Garðar Hólmi.

# ÓTRÚLEGT VERÐ

Það hefur aldrei verið ódýrara að kaupa HP geislaprentara

TÖLVULISTINN

## HP 4650DN ColorLaser



- Afkastamikill lita geislaprentari fyrir meðalstór fyrirtæki
- Innbyggð netkort þannig að allir geta prentað án vandræða
- Einstaklega hraður aðeins 15 sek að prenta út fyrsta blað
- Prentar allt að 22 bls á mínútu í lit með HP ImageREt 3600
- 100 bls fjölnotabakki og 500 bls pappírshakki
- Innbyggð Duplex (prentar báðu megin á blaðið sjálfvirk)
- 2 ára ábyrgð jafnt til fyrirtækja sem einstaklinga
- HP 4650DN er hvergi á betra verði en í Tölvulistanum

**VERÐ 129.900**

Lægsta auglýsta verð frá samkeppnisaðilum **kr. 231.900**

## HP 3550N ColorLaser



- Öflugur hágæða lita geislaprentari frá HP
- Með Jetdirect netkorti svo allir geta prentað án vandræða
- Aðeins 22 sek að prenta út fyrsta blað
- Prentar allt að 16 bls á mínútu í lit með HP ImageREt 2400
- 100 bls fjölnotabakki og 250 bls pappírshakki
- Einnig hægt að tengja í USB tengi
- 2 ára ábyrgð jafnt til fyrirtækja sem einstaklinga
- HP 3550N er hvergi á betra verði en í Tölvulistanum

**VERÐ 49.900**

Lægsta auglýsta verð frá samkeppnisaðilum **kr. 89.900**



invent

Auglýsing birt með fyrirvara um breytingar og innsláttarvillur

# NÆR TIL 86% HEIMILA

**NOTAÐU ÖFLUGASTA FJÖLMÍÐIL LANDSINS TIL AÐ DREIFA INNSKOTSBLÖÐUM OG EFNI TIL PINNA VIÐSKIPTAVINA**

## FRÉTTABLAÐIÐ

**ADALVINNINGUR PSP + GTA**

SENDU SMS SKEYTIÐ BTC PSP Á NÚMÉRÍÐ 1900 SVARABU EINI SPURNINGU UM PLAYSTATION OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

12. HVER VINNUR. PSP TÖLVUR FULLT AF AUKAVINNINGUM: PSP TÖLVUR PSP TÖLVULEIÐIR DVD MYNDR KIPPUR AF COCA COLA!

D3 MOBILE PlayStation.2

VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÖPAVOGI. MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 149 KR/SKEYTIÐ. \* ADALVINNINGUR ER DREGIN ÚR ÖLLUM INNSENDUM SMS SKEYTUM

### STUÐ MILLI STRÍÐA Ah búddi búddi

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR TELUR TUNGUMÁLIÐ STUNDUM ÓPARFT



Mér finnst auglýsing KB banka, þar sem Þorsteinn Guðmundsson er í Cambridge á Englandi og talar um uppfinningu tungumálsins, alveg brjálæðislega myndin. Þar veitir hann því fyrir sér hvað hefði orðið um okkur ef tungumálið hefði ekki verið fundið upp, og bregður á það ráð að tala bullýsku máli sínu til stuðnings. Ahbúddi búddi. Það sem mér finnst einna fyndast við þetta

er að þetta bullmál gæti vel virkað í hefðbundnu hversdagslegu samtali. Eins og til dæmis þegar tvær manneskjur mætast á götu, heilsast og spyrjast fyrir um líðan hvor annar. Spurning: Hvernig hefðu þau? Hvaða heilvita maður myndi svo sem svara þessari spurningu af einhverri alvöru? Spurningin er alltaf sú sama, svarið alltaf það sama, maður hefur það fínt. Manni yrði áreiðanlega brugðið ef maður mætti gömlum skólafélaga og hann tæki upp á því að segja manni að hann væri með hrikalegan niðurgang eða að hann óttast að hann sé að missa starfið. Ekki er ég viss um að maður tæki því betur, ef hann færi að segja hvað hann hefði það

rosalega gott, hvað allt gengi ótrúlega vel og hvað hann ætti mikið af peningum og lifði spennandi og góðu kynlífi. Svona svör væru alltof persónuleg, of miklar upplýsingar og alltof óþægilegt að fá að heyra sannleikann. Það skiptir nefnilega engu einasta máli hvað maður segir, og ef maður gefur einhverjar upplýsingar, eins og til dæmis um vinnustað, eða fjölda barna sem maður hefur eignast, gleymast þær yfirleitt fljótt. Spurningin er ekki til þess að fá svör, heldur til þess eins að útiloka þögnina þegar maður mætir einhverjum sem maður þekkir og vill heilsa. Eitthvað verður maður víst að segja. Því ekki að prófa ah búddi búddi?

### myndasögur

#### ■ Pondus

Eftir Frode Overli



#### ■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



#### ■ Þú og þa

Eftir SÖB




#### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



#### ■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



### ■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

#### Lausn á gátu gærdagsins

4	7	9	2	3	5	1	8	6
3	2	6	8	9	1	5	4	7
8	5	1	7	4	6	9	2	3
2	8	7	4	5	3	6	9	1
9	1	4	6	2	7	8	3	5
6	3	5	9	1	8	2	7	4
1	4	2	3	6	9	7	5	8
7	6	3	5	8	2	4	1	9
5	9	8	1	7	4	3	6	2

6		9	4					3
		1	3		8			
3	8							
		4	5					6
		3		2		8		
	2				4	3		
							9	5
		6		1	2			
5			3	9				4



Vönduð ítölsk  
Borðstofuhúsgögn

Slökunarstólar  
í miklu úrvali

Tilboðsverð aðeins kr.

**49.900.-**

Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli

Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt



hvíldarstólar



Hillusamstæða verð kr. 189.000.-

Vandaðar hillusamstæður verð frá kr. 166.500.-



skovby

Mikið úrval af vönduðum borðstofuhúsgögnum



Lúxus leður-hægindasófar

með stillanlegu baki og skemli. Frábærir sjónvarps-sófar

Litir: Brúnt / hvítt

3 sæta m/ 2 borðum  
Verð aðeins kr. 218.000.-

4 sæta m/ 2 borðum  
Verð aðeins kr. 268.000.-



Leður sófasett  
í miklu úrvali

Leðursófasett 3+1+1  
Litir: Ljóst, koníaksbrún og rauðbrúnt

Verð aðeins kr.  
**188.000.-**



Italsofa  
*The Italian touch*

Vandað leðursófasett  
Litir: Hvítt, dökkbrúnt

Verð kr. **249.000.-**



Leðurhornsófar

Italsofa  
*The Italian touch*

Vandaður hornsófi með nautaleðri á frábæru verði.  
Litir: Dökkbrúnt, hvítt

Verð aðeins kr.

**249.000.-**



Sófasett m/áklæði

Italsofa  
*The Italian touch*

Vandað sófasett með slitsterku áklæði á frábæru verði.  
Litir: Beige, ljóst, fölgrent

Verð aðeins kr.  
**139.000.-**

Val húsgögn

Sjáið úrvalið á  
[www.italsofa.com](http://www.italsofa.com)  
Nýkomið mikið úrval af hornsófum

Ármúla 8 - 108 Reykjavík  
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið virka daga 10-18 - Laugard 11-16

# Stílhreint og glæsilegt

Minotrend baðkrókar:

**499** kr.



Minotrend baðhengi

**499** kr.

Söluastaðir:  
Smáratorg  
Akureyri  
Egilsstaðir



**EKKERT BRUÐ!**

Söluastaðir:  
Smáratorg  
Akureyri  
Egilsstaðir

Minotrend kranar  
Veljið sjálf!  
5 útgáfur  
Verð á krana nú

**2999** kr.

Verð áður:  
3999 kr. - 4999 kr.

Söluastaðir:  
Smáratorg  
Akureyri  
Egilsstaðir



Minotrend WC bursti

**499** kr.

Verð áður 1999 kr.

**Allt sem þarf!**



Minotrend sturtusett

**1999** kr.

ALLAR  
sérvörubúðir

Minotrend baðsett  
4 hlutir - 5 útgáfur

**1999** kr.

VERÐ ÁÐUR: 3900 KR.



ALLAR  
sérvörubúðir

**Úrvals verð!**

# Mörgæsirnar eru fæddar kvikmyndastjörnur

Þrettán mánuðir í fjörotú stiga frosti á einhverju einangraðasta landsvæði jarðarinnar. Í fljótu bragði hljómar þetta ekki eins og ákjósanlegur vinnuaðstæður en Luc Jacquet, leikstjóri kvikmyndarinnar um ferðalag mörgæsanna, segist sakna vetrarins á Suðurskautslandinu. Freyr Gígja Gunnarsson vildi fá að vita af hverju.

Luc Jacquet er frekar hávaxinn og stórgerður, menntaður líffræðingur sem hefur sérhæft sig í hegðunarmynstri dýra. Mynd hans um ferðalag keisaramörgæsanna hefur slegið í gegn um allan heim. Hún er önnur aðsóknarmesta heimildarkvikmynd sögunnar og ein aðsóknarmesta erlenda myndin í Bandaríkjunum. Luc fór fyrst á Suðurskautslandið árið 1992, þá sem vísindamaður þar sem hann dvaldist á franskri rannsóknarstöð. „Eftir þá ferð langaði mig til að deila þessari lífsreynslu með öðrum,“ segir Luc á bjagaðri ensku en hann hefur með sér túlk ef honum skyldi liggja mikið niðri fyrir. „Mér fannst áhugavert að nálgast viðfangsefnið með meiri ástríðu en vísindarannsóknir krefja og segja frá af meiri ákafa,“ útskýrir hann.

Luc segist ekki vera brjáláður þó að í fljótu bragði virðist það óðs manns æði að standa úti í þeirri hríð sem við sjáum í myndinni. „Sumir kunna vel við sig þegar þeir klífa fjöll. Aðrir vilja ganga í marga daga,“ segir Luc. „Það var mikil áskorun að vera þarna en okkur leið vel. Í raun sakna ég vetrarins á Suðurskautslandinu,“ útskýrir hann og hlær.

**Myndin sem aldrei átti að verða** Í lok myndarinnar dylst engum að þarna er meistarastykki á ferð. Á „Spurt og svarað“-sýningu sem Jacquet var viðstaddur hér á landi fékk hann fjölda spurninga, þar á meðal hvað hefði verið erfiðast. Luc svaraði því til að það hefði ekki verið einangrunin né kuldinn heldur að fá peninga. Það virðist enda hálf asnalegt að koma á fund kvikmyndaframleiðanda og ætl-



LUC JACQUET Eftir þrettán mánaða dvöl á Suðurskautslandinu var leikstjórinn svo þreyttur að hann beið í ár eftir að láta framkalla filmurnar.

and heldur áfram að hlaða þær lofi. „Þegar fram liðu stundir áttaði ég mig á því að mörgæsirnar voru hið fullkomna dýr til að mynda,“ útskýrir hann. „Þær eru vinalegar, þær tala ekki framandi tungu þannig að það er hægt að þýða þær yfir öll tungumál heims, engar samningaviðræður þurfa að fara fram og þær krefjast ekki hluta af gróðanum. Ég þarf ekki einu sinni að senda þeim humar,“ segir leikstjórinn og hlær dátt.

**Textinn eingöngu til útskýringar** Það er engin dramatísk sinfónía sem dynur í eyrum áhorfendans undir myndinni heldur tónlist

Luc. „Ég vildi nota sem minnst af orðum en nóg samt þannig að áhorfandinn skildi hver framvindan væri.“

## Of þreyttur

Nedansjávarenurnar í myndinni eru magnaðar en þar sést hvar kvenfluglarnir veiða sér til matar og safna forða handa ófæddum unganum. Þær synda mitt á meðal rándýra en mörgum hefur verið það hulin ráðgáta hvernig þessar tókur fóru fram. „Það fóru tveir reyndir kafarar undir íshelluna og dvöldust þar í 45 mínútur í senn með myndatökuvél. Þegar þeir komu upp voru þeir eitt stórt brot. Ég vissi reyndar aldrei hvort þær væru svona glaðir eða bara freðnir,“ segir Luc og hlær. Það er augljóst að hann dáist að samstarfsfólki sínu enda segir hann að allir hafi lagst á eitt við að gera myndina sem best úr garði.

Eftir að hafa dvalist í þrettán mánuði fjarri mannabyggðum kom Luc loksins heim. Dvölin reyndi svo mikið á líkamlegt þrek hans að Luc treysti sér ekki til að líta á efnið í rúmt ár. „Þetta var einhver brjálæðislegasta áskorun sem ég hef nokkurn tímann tekið þátt í,“ viðurkennir hann. Þegar filmurnar fóru loks í framköllun beið hann milli vonar og ótta enda hafði leikstjórinn aldrei séð hvað hann hafði í höndunum. Aðstæðurnar á Suðurskautslandinu eru ekki beint klæðskerasniðnar fyrir kvikmyndagerð. „Svo hringdi loksins náunginn frá framköllunarfyrrtækinu og ætlaði að hefja einhverja langlokuræðu um hitt og þetta. Ég óskraði bara á hann hvort þetta væri í lagi,“ útskýrir Luc og skellir upp úr. Minningin um hið jákvæða svar mannsins hinum megin við línuna á eflaust eftir að ylja honum um hjartaræturnar á ævkvöldinu.

Hvergi sést manneskja í myndinni og leikstjórinn passar sig á því að halda sér í góðri fjarlægð frá viðfangsefninu. Hann segist hafa viljað miðla sinni líðan á þessum stað. „Sagan er nógu sterk og fegurð hennar er svo mikil að ég þurfti aldrei að blanda mér inn í þetta líf.“



KEISARAMÖRGÆSIRNAR Hið magnaða ferðalag mörgæsanna hefur heillað heimsbyggðina upp úr skónum og er myndin orðin önnur aðsóknarhæsta heimildarkvikmynd sögunnar.

ast til þess að þeir leggi peninga í mynd um mörgæsir. „Í maí á síðasta ári var buddan orðin tóm. Viku fyrir Cannes-hátíðina fundum við dreifingaraðila sem lagði til það sem upp á vantaði,“ segir Luc og bætir við að ef þetta hefði ekki gengið eftir hefði myndin aldrei orðið að veruleika. „Þetta framlag veitti henni framhaldslíf og henni var dreift til fimmtíu landa,“ segir hann hróðugur en viðurkennir að hér hafi heppni spilað stóra rullu. „Til að njóta svona velgengni þarf maður á henni að halda,“ útskýrir hann.

Luc segist ekki strax hafa gert sér grein fyrir því hversu mikla stjörnuhæfileika keisaramörgæsirnar hefðu. „Ég áttaði mig ekki á því fyrr en seinna,“ segir hann

hinnar ungu Emilie Simon. „Ég vildi tónlist sem væri samin í núinu og Emilie Simon hentaði vel til verksins,“ útskýrir Jacquet og segir að það hafi heppnast mjög vel því verkið hennar sé í stíl við myndina. „Tónlistin hefur yfir sér ævintýralegan blæ,“ útskýrir hann.

Texti sem lesinn er í myndinni er notaður á mjög högværan hátt enda segir leikstjórinn að hann eigi eingöngu að vera til útskýringar á framvindu mála. „Þetta er reyndar saga sem skilst ekki án texta. Það er til að mynda ekki hægt að gera greinarmun á karl- og kvenfugli. Áhorfandi sem glatar þeirri útskýringu missir tengingu við söguna og glatar þeim krafti sem umlykur hana,“ segir





**Kl. 19.30**

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói stendur hinn virti sellóleikari **David Geringas** við stjórnvöllinn, auk þess sem hann leikur einleik á sellóíð. Flutt verða verk eftir Tsjajkovskí, Boccherini og Dvorák.

## menning

menning@frettabladid.is

## Halldór sýndur hratt

Þjóðleikhúsið er að taka upp nýtt sýningafyrirkomulag, þannig að leiksýningar á verkefnaskrá leikhússins verða aðeins sýndar í takmarkaðan tíma. Hins vegar verða þær sýndar þeim mun þéttar þann tíma sem þær eru í sýningu.

Fyrsta sýningin á Stóra sviði sem sýnd hefur verið með þessum hætti er Halldór í Hollywood eftir Ólaf Hauk Símonarson. Sýningar á þessu verki hafa verið að jafnaði þrjú til fjögur kvöld í viku, frá frumsýningu 14. október sl. Sýningum lýkur fyrir júl og Halldór í Hollywood vikur þá fyrir nýrri sýningu, Túskildingsóperunni eftir Kurt Weil og Bertholt Brecht.

Þetta sýningarfyrirkomulag er vel þekkt í evrópskum leikhúsum, enda viðurkennt að mun hægara er fyrir sviðslistamenn að ná öruggum tókum á hlutverkum sínum þegar sýnt er ört en þegar sýningar eru með löngu millibili. Þjóðleikhúsið segir ávinninginn af þessu nýja sýningarfyrirkomulagi umtalsverðan, ekki einungis í listrænu tilliti heldur einnig rekstrarlegu, meðal annars vegna þess að ekki þarf að skipta



Halldór í Hollywood.

um leikmyndir um nætur og helgar, og kostnaður við sýningar er minni þegar sýnt er þétt í afmarkaðan tíma. Með hinu nýja sýningarfyrirkomulagi skapast aukíð fjárhagslegt svigrúm, sem leikhúsið getur nýtt til annarra þarfa.

Um síðustu helgi var uppselt á nánast allar sýningar Þjóðleikhússins, til að mynda sáu tæplega 1000 manns Halldór í Hollywood á Stóra sviðinu.

> Ekki missa af ...

... einleikum **Manntafl** í Borgarleikhúsinu, þar sem **Pór Tulinius** flytur eigin leikgerð á frægri smásögu Stefans Zweig.

... einleikum **Ég er mín eigin kona** í lðnó, þar sem **Hilmir Snær Guðnason** fer á kostum.

... sýningu **Pórs Vigfússonar** í galleri ið við Klapparstíg.



**HILMAR JENSSON OG SIMON JERMYN**  
Tveir gítarleikarar með spunatónleika í Fríkirkjunni.

## Spinna í kirkjunni

„Þetta er spunatónlist sem við ætlum að spila. Samt er þetta ekki djass, held ég, en þó er þetta skylt djasstónlist,“ segir Simon Jermyn gítarleikari, sem verður með tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld ásamt Hilmari Jenssyni gítarleikara.

Að mestu leyti verða tónleikarnir byggðir á spuna, en þó taka

þeir eitthvað af lögum sem hafa verið samin fyrirfram, í það minsta eitt eftir Simon og væntanlega annað eftir Hilmar.

Simon er frá Írlandi, nýfluttur til landsins en hafði áður lokið meistaraþrófi í djassgítarleik í Hollandi. Hann kom meðal annars fram á Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju í sumar. ■



ÁGÚST OG IZUMI Þau hafa starfað saman sem dúó í nokkur ár og koma fram á tónleikum í Salnum í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Stjórnar með sellóí

GUL TÓNLEIKARÖÐ Í HÁSKÓLABÍÓI

Í KVÖLD, FIMMTUDAGSKVÖLD KL. 19.30

DAVID GERINGAS, einn af frægustu sellistum heims leikur einleik með SINFÓNÍUHLJÓMSVEITINI á fimmtudaginn og stjórnar einnig hljómsveitinni. Efnisskráin er tilhlökkunarefni og geislar af fjöri og lífsgleði.

Hljómsveitarstjóri og einleikari ::: David Geringas

Pjotr Tsjajkovskí ::: Capriccio Italien  
Luigi Boccherini ::: Sellókonert í D-dúr  
Antonín Dvorák ::: Sinfónía nr. 8



## Sinfónían í Bítlabænum

TÓNLEIKAR Í KIRKJUVÖLVI, SAFNADARHEIMILI KEFLAVÍKURKIRKJU

Á MORGUN, FÖSTUDAGINN 11. NÓVEMBER KL. 20.00

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS heldur tónleika í KIRKJUVÖLVI, SAFNADARHEIMILI KEFLAVÍKURKIRKJU. Þar mun okkar ástsæla söngkona Sigrún Hjálmtýsdóttir – DIDDÚ – flytja margar af sínum uppáhalds perlum.



Hljómsveitarstjóri ::: Kurt Kopecky  
Einsöngvari ::: Sigrún Hjálmtýsdóttir

Perlur og skrautarúr eftir Händel, Bellini, Mozart, Offenbach, Bernstein og Verdi



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS  
SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS

## Ævintýrin og rómantíkin

Danska ævintýraskáldið **H.C. Andersen** og þýska leikritaskáldið **Friedrich Schiller** verða báðir í aðalhlutverki á tónleikum **Ágústs Ólafssonar barítónsöngvara** í Salnum í kvöld.

Tónleikana nefnir Ágúst „Ævintýramaður og rómantíker“, sem á einkar vel við þar sem á efnisskránni eru sönglög og aríur eftir Grieg, Schumann, Schubert, Rossini og Verdi við texta eftir danska ævintýraskáldið og þýska rómantíkerinn.

Sem kunnugt er hafa Danir verið að halda upp á það að 200 ár eru liðin frá fæðingu Andersens, en mikið hefur líka verið við haft í Þýskalandi þar sem menn hafa í ár verið að halda upp á að 200 ár

eru liðin frá andláti Schillers.

„Schiller var talinn Shakespeare Þýskalands á sínum tíma,“ segir Ágúst, sem kemur fram ásamt japanska píanóleikaranum Izumi Kawakatsu.

„Hvorki Andersen né Schiller eru sérstaklega þekktir fyrir ljóðin sín. Þeir eru mjög ólík skáld, en báðir sömdu þeir ljóð og við Izumi höfum lengi haft augastað á tónverkum sem voru byggð á ljóðum þeirra. Okkur fannst gott að nota þetta tækifæri til að minnst þeirra, ekki síst vegna þess hvað þeir voru ólíkir. Þetta býður upp á báysna fjölbreytilegt einsöngskvöld.“

Izumi Kawakatsu hefur búið í Þýskalandi í ein sex ár þar sem hún hefur stundað nám í ljóðasöngsundirleik.

„Ég hittir hana þar sem ég var í ljóðasöngsnámi í Karlsruhe. Síðan

var okkur skömmu síðar boðið að taka þátt í tímum í ljóðasöng hjá Dietrich Fischer-Dieskau. Upp frá því fórum við að starfa saman sem dúó og höfum haldið tónleika víða.“

Þau hafa einnig sótt tíma hjá hinni virtu söngkonu Elisabeth Schwarzkopf og tóku á síðasta ári þátt í alþjóðlegri ljóðasöngsdúókeppni í Stuttgart þar sem þau lentu í öðru sæti.

Ágúst býr í Finnlandi en er með annan fótinn í Þýskalandi þar sem hann kemur reglulega fram á tónleikum.

„Við Izumi vorum meðal annars með tónleika í gamalli höll í Bruchsal núna í október. Nýlega tókum við líka þátt í norrænum ljóðasöngstónleikum með norskum og finnskum söngvurum, og stundum kiki ég líka í tíma hjá Elísabetu.“

## Afmælistónleikar kvennakórs

Kvennakór Hafnarfjarðar fagnar tíu ára afmæli sínu með því að halda tvenna afmælistónleika, aðrir verða í Seltjarnarneskirkju í kvöld og hinir í Víðistaðakirkju á laugardaginn.

Kórinn hélt nýverið nokkra tónleika á Spáni í tilefni afmælisins. Það var Kórasamband Katalóníu sem skipulagði tónleikahald í Barcelona en í Torredembarra hélt kórinn tónleika í boði Obra Musical de l'Orgue Barroc og Menningamálanefndar Torredembarra. Í klausturkirkjunni á Montserrat-fjalli söng kórinn síðan fyrir kirkjugesti er troðfylltu þessa



**KVENNAKÓR HAFNARFIJARÐAR** Nýkominn úr tónleikaferð um Spán en heldur afmælistónleika í Seltjarnarneskirkju í kvöld, og síðan í Víðistaðakirkju á laugardaginn.

stóru, frægu kirkju sem talin er einn helgasti staður Spánar.

Allir tónleikar kórsins voru mjög vel sóttir og lýstu tónleikagestir óspart ánægju sinni með sönginn.

Það ríkti svo sannarlega glöðleg og skemmtileg stemning hjá kátum Katalóníubúum sem komu og hlustuðu á kórinn. Stjórnandi Kvinnakórs Hafnarfjarðar er Hrafnhildur Blomsterberg og píanóleikari Antonía Hevesi.

Fyrri afmælistónleikarnir hér á landi verða í Seltjarnarneskirkju í kvöld klukkan 20 og þeir síðari í Víðistaðakirkju á laugardaginn klukkan 16. Efnisskrá tónleikanna er fjölbreytt að vanda. ■



# Don Kíkóti í Gerðubergi

Í tilefni þess að í ár eru rétt 400 ár liðin síðan skáldsaga Spánverjans Cervantes um Don Kíkóta leit dagsins ljós, verður málþing helgað riddaranum sjónumhrygga í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi á sunnudag. Að málþinginu standa sendiráð Spánar, Menningarfélagið Hispánica, Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands. „Við ætlum að velta því fyrir okkur af hverju sagan af Don Kíkóta hefur lifað í fjórar aldir,“ segir Hólmfríður Garðarsdóttir, lektor við Háskóla Íslands, en hún stýrir málþinginu. „Sendiráð Spánar í Osló bauðst til að senda til okkar tvo af helstu sérfræðingum Spánar í sögunni

um Don Kíkóta, þá Carlos Alvar og José Manuel Bleuca og þeir ætla að halda tölu. Þá mun doktorsnemi við Santa Barbara háskólann í Bandaríkjunum, Brian Fraizer, flytja tölu sem og Margrét Jónsdóttir úr Háskólanum í Reykjavík. Hún ber formála Don Kíkóta saman við Stríðsmenn Salamis eftir Cercas og brúar þannig þetta 400 ára bil á milli okkar.“

Hólmfríður telur að Don Kíkóti eigi enn fullt erindi í dag. „Það er að það er hægt að lesa bókina á mörgum stigum, bæði sem spænskan texta sem er bundinn við sinn tíma en ekki síður sem sögu sem fjallar um það að vera mennskur og við getum öll fundið



**HÓLMFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR** Cervantes fjallar um mennskuna og því á Don Kíkóti ennþá erindi við okkur. FRÉTTABLAÐIÐ / RÓBERT

í okkur.“

Málþingið stendur frá klukkan 15 til 17 á sunnudag, Aðgangur er ókeypis og öllum opin. - bs



## 10 ára afmælistónleikar Kvennakórs Hafnarfjarðar

Seljamameskirkju, fimmtudaginn 10. nóv. kl. 20:00  
Viðistaðakirkju, laugardaginn 12. nóv. kl. 16:00

Stjórnandi Hrafnhildur Blomsterberg  
Píanóleikari Antonía Hevesi

Miðaverð kr. 1500

Forsala aðgöngumiða er hjá kórfelegum, Súlstanum, Mál og menningu, Reykjavík og Strandgötu 9, Hafnarfirði.

www.kvennakorinn.org



## NÝJAR BÆKUR



**Fólkið sem gat ekki dáið** heitir skáldsaga eftir Natalie Babbitt sem Uppheimar hafa gefið út í þýðingu Gyrðis Eliassonar. Bókin er allt í senn, spennandi, hugljúf, áleitin og sorgleg.

Uppheimar gefa út þýðingar Vésteins Lúðvíks-sonar á ljóðum Po Chü-i. Vésteinn hefur valið úr miklum ljóðaarfi þessa kínverska skáldsafn ljóða í bók sem heitir **Brjálsemiskækir á fjöllum**.



Bókaútgáfan Uppheimar hefur sent frá sér **Tvísöng hins eina**, meira en tvö þúsund ára gamalt spekirit frá Indlandi í þýðingu Vésteins Lúðvíks-sonar.

**Frankenstein** eftir Mary Shelley í þýðingu Helga Más Barðasonar er komin út hjá bókaútgáfunni Hólum. Þetta er ógnvekjandi og sígild bók, vafalítið frægasta hryllings-saga allra tíma.




Frá Máli og menn-ingu er komin út spennusagan **Morðið í Drekkingshyl**, fimmta bókin um hina eitursnjöllu Stellu Blómkvist. Fyrri bækur Stellu Blómkvist hafa notið mikilla vinsælda hér heima en hafa auk þess komið út í Þýskalandi og fengið mjög góðar viðtökur.



Þorpsskáldið Jón úr Vör nefnist ný bók eftir Magnús Bjarnfreðsson sem bókaútgáfan Hólar hefur sent frá sér. Í bókinni rekur Jón úr Vör lífshlaup sitt.



Bókaútgáfan Skrudda hefur gefið út bókina John Lennon – **Ævisaga**, eftir John Wyse Jackson. Bókin er gefin út til að minnast 25 ára dánar-afmælis Lençons, og skoðar hvernig írskur uppruni hans hafði áhrif á tónlist hans, skoðanir og líffsýn.



Lífsloginn er ný skáldsaga eftir Björn Þorláksson sem bókaútgáfan Tindur hefur gefið út. Lífsloginn lýsir þremur vikum í lífi Loga, drykkfellds menntaskólakennara sem leitast sér fróunar hjá 17 ára nemanda sínum.



SENA KYNNIR:

## ÖNNUR SÓLÓPLATA JÓNS SIGURÐSSONAR TIL ÞÍN

LÍUF OG GÓÐ PLATA MEÐ HJARTAKNÚSARANUM. KOMIN Í VERSLANIR.



góða skemmtun ▶







**POTTER Í HÖFN** Baldur Guðnason, forstjóri Eimskipafélagsins, opnaði gáminn sjálfur og afhenti Bryndísi Loftsdóttur, vörustjóra íslenskra bóka hjá Pennanum, fyrsta eintakið.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Harry Potter kominn til landsins

Aðdáendur Harry Potter bíða nú í ofvæni eftir að 12. nóvember renni upp en þá er nýjasta ævintýrið um galdrastrákinn knáa, Harry Potter og Blendingsprinsinn, væntanlegt í bókaverslanir. Á þriðjudagskvöld lagði Goðafoss í höfn með fullfermi af bókinni. Til stóð að taka á móti Harry með flugeldasýningu í Sundahöfn en ekki fékkst leyfi fyrir húllumhæinu frá borgaryfirvöldum. Bókin er sú sjötta í röðinni um ævintýri Harry Potter og vini hans. Nú er hann orðinn unglingur með tilheyrandi sálarflækjum auk þess sem áhugi á hinu kyninu fer

að þvælast fyrir honum. Í bókinni er ævisaga Trevors Delgome, sem tók sér nafnið Voldemort og er erkióvinur Harry, að mestu rakin. Harry Potter og Blendingsprinsinn er nokkru styttri en bókina á undan en er þó um 500 blaðsíður og er orrustan loks að hefjast fyrir alvöru og töframenn og nornir skiptast í fylkingar. Sjötta bókin um Harry Potter er vinsælasta bókin í söguflokknum um galdrastrákinn. Bókin setti sölumet í sumar þegar hún kom út í Bretlandi og Bandaríkjunum þar sem 9 milljónir eintaka seldust á fyrsta söludegi.



www.mk.is

FABRIKAN

## Matrartæknanám Spennandi starfsréttindanáms

Innritun lýkur 20. nóvember 2005

**Nú stendur yfir innritun í matrartæknanám í Hótel- og matvæslaskólanum í MK fyrir vorönn 2006. Eldri umsóknir óskast staðfestar.**

### Nám og kennsla

Námið skiptist á þrjár annir auk starfsnáms á viðurkenndum verknámsstað. Kennsla fer fram fjóra daga í viku síðdegis. Kennsla hefst í byrjun janúar 2006.

### Innritun og inntökuskilyrði

Rétt til náms hafa þeir sem eru orðnir 25 ára og eldri og hafa að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu á matvælasviði.

### Umsóknir

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar fást á skrifstofu skólans. Með umsókn þarf að skila vottorði um vinnutíma og meðmælum.

**Námið er styrkhæft úr starfsmannasjóðum stéttarféлага.**

**Vanti ykkur frekari upplýsingar, þá hafið samband.**

Skrifstofan er opin frá klukkan 8:00 til 15:00 alla virka daga. Síminn er 594-4000. Faxnúmer 594-4001.

**Skólameistari  
Menntaskólans í Kópavogi**



**25% RÝMINGAR AFSLÁTTUR DAGANA  
10 – 13 NÓVEMBER VEGNA BREITINGA  
Í BLEND SMÁRALIND**

**ATHUGIÐ. OPIÐ Í BLEND KRINGLUNNI 3 HÆÐ**

**BLEND®**  
**BLEND<sup>the</sup>**

# Annie

eftir Thomas MEEHAN, Charles STRONGE & Martin CHAMBERLAIN  
SÍÐUSTU SÝNINGAR

**Sun. 13. nóv. kl. 14**  
**örfá sæti laus**

**Vegna gífurlegrar aðsóknar**  
**Fim. 17. nóv. kl. 19**

★★★★ -DV  
Frábær fjölskylduskemmtun!  
- Fréttablaðið

Ávörðun: Thelma Lind  
Ávörðun: Lilla Björk

Miðasala T síma 551 4700 alla daga frá kl. 13-17. Eignar: HÖSTURKJÓRIÐ  
www.annie.is • www.midi.is



BJARNI DANÍELSSON ÓPERUSTJÓRI Fyrsti áfangi óperudeiglu Íslensku Óperunnar fer af stað í dag með opnum kynningarfundum.

## BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið	Nýja svið/Litla svið
<b>Salka Valka</b> Lau 12/11 kl.20 Fi 17/11 kl.20 Fi 24/11 kl.20 Fö 25/11 kl.20 Su 4/12 kl.20 Su 11/12 kl.20	<b>Lífins tré</b> Í kvöld kl.20 Fö 11/11 kl.20 <b>UPPSELT</b> Fö 18/11 kl.20 Lau 19/11 kl.20 Fö 25/11 kl.20 Lau 26/11 kl.20 Lau 3/12 kl.20
<b>Woyzeck</b> Í kvöld kl.20 Græn kort Fö 11/11 kl.20 Blá kort Fö 18/11 kl.20 Lau 19/11 kl.20 Lau 26/11 kl.21 Su 27/11 kl.21 Mi 30/11 kl.20 <b>UPPS</b> Fi 1/12 kl.20 Fö 2/12 kl.20	<b>Alveg brilljant skilnaður</b> Su 13/11 kl.20 <b>UPPSELT</b> Su 20/11 kl.20 <b>UPPSELT</b> Su 27/11 kl.20 <b>UPPSELT</b> Má 28/11 kl.20 <b>AUKASÝNING</b> Su 4/12 kl.20 <b>AUKAS.</b> Síðustu sýningar!
<b>Kalli á þakinu</b> Su 13/11 kl.14 <b>UPPSELT</b> Su 20/11 kl.14 Lau 26/11 kl.14 Su 27/11 kl.14 Su 4/12 kl.14	<b>Manntafi</b> Lau 12/11 kl.20 Fi 17/11 kl.20 Fi 24/11 kl.20
<b>Id - HAUST</b> Wonderland, Critic's Choice? og Pocket Ocean Su 13/11 kl.20 Su 20/11 kl.20 Mi 23/11 kl.20 <b>Aðeins þessar sýningar!</b>	<b>GJAFAKORT</b> GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

# Í leit að galdri óperunnar

„Hugmyndin er fyrst og fremst sú að Íslenska Óperan standi fyrir því að það sé heitt á könnunni, að það sé alltaf heitt í þessari deiglu,“ segir Bjarni Daniélsson, óperustjóri Íslensku Óperunnar.

Í dag býður Íslenska Óperan öllum sem áhuga hafa til fyrstu samkomu Óperudeiglunnar, sem á að verða vettvangur fyrir tilraunastarf og nýsköpun á sviði óperulistar.

„Óperan hefur óneitanlega dregist svoltið aftur úr þegar kvikmyndirnar og söngleikirnir tóku á rás, en hún er samt þessi fjöltæknigaldur sem menn njóta í miklu návígi. Þess vegna trúir ég því að þetta form, óperan, eigi erindi til margra og hún eigi að geta náð aftur þessari nánast poppstöðu sem óperan hafði á klassíska tímanum.“

Efni fundarins verður kynning á Óperudeiglunni og umræður um áherslur og leiðir í framkvæmd verkefnisins. Vonir standa til þess

ad tónskáld sem vilja semja óperur muni taka þátt í deiglunni, sömuleiðis ýmsir sem hafa sérþekkingu á leikhúsi og skyldum listgreinum og allir sem hafa brennandi áhuga á óperuforminu.

„Þarna gætu komið allir sem hafa eitthvað til málanna að leggja um það hvernig óperan geti höfðað til margra án þess að slegið sé af listrænum kröfum. Það er sama hvaðan gott kemur. En þó verður að gera ráð fyrir því að þegar kemur að harðsviðri úrvinnslu þá sé það fyrst og fremst gæfólk á þessu sviði sem leiði vinnuna.“

Óperudeiglunni er ætlað að vera tvennt í senn: Annars vegar opin vettvangur til umfjöllunar og skoðanaskipta um óperusmíði. Hins vegar skipulegt vinnuferli hópa einstaklinga með ólíka sérþekkingu sem vilja gera tilraunir með óperuformið í þeim tilgangi að skapa ný verk sem höfða til margra.

Haldnir verða opnir málfundir

og starfsfundir um óperulist þar sem jafnframt er fjallað á gagnrýninn hátt um verk tilraunahópanna.

„Í sjálfu sér er gert ráð fyrir þremur aðaláföngum. Sá fyrsti snýst nú eiginlega bara um að róta upp hugmyndum og koma á þær svolitilli mynd. Síðan er meiningin að velja úr þeim hugmyndum einhvern fjölda til áframhaldandi úrvinnslu, og svo er þriðji áfangi þegar aftur verður valið og jafnvel unnið úr því fullburða verk.“

Hugmyndin er þó ekki sú að þetta verði línulegt ferli sem eigi að leiða beint að stórvirkjum, heldur er meiningin að þegar fyrsta áfanga er lokið verði hann strax endurtekinn. Sama verður gert með annan áfanga.

„Þetta verður því eins og heit deigla í potti. Síðan getur hver sem vill vinna með þær hugmyndir eða með því fólki sem er þarna komið og hella úr þessari deiglu í eitthvert mót.“

## Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00**

**HALLDÓR Í HOLLYWOOD**  
Í kvöld fim. 10/11 nokkur sæti laus, fös. 11/11 nokkur sæti laus, lau. 12/11 nokkur sæti laus, fim. 17/11, fös. 18/11 nokkur sæti laus, lau. 19/11 örfá sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR**  
Sun. 13/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

**EDITH PIAF**  
Sun. 13/11 uppselt, sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

**LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00**

**BRIM**  
Lau. 12/11 örfá sæti laus, sun. 13/11 örfá sæti laus, fim. 17/11 örfá sæti laus, sun. 20/11 örfá sæti laus, mið. 23/11, mið. 30/11. Aðeins sýnt í nóvember.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00**

**FRELSI**  
Í kvöld fim. 10/11 uppselt, fös. 11/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 14:00 uppselt, lau. 12/11, mið. 16/11 uppselt, fim. 17/11 uppselt, mið. 23/11 uppselt, fim 24/11 örfá sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.

**SAMKOMUHÚSIÐ Á AKUREYRI**

**EDITH PIAF Á NORÐURLANDI - söngdagskrá**  
Í kvöld fim. 10/11 kl. 20:00 uppselt og kl. 22:00 uppselt, fös. 11/11 kl. 20:00 uppselt og kl. 22:00 uppselt, lau. 12/11 kl. 16:00 uppselt.

**LEIKHÚSKJALLARINN**  
Fös. 11/11 kl. 22:00 Hugleikur - Þetta mánaðarlega.  
Lau. 12/11 kl. 22:00 Hugleikur - Þetta mánaðarlega.  
Sun. 13/11 kl. 21:30 Sunnudagsjass. Djassklúbburinn Múlinn: **B3**. Tónlist orgelleikarans Jimmy Smith.  
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIDASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MIDASALUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

FRUMSÝNING 12. NÓVEMBER

# B

**Mína og Geiri**  
söngbók  
Björgvins Halldórssonar  
Leikstjóri: Gunnar Helgason

11. nóv. VIP frumsýning  
12. nóv. Frumsýning  
Uppskeruhútið hentamanna  
18. nóv. Uppseitt sviði 1  
19. nóv. Uppseitt sviði 1  
25. nóv. Uppseitt sviði 1  
26. nóv. Uppseitt sviði 1  
2. des. Uppseitt sviði 1  
3. des. Uppseitt sviði 1  
9. des. Uppseitt sviði 1  
10. des. Uppseitt sviði 1  
16. des. Örfá á sviði 1  
17. des. Örfá á sviði 1

5331100 Netfang: midasala@broadway.is  
Ópreiddir miðar seldir háttumánuði fyrir viðburð.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á

# VÍSIR VEF.TV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

## Tónleikurinn BÍTL

Föstudag 11/11 **NOKKUR SÆTI**  
Laugardag 12/11 **LAUS SÆTI**  
Föstudag 26/11 **LAUS SÆTI**

“Frábær skemmtun!”  
VS Fréttablaðið

Landsbankinn  
552 3000

## ÉG ER MÍN EIGIN KONA

ÖRFÁ SÆTI LAUS Í KVÖLD!  
Vegna forfalla eru örfá sæti laus í kvöld kl. 20. Höfum bætt við aukasýningu miðvikudaginn 16. nóv. kl. 20. Uppseitt á allar aðrar sýningar í nóvember. Sala miða á sýningar í desember á midi.is og í lönó s. 562 9700.

Ósottar pantanir seldar daglega.

Landsbankinn  
Landsbankinn er stoltur bakhjálr sýningarinnar.

## Tökinn hert

THE TURN OF THE SCREW  
EFTIR  
**BENJAMIN BRITTEN**

25 ára og yngri:  
50% afsláttur af miðaverði í sal

12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - NOKKUR SÆTI LAUS  
**ATH! Allra síðasta sýning**  
Kynning fyrir sýninguna kl. 19.15  
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalinn í miðaverði.  
PARS PRO TOTO - Dansverkið VON & ÁRÓRA BÓREALIS - Brot úr nýju verki á gömlum merg Laugardaginn 19. nóv - kl. 20 - Sunnudaginn 20. nóv - kl. 17  
Aðeins þessar tvær sýningar

„Spennuhlaðið viðfangsefnið gerir sig bráðvel fyrir augu og eyru.“  
MORGUNBLAÐIÐ  
★★★★ DV

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200  
Íslenska Óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

ÍSLENSKA ÓPERAN

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

NÓVEMBER

7 8 9 **10** 11 12 13

**Fimmtudagur**

**TÓNLEIKAR**

- 19.30 David Geringas** verður bæði einleikari á selló og hljómsveitarstjóri á tónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í Háskólabíói. Flutt verða verk eftir Tsjajkovski, Boccherini og Dvorák.
- 20.00 Ágúst Ólafsson** barítónsöngvari flytur sönglög og aríur eftir Grieg, Schumann, Schubert, Rossini og Verdi við texta eftir ævintýraskáldið H.C.Andersen og rómantikerinn Friedrich Schiller á TÍBRÁR-tónleikum í Salnum í Kópavogi. Með honum spilar japanski pianóleikarinn **Izumi Kawakatsu**.
- 20.00 Kvinnakór Hafnarfjarðar** fagnar tíu ára afmæli sínu með tónleikum í Seltjarnarneskirku. Stjórnandi er **Hrafnhildur Blomsterberg** og pianóleikari **Antonia Hevesi**. Kórinn er nýkominn úr velheppnaðri tónleikaferð um Spán.
- 22.00 Benni Hemm** heldur tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum.

**OPNANIR**

- Söluýning á hringum verður opnuð í anddyri Norræna hússins. Á sýningunni sýna 40 hönnuðir frá Noregi, Svíþjóð og Danmörku ólíkar útfærslur á hringaforminu.

**FUNDIR**

- 12.00 Fjórði hádegismellur Stígamóta** verður haldinn í Norræna húsinu þar sem fulltrúar stjórnmálaflokkanna segja frá því hvernig þeir vilja að borgaryfirvöld komi að kynbundnu ofbeldi og hver stefna þeirra sé í málaflokknum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



Hinsgin óperetta  
**Sýnt í Iðnó**

**Gestur** Síðasta máltíðin

Næstu sýningar:  
fös. 11.nóv. kl.20:00 í Bláhöllinni á Akranesi  
lau. 12.nóv. kl.17:00 í Iðnó  
lau. 19.nóv. kl.17:00 í Iðnó  
lau. 26.nóv. kl.17:00 í Iðnó  
lau. 3.des. kl.17:00 í Iðnó

Miðasala í Iðnó í síma 562-9700,  
idno@xnet.is og á www.midi.is

"Dreppfndi."  
Bergþóra Jónsdóttir - mbl



# Samfylkingardagar

## 10. til 13. nóvember

### Fimmtudagur 10. nóvember

- 08.00 – 10.00** ● **Sveitarstjórnarráð Samfylkingarinnar** - Hóte: Nordica
- Fundur haldinn í tengslum við fjármála-ráðstefnu sveitarfélaga

### Föstudagur 11. nóvember

- 17.00 – 22.00** ● **Framhaldsstofnfundur Kvinnahreyfingarinnar** -- Ha:veigarstíg 1
- Lög Kvinnahreyfingarinnar
- Sveitarstjórnarkosningar
- Tengslanet

### Laugardagur 12. nóvember

- 08.30 – 10.00** ● **Samgöngubing** – Hallveigarstíg 1, Versalir
  - Áfangaskýrsla starfshóps um samgöngumál Gísli Ó. Valdimarsson formaður
  - Gestafyrirlesarar: Kjartan Ólafsson sérfræðingur Háskólanum Akureyri „Samgöngur og byggðastefna“
  - Bjarni Reynarsson skipulagsfræðingur Landráð sf. „Áhrifsvæði höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða“
  - Almennar umræður
- 10.15 – 12.00** ● **Flokksstjórnarfundur** – Hallveigarstíg 1, Versalir
  - Skýrsla framkvæmdastjórnar Gunnar Svavarsson formaður framkvæmdastjórnar
  - Ræða formanns Samfylkingarinnar Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur
  - Almennar stjórn málaumræður
  - Málstofur kynntar – Kristrún Heimisdóttir fulltrúi Framtíðarhóps
- 12.00 – 13.00** Hádegishlé
- 13.00 – 13.30** ● **Landsþing Ungra jafnaðarmanna** – Hallveigarstíg 1, Versalir
  - Setning – ræða formanns UJ Andrésar Jónssonar

- 13.30 – 15.30** ● **Flokksstjórnarfundur** – framhald
  - Málstofur: A. Mannauður, framsækni og jöfnuður – Menning og listir
  - B. Velferðarríkið sem hagstjórnarhugmynd – Lýðræði og jafnrétti
  - C. Leikreglur viðskiptalífisins – Atvinnulíf, nýsköpun og hagvöxtur
  - D. Ísland í samfélagi þjóða – Varnir gegn aðsteðjandi vá
- 15.30 – 16.30** • Samantekt – Niðurstaða úr málstofum
- 15.30 – 18.00** ● **Landsþing Ungra jafnaðarmanna** – framhald
  - málefna starf í nefndum

### Sunnudagur 13. nóvember

- 10.00 – 17.30** ● **Landsþing Ungra jafnaðarmanna** – Hallveigarstíg 1, Versalir  
Landsþing UJ heldur áfram - þingslit


**allt atvinna**  
Alla sunnudaga

**Le Sing**  
Syngjandi þjónar  
Ein vinsælasta leiksyning landsins.  
Alltaf jafn fersk – alltaf jafn skemmtileg  
**BROADWAY**  
Sími: 533-1100

**HIMNARÍKI**  
Geðklofin gamanleikur eftir Ána Ibsen

**HAFNARFIJARÐAR LEIKHÚSIÐ**  
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

Samfylkingardagar eru öllum opnir og Samfylkingarfólk eindregið hvatt til að mæta



**Samfylkingin**

Hallveigarstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími 414 2200 • [www.samfylkingin.is](http://www.samfylkingin.is)

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**



*I'm Shellie's new boyfriend and I'm out of my mind. If you so much as talk to her or even think her name, I'll cut you in ways that'll make you useless to a woman.*

Dwight lætur Jackie Boy finna til tevatnsins í hinni mögnumu Sin City.

#### LEIKARI VIKUNNAR:

## Sextug og kynþokkafull sem aldrei fyrr

Það er vafalaust allt í senn martröð og draumur fyrir ungar leikkonur að fá hlutverk á móti Susan Sarandon. Draumur, vegna þess að hún er meðal bestu leikkvenna kvikmyndaiðnaðarins og martröð af því henni tekst yfirleitt að skyggja á þær með suðurkjaþokka sínum og lífsreynslu. Þannig fór að minnsta kosti fyrir mótleikkonum hennar í Alfie þar sem hver fegurðar-dísín af fætur annarri fölnaði við hliðina á hinni tæplega sextugu Sarandon.

Leikkonan á að baki ótrúlegan feril í kvikmyndaborginni. Hún fór ásamt eiginmanni sínum, Chris Sarandon, í áheyrnarpróf fyrir kvikmyndina Joe í New York. Þau voru þá nýtskrifuð úr kabólsum háskóla og vildu reyna fyrir sér í stórborginni. Sarandon hreppti hlutverkið en Chris, sem hafði lagt leiklist fyrir sig í skólanum, var hafnað. Fimm árum síðar var Sarandon á allra vörum þegar hún heillaði Frank-N-Furter upp úr

skónum í költ-snilldinni Rocky Horror Picture Show. Sarandon gekk þó erfiðlega að slá almennilega í gegn og það var ekki fyrr en fimmtán árum eftir ævintýrið með klæðskiptingnum að leikkonunni tókst að koma sér almennilega á framfæri. Þá lék hún á móti Kevin Costner og Tim Robbins í Bill Durham. Sarandon sagði síðar að hún og Kevin Costner hefðu beitt „öllum“ brögðum til að hlutverkið yrði hennar.



Bill Durham hafði einnig mikil áhrif á einkalíf Sarandon því við tókur á myndinni kynntist hún núverandi eiginmanni sínum, Tim Robbins. Sarandon ól honum tvö börn og í stað þess að hella sér aftur í kvikmyndirnar þá velur hún sér nú hlutverk sem henni þykja sér vera samboðin. Hefur hún túlkað margar af eftirminnlegustu kvenpersónum kvikmyndasögunnar og nægir þar að nefna systur Helenu í Dead Man Walking og Louise í Thelma & Louise.

#### > Ekki missa af...

hinni mögnumu hryllingsmynd The Descent sem hrist hefur vel upp í hryllingsmyndaheiminum og vakið vonir aðdáenda slíkra kvikmynda um að nú séu bjartir dagar framundan með blóm í haga.



## bíó

bio@frettabladid.is

## FIMMTUDAGS-TILBOÐ

DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BARNASKÓR - SANDALAR

**50%**  
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓM Í STÆRÐUM  
**36 og 37**

TILBOÐ GILDA Á MEDAN BIRGDIR ENDAST

PETER KASNER

ECCO

ara

LLOYD

ZINDA

## Toppskórinn

OPÍÐ:  
mán.-fös. 11 - 18  
lau. 10 - 16

Suðurlandsbraut 54 - s: 533 3109



Í bláu húsinu

## Undrabarnið í Hollywood

Í Almost Famous ferðaðist William Miller með rokk-sveitinni Stillwater um Bandaríkin þver og endilöng. Úr þessari rússíbana-reið varð til blaðgrein sem birtist í tímaritinu Rolling Stones. Stjórnendur blaðsins höfðu ekki hugmynd um að Miller væri stráklingur sem aldrei hafði komist í kynni við eiturlyf, ást eða kynlíf (einkennisorð hippatímabilsins). Þótt það sé kannski full ófgakennt að líkja Miller við Cameron Crowe sagðist leikstjórinn engu að síður hafa byggt handritið að einhverjum hluta á eigin lífi.

Staðreyndir málsins eru líka þær að Crowe var ekki orðinn fulltíða karlmaður þegar greinar hans um tónlist höfðu birst í blöðum á borð við Los Angeles Times, Cream, Playboy og Penthouse. Það var móðir Crowe sem kom snemma auga á þá guðsgjöf drengsins að sú kúnst að skrifa var eitthvað sem væri honum eðlislægt. Crowe slapp við bæði leikskóla og fyrstu tvo bekkir grunnskólans. Leikstjórinn var kominn í framhaldsskóla þrettán ára gamall og útskrifaðist þaðan þegar hann var rétt skriðinn yfir fimmtán ára aldurinn. Honum var í kjölfarið boðið starf hjá Rolling Stones en Crowe varð síðar aðstoðarritstjóri blaðsins. Þegar yfir lauk hafði þessi stráklingur tekið viðtöl við rokkgoðsagnir á borð við Bob Dylan, Neil Young, David Bowie, meðlimi bresku rokkgrúppunnar Led Zeppelin auk Eric Clapton.

Þegar Cameron var 22 ára fannst honum tímabært að breyta aðeins til. Crowe þurfti



CAMERON CROWE OG EIGINKONA HANS Þegar Crowe sameinar tónlist og þekkingu sína á heimi hennar eru fáir sem standast honum snúninginn.

ekki að dulbúast neitt sérstaklega mikið þegar hann smyglaði sér inn í framhaldsskóla í Suður-Kaliforníu og rannsakaði framhaldsskólalífnið. Þessi ferð Crowe varð síðan grunnurinn að bókinni Fast Times at Ridgemont High sem sló strax í gegn. Kvikmyndafyrirtækið Universal fékk rithöfundinn unga til að skrifa kvikmyndahandrit upp úr bókinni. Ungir upprennandi leikarar voru fengnir í aðalhlutverk, þeirra á meðal Sean Penn, Jennifer Jason Leigh, Forest Whitaker og Nicolas Cage. Um leið og þetta markaði upphaf ferils þessara stórleikara sá Crowe að þarna var kominn miðill sem hann vildi nýta sér enn frekar.

Fyrsta leikstjórnarverkefni hans leit dagsins ljós árið 1989 þegar John Cusack og Iona Sky léku í Say Anything. Í kjölfarið fylgdi Singles þar sem Matt Dillon og Bridget Fonda fóru fyrir fríðum hópi ungra leikara sem heilluðu heimsbyggðina upp úr skónum. Þarna mátti einnig

greina fjórmenninga frá Seattle sem síðar áttu eftir að valda straumhvörfum í rokkheiminum með hljómplötunni Ten því „grunge“ sveitin Pearl Jam lék stórt hlutverk í myndinni.

Það var þó ekki fyrr en að Cuba Gooding Jr. það Tom Cruise um að sýna sér peningana að Crowe skaut fyrir alvöru upp á hinn skæra stjörnuhimin. Jerry Maguire sló í gegn svo um munaði og hreppti fjórar óskarsverðlaunatilnefningar þar á meðal sem besta myndin, besta handrit og besti leikur í aukahlutverki sem Gooding fékk (eins og frægt er orðið).

Endurgerð Crowe á spænsku myndinni Abre los Ojos vakti ekki jafn mikla hrifningu þó að lag Pauls McCartney hefði verið tilnefnt til óskarsverðlauna. Nýjasta mynd hans, Elizabethtown, hefur ekki fengið háa einkunn hjá erlendum vefmiðlum enda virðist Crowe vera kominn langt út fyrir sitt áhugasvið.

freyrgigja@frettabladid.is

## ÞÖKKUM GOÐAR VIÐTÖKUR

BLAÐ UM KYNLIÐ, HONUR OG KARLA

## BLEIKT & BLAITT NYTT

VARÚÐ  
EKKI ETIÐ VINDYEMUM  
OG LESENDUM YNGRI EN  
18 ÁRA

ÁSTA  
LÆTUR TAKA SIG  
Í RÆKTINNI

## ELÍSABET

UPPSELT HJÁ ÚTGEFANDA

GLÖTUÐUSTU  
GÆJAR ÍSLANDSSÖGUNNAR

VÖRUBÍLSTJÓRINN  
BRYNDIS FÆKKAR FÖTUM

GILZENEGGER  
KENNIR LOSUN

2005



#### FRUMSÝNDAR UM HELGINA



Elizabethtown  
InternetMovieDatabase 6,4 / 10  
Rottentomatoes.com 29% / Rotin  
Metacritic.com 5,4 / 10



Into the Blue  
InternetMovieDatabase 5,0 / 10  
Rottentomatoes.com  
Metacritic.com 3,4 / 10



Chicken Little  
InternetMovieDatabase 6,0 / 10  
Rottentomatoes.com 34% / Rotin  
Metacritic.com

## Tölvuteiknimynd frá Disney

Það eru ekki bara hinir fullorönu sem fá eitthvað fyrir sinn snúd um helgina. Tölvuteiknimyndin Chicken Little verður frumsýnd á föstudaginn en hún er sýnd bæði með ensku og íslensku tali. Það er teiknimyndarisinn Walt Disney sem hefur veg og vanda af myndinni en það fer að verða söknuður af alvöru teiknimyndum.

Chicken Little segir frá Lilla kjúkling sem heldur að hann hafi fengið himininn yfir sig sem reynist síðan vera valhneti. Við það verður hann að athlægi allra og skotsþóni samfélagsins. Í stað þess að stinga höfðinu í sandinn ákveður Lilli að endurheimta orðspor sitt sem hetja. Þessi ákvörðun á þó eftir að hafa skrautlegar afleiðingar með sér í för enda er Lilli umkringdur ansi liflegum félögum. ■

GOTT FOLK McCANN

## Skytturnar þrjár

Síðastliðið ár hefur verið ævintýri líkast. Að fá að taka þátt í að frelsa fólk úr álögum eru forréttindi. Við viljum því einfaldlega þakka ykkur Íslendingum kærlega fyrir móttökurnar og þá sérstaklega henni Guðríði á Framnesvegi sem bauð okkur upp á gómsætar pönnukökur með rjóma og heimatilbúnni rabarbarasultu.

Munið að ævintýrin gerast enn.

3.990\*

**Hive**Lite

Þráðlaust internet  
4 GB niðurhal  
8 Mb tenging  
Hive netsími

\*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4 GB niðurhal, 8 Mb tengingu, ódýrari símtöl – aðeins 5 kr. á mínútu í heimasíma rúmlega 30 landa og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds fyrir aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is · Grensásvegi 16 · Reykjavík · Þjónustusími 414 1616 · hive@hive.is

**Hive**

\*M.v. 12 mánaða samning.



### > Bjóddu fjölskyldunni...

...upp á rjúkandi heitt ekta súkkulaði í morgun-sárið. Gott dökkt súkkulaði er nefnilega sneisafullt af steinefnum og gott veganesti í vetrarkuldann.

## matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



**MATGÆÐINGURINN: HELGA GUÐNÝ ÁSGEIRSDÓTTIR, GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR**

## Hrefnusteik og Rod Stewart með pabba

**Hvaða matar gætir þú síst verið án:** Tómatu og vatns. „Ég get með sanni sagt að það fari nokkrir tómatar ofan í mig dag hvern.

**Fyrsta minning um mat:** Einnhvert hluta vegna man ég alltaf eftir fyrstu eggjasalatssamlokunni sem Amma Jessicu frænku minnar smurði fyrir okkur eitt sumarið í Filadelfíu.

**Finnst þér einhver matur vondur?:** „Ég hef nú alltaf verið alger alæta á mat en ef ég ætti að nefna eitthvað þá finnst mér áferðin á banana svolítið skritin. Hún er enn undarlegri þegar í munninn er komið.

**Besta máltíð:** Þær hafa nú verið margar mjög góðar, veltur heldur

mikið á stemningu líka. Verð að nefna hrefnusteikina sem ég borðaði sumarið sem ég vann á Hótel Búðum. Pabbi minn hafði keyrt alla leið á Hótel Búðir til að ná í mig og ég bauð honum upp á hrefnusteik áður en við lögðum af stað í bæinn. Þetta var yndislegt kvöld, skemmtileg minning um heimferð með Rod Stewart í botni.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Ólían úr fetastokkukunni. Geymi alltaf krúkkurnar þó að osturinn sé búinn. Ég nota hana yfir salat, kjúkling og allt sem mér dettur í hug. Ótrúlega bragðbætandi.

**Hvað borðaðu til að líða betur?** Þá skelli ég mér út að borða í góðum félagsskap. Það er alltaf



hressandi.

**Ef þú værir föst á eyðieyju, hvaða mat tækirðu með þér?** Pistasíur.

Þær eru uppfullar prótíni og fiturikar. Eins myndi það örugglega drepa tímann að pilla þær úr skelinni.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Tómatu!

**Skrítnasti matur sem þú hefur borðað?** Kolkraabbasalatíð sem ég borðaði í Portugal forðum daga. Rétt rúmlega tvítug og fannst skrítið að fá að velja mér kolkraabbann til að setja í salatíð mitt og horfði svo þegar hann var allur skorinn í bita og hent ofan í salatíð. Skrítið en ótrúlega gott.

**Uppskrift sem klikkar aldrei:** Kjúklingur í grænu pesto með bráðnum mozzarella, með ofnbökuðum kartöflum, zucchini og fersku rósmarín.



## PLANETA: Smjörkennt frá Sikiley

Planeta er ein kunnasta víngerð Sikileyjar og þau vín eyjarinnar sem bestri fóttestu hafa náð á Íslandi en vín frá Sikiley hafa verið í mikilli sókn undanfarnin ár. Í fyrstu vöktu hin smjörkenndu og miklu hvítvín athygli en síðar fylgdu í kjölfarið einkar áhuga-verð rauðvín. Alessio, Francesca og Santi Planeta stofnuðu fyrirtækið rétt líðlega þrítug og frumkvöðla-eldmóður þeirra bylti sikileyskri víngerð. Vínkrurnar eru á fjórum stöðum á suðurhluta eyjarinnar, á heitustu og þurrustu stöðunum sem liggja samt mjög nálægt sjó. Þessi sérstöku skilyrði skila sér í mjög karaktermiklum vínunum. Planeta La Segreta Bianco er blanda af grecanico, chardonnay, viognier og sauvignon blanc. Ilmrikt, bragðmikið og mjúkt með hnetu og ferskjukeim.

Verð í Vínúðum 1.290 kr.

Áslaug Snorraddóttir ljósmyndari í góðum félagsskap á Hótel Búðum.



## Skyndibitafæði fyrir sálina

Áslaug Snorraddóttir ljósmyndari hefur ávallt haft óendanlega gaman af mat og er ævintýramanneskja bæði í ferðalögum og matargerð. „Ég hef gengið í gegnum ýmiskonar matargerðarsveiflur sem eru oft vegna áhrifa frá þeim löndum sem ég hef nýlega heimsótt. Þannig hef ég gengið í gegnum bylgjur eins og finnsku, marókkósku og úkraínsku bylgjurnar,“ segir hún og hlær. „En svo getur þetta stýrst af heilsufari og skapi.“

Undanfarið ár hefur Áslaug farið í nálarstungumeðferðir og í gegnum þær farið að uppgötva austurlensk fræði eins og Ayurveda. Búðin Maður lifandi í Borgartúni er í miklu uppáhaldi þar sem hún sækir bæði heilsu- og heilnæmt fæði. „Ég er alger skyndibitamanneskja, en það er mjög einfalt að framreiða snögga og bráðholla skyndibitarétti. Til dæmis er ég mjög hrifin af að borða klettasalat með furuhnetum, ólífuolíu og sítrónusafa, og er enga stund að skella því saman. Reyndar myndi ég segja að í augnablikinu hrífist ég mest af sem einfaldastrí matargerð. Þetta er matarbylgja sem er að sækja á í Skandinavíu og í Bandaríkjunum, að blanda ekki of miklum bragðtegundum, heldur hafa matinn sem einfaldastan til að hráefnin njóti sín. Ég nota mikið af ferskum kryddjurtum en aldrei salt og krydd lengur. Reyndar sagði einmitt nálarstunguþerapistinn minn að ég mætti helst ekki borða nein krydd nema ferska engiferrót. Ég vil bara svona hrein brögð núna eins til dæmis bara

krækling og spagetti, eða bara fisk og grænmeti. Engar flóknar sósur og krydd. Ég gufusýð mikið af grænmeti, sérstaklega brokkólí og kaupi grænmeti í Yggdrasil og Manni lifandi. Ég spyr Áslaugu hvort hún sé kannski byrjuð að hugleidda líka fyrst hún er dottin í heilsuþylgjuna. „Jú, og ég er líka að byrja í jóga,“ segir hún. „En ég er alls enginn fanatíker á mat. Mér einfaldlega býður bara við djúpsteyktum mat eins og hamborgara og frönskum. En ég er ekkert

alla sætuna sem ég þarf úr ávöxtum eins og papaya og mangó sem ég elska, hvort sem það er í forrétt eða eftirrétt. Eru einhverjir uppáhaldsveitingastaðir í bænum, fyrir utan heilsustaðina? „Nýjasta uppgötvunin mín er bröns á Hótel Nordica. Það er alveg dásamlegt að fara með fjölskylduna í bröns á sunnudögum og fá sér eitthvað af því dýrlega hlaðborði, enda eru þeir með spennandi klassíska brönsrétti eins og egg benedict – á frábæru þunnu brauði, með hráskinku og hollandaise-sósu. Algert lostæti. En svo er Nordica-barinn einmitt með alveg frábært skyndibitafæði. Þá er ég að tala um snildarlegan pinnamat eins og foie gras (gæsaliður) í bitum með órlíttillu sultu. Þetta er frábær staður til að fá sér léttan kvöldverð og hvítvínsglas á hvaða degi vikunnar sem er.“



Klausturbleikja með alfalfa og avokadó. LÍÓSMYND/ÁSLAUG SNORRADDÓTTIR

á móti fitu – þvert á móti nota ég mikið smjör og rjóma og elska majónes – en það verður þá að vera heimalagað.“

En hvað með sætuna? Dettur hún ekki í súkkulaðisukk og rjómakökur? „Nei, alls ekki. Ég fæ

### Klausturbleikja með avokadó og alfalfa

Þetta er svona dæmi um hollan skyndibitamat sem ég er að uppgötva. Þetta er hráfæði og manni líður ótrúlega vel af svona hádegisverði, fyrir utan það hvað þetta er fallgætt á disk. Þetta er svona sashimi-íspirerað hjá mér.

Skerðu fallega Klausturbleikju í strimla og settu fyrir miðju á diskinn. Öðrum megin setur þú rönd af alfalfaspírnu, og hinum megin setur þú þroskað avokadó, skorið langum. Settu svo súrsað engifer til hlíðar ásamt líttilli skál af tamarísósu, sem þú kreistir ögn af lime-safa út í.

★ STJÖRNUFRÉTTIR ★ LÍFSSTÍLL ★ ALVÖRU FÓLK

# 3 BLÖÐ Í EINU

YFIRALMUR ÞESS KRISTAN  
Ætjum að hún  
í Breiðholti!

SKILINN  
EFTIR 20 ÁRI!

her&nú

3 blöð

FAFIN TIL KÍNA  
MAMMI  
KEMUR UT  
PÆKTA  
SONUR INGIBJARGAR PALMA  
BYRJADUR MED  
SILJU MAGG

SKILADUR SÆKUR VESTURPORT  
BJÖRN HLYNUR  
SKILINN VIÐ  
KONUNA  
SLÆR SÉR UPP MED SYSTUR GÍSLA

her&nú kemur út alla fimmtudaga



Talstöðin

Ísafjörður fm 90,5  
Reykjavík & Akureyri fm 90,9  
Suðurland fm 90,4  
Selfoss fm 90,7

## Eðalhörn á vínsýningunni í Smáralind

Nú stendur yfir lokaundirbúningur fyrir eina stærstu og glæsilegustu vínsýningu sem haldin hefur verið hér á landi. Sýningin Vín 2005 verður haldin í Vetrargarðinum í Smáralind helgina 19. til 20. nóvember en Vínþjónasamtök Íslands í samstarfi við ÁTVR standa fyrir sýningunni. Þar verða kynnt helstu hátíðarvínin sem verða á boðstólum Vínúðanna fyrir jólin. Að auki kynna innflytjendur fleiri vín og aðilar í matvælageiranum munu einnig kynna mat sem smellpassar við vínin.

Ýmsar nýjungar verða á þessari sýningu. Ein sú mest spennandi er Eðalhörnið en þar munu menntaðir vínþjónar leidda fólk í gegnum smakkanir á gæðavinum og miðlað verður fróðleik um vínin og uppruna þeirra. Ekki hefur verið birt fullmótuð dagskrá Eðalhornsins en frést hefur að meðal annars verði fjallað verði um kampavín með hátíðarmatnum og

um nýju vínrektarsvæðin á Spáni sem hafa verið að slá í gegn. Miðaverð á sýninguna verður 1.000 kr. en gestir munu greiða aukalega fyrir aðgang inn í Eðalhörnið, en það er gert til að takmarka fjölda. Til að tryggja enn frekar gæði þjónustunnar í Eðalhörninu mun aðgangur inn á svæðið vera háður skráningu, þ.e. gestir verða að skrá sig fyrirfram til að hafa aðgang á fyrirlestrana. Þannig er einnig hægt að afmarka opnunartíma Eðalhornsins, sem áætlað er að verði opið í takmarkaðan tíma í senn.





# SANTA RITA: Með bestu kaupum á markaðnum

Í vínframleiðslu eru löndin í Evrópu kölluð einu nafni gamli heimurinn en víngerðarlönd utan Evrópu, þar sem víngerð er nýttílkönnari, eru kölluð nýi heimurinn. Víngerð í nýja heiminum hefur sótt ævintýralega í sig veðrið undanfarnin ár, þar eru aðstæður til víngerðar oft hentugri, veðurfar stöðugra og framleiðsluhættir nýttískulegri. Vínframleiðendur eru einnig ekki fastir á klafa strangra reglugerða og hefða sem hefta framfarir. Hér á landi sem annars staðar hafa nýja heims vínin notið mikilla vinsælda, einkum fyrir hagstætt verð miðað við gæði. Hefur hinum rótgrónu vínlöndum reynst erfitt að keppa við nýja heiminn og er þetta einkum áberandi í flokki ódýrustu vína þar sem segja má að nýja heims-vínin mali keppinauta sína frá gamla heiminum ef borið er saman verð og gæði. Santa Rita vínin frá Chile eru góðir fulltrúar nýja heimsins og hér á landi fást fjölmörg vín þessa þekktu framleiðanda og kosta þau allt frá 1.190 kr. og upp í 4.890 kr. fyrir ofurvínin Santa Rita Casa Real.

## Santa Rita 120 Chardonnay

Fölgult. Höfugt, þurrt, ferskt og súruríkt með grösugum keimi. Gott með fiski, hvítu kjöti, pasta og salati. Er með bestu kaupum á markaðnum að mati Morgenavisen í Danmörku. Afbragðs fordrykkur. Verð í Vínbúðum 1.190 kr.

## Santa Rita 120 Cabernet Sauvignon

Frísklegt og ávaxtaríkt vín sem er tilvalið í útleiguna og með grillinu. Dökkljólurautt, þungt með bökudum berja-, eikar- og kryddkeim og ræður við flestan mat. Verð í Vínbúðum 1.190 kr. í 750 ml flöskum og 1.400 kr. fyrir fjórar smálöskur í hentugri öskju.



## VEITINGASTAÐURINN

**BAN THAI,**  
LAUGAVEGI 130, OFAN VIÐ  
HLEMM



## Ekta taílensk upplifun

**Hvernig er stemningin?** Ban Thai er staðsett rétt fyrir ofan Hlemm í fremur óalitlegu svörtu húsi. Þegar inn er komið tekur hins vegar við afar hlýlegt andrúmsloft. Heiðgúliir veggir, mikið um taílenska skrautmuni, flögg, styttur og meira að segja myndir af taílenska kónginum. Semsagt dældið mikið „kitsch“ en afar hressandi og notalegt. Staðurinn er á tveimur hæðum, og á þeirri efri er afar skemmtilegt herbergi sem hægt er að leigja fyrir hópa, þar sem setið er að taílenskum hætti á púðum við lágt borð. Starfsfólk er allt hið vinalegasta og uppáklætt í skrautleg þjóðleg föt, og tónlistin er ljúft taílenskt popp.

**Matseðillinn:** Ban Thai hefur frábært orð á sér sem veitingastaður og er hiklaust besti taílenski veitingastaðurinn á landinu. Orðspor hans hefur líka náð út fyrir landsteinana og margir gestir sem þekja til Taílands segja staðinn þjóða upp á alveg „ekta“ taílenska matreiðslu. Matseðillinn er mjög fjölbreyttur og langur og hægt er að velja um ótalmarga rétti, allt frá súpum og taílenskum salötum, forréttum ýmis-konar upp í karrí-, grænmetis-, fisk- og kjötrétti. Bjór á best við taílenskan mat og hér er meðal annars hægt að fá hinn bragðgóða Singha bjór frá Taílandi sem er tilvalinn til að slökkva mesta eldinn sem myndast af sterkum kryddum. Auk þess er hægt að fá viski, sem Taílendingar sjálfir drekka gjarnan með mat, en þeir sem eru ekki alveg eins ævintýragjarnir geta pantað sér rauðvín eða hvítvín með matnum.

**Vinsælast:** Eigendur staðarins eru gjarnir á að vara fólk við styrkleik matarins, sem er, eins og í Taílandi, afar mikill. Þeir sem þola illa sterkan mat geta því beðið um að tóna hann niður. Hins vegar eru margir af vinsælustu réttum staðarins einmitt afar sterkir og má þar nefna Larb, sem er taílenskt salat með annaðhvort kjúklingi eða svínahakki, ferskum kryddjurtum og chilli. Öskur tígursins, sem eru ótrúlega ljúffengir snöggsteiktir nautakjötsstrimlar ásamt sætri ídyfu, og grænt og rautt karrí – hvort um sig einstaklega bragðgott og ilmandi af sítrónugrasi, taílenskum basil og engifer. Veitingahúsið er auk þess með úrval klassískra rétta eins og vorrúllur, fiskikökur, núðlur og hið sívinsæla Masaman karrí. Ban Thai býður einnig upp á einstaklega bragðgóða humarsúpu sem ætti hiklaust að prófa á köldum vetrarkvöldum.

# Allt þetta í einum pakka

SONY



KLV30HR3S  
SONY 30" LCD SJÓNVARP

- 30" LCD sjónvarp
- 1280x720 pixel upplausn
- Textavarp
- Virtual Dolby BBE Surround
- Stíllanlegur borðfótur

Verð áður  
199.950 krónur

Skýrari mynd en þú átt að venjast  
...og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.



HTSS600  
SONY HEIMABIÓ

- Útvarpsmagnari 600W RMS
- S-Master Digital magnari
- Dolby Digital, DTS, Dolby Pro Logic II
- 5 hátalarar + Basshátalari

Verð áður  
49.950 krónur



DVP-NS30  
SONY DVD SPILARI

- Spilar R-1, R-2 (sjónvarp þarf að styðja NTSC)
- Spilar CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/MP3/JEPG DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
- Dolby Digital DTS

Verð áður  
12.950 krónur

**Heildarpakkinn!**  
**16.662 kr.**  
á mánuði\* í 12 mánuði  
eða 199.950 krónur staðgreitt.

Listaverð 262.850 krónur

like.no.other™

Sony Center Kringlunni  
588-7669 / 588-SONY  
www.sonycenter.is

Sony Center

\*Miðað við 12 vaxtalasaur jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldbréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



## Svalir ömmuskór

Í haust er skótískan uppfull af skóm sem amma hefði verið stolt af. Hver hefði haldið að gamaldags skór með rúnaðri tá og stæðilegum hæl í ömmustíl gætu verið svona sexí. Þeir eru akkúrat málið við dómulegu gamaldags pilsin og aðsniðnu jakkana sem hafa birst í tiskuverzlunum undanfarið. Jarðlitir eru það alheitasta, sérstaklega brúnir, grænir og gylltir tónar sem fara bæði vel við tweedefnin og líka við svarta litinn sem er allsráðandi í vetur. Þetta eintak er frá Anthropologie í París en Kron á Laugaveginum er með allskyns glæsilegar útfærslur sem þú verður að ná þér í. Mundu svo bara að passa þig á svellinu.



OPNUNARPARTÍ HÁRGREIÐSLUSTOFA RADISSON HÓTEL María Fjóra Pétursdóttir og Þóra Margrét Baldvinsdóttir, hönnuður stofunnar.

## Leiðrétting

Í blaðinu í gær birtist mynd af Maríu Fjólu Pétursdóttur og Þóru Margréti Baldvinsdóttur. Þar voru þær báðar titlaðir hönnuðir hárgreiðslustofunnar Senter. Þóra Margrét er ein hönnuður stofunnar. Lesendur eru beðnir velvirðingar á þessum mistökum.

### Gísli Marteinn Baldursson / Rangur maður á röngum tíma



Hann ætlaði að taka prófkjörið með trompi en hafði ekki erindi sem erfiði. Þrátt fyrir frekar slæma útreið þá hefur Gísli ekki lagt árar í bát og ber harm sinn í hljóði. Með þessum magnaða flutningi á lagi Sólstrandagæjanna heldur frambjóðandinn ekkert aftur af sér og hleypir öllum sínum tilfinningum út. Hjartnæmur söngur sem lætur engan ósnortin.

Af hverju get ég ekki lifað eðlilegu lífi  
Af hverju get ég ekki lifað business lífi  
keypt mér húsbíl og íbúð  
Af hverju get ég ekki gengið menntaveginum þangað til að ég æli?

Ég er rangur maður á röngum tíma í vitlausu húsi.

### Haraldur Johannessen / Lög og regla

Ríkislögreglustjórinn hefur tekið öllum ásökunum sem dunið hafa á hann með stóískri ró og sýnt að hann er maður með stórt hjarta og breitt bak. Það reyndist enda plötuútgefandanum erfitt að fá hann til liðs við útgáfuna en þegar Haraldur gekk inn í hljóðverið var ekki að sökum að spyrja. Kraftmikill flutningur sem slær öllu við sem áður hefur heyrst á karóki-diskum.

Ó borg, mín borg,  
ég lofa ljóst þín stræti,  
þín lagu hús og allt sem fyrir ber.  
Og þótt tárið oft minn vanga væti  
er von mín einatt, einatt bundin þér



Ekki benda á mig segir varðstjórinn þetta kvöld var ég að æfa lögreglukórinn Spyrjið þá sem voru á vakt, Ég ábyrgist þeir munu segja satt

### Steinunn Valdís / Ó borg, mín borg

Borgarstjórinn í Reykjavík þarf á næstunni að heyja mikla baráttu um efsta sætið á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík. Miðborgin hefur átt sérstakan hug Steinunnar Valdísar enda lýsti hún því yfir í viðtali að borgarstjóranum þætti gaman að fara út á lífið. Það þarf heldur ekki mikinn spámann til að sjá að embættið sem hún gegnir ætti að koma Steinunni fram fyrir hinar löngu raðir þöbbanna. Í þessum óði til borgarinnar gefur hún hvorki Hauki Morthens né Björk neitt eftir í flutningi sínum. Sérstakur stíll sem er útfærður af krúttkynslóðinni í 101.



Mans't ekki eftir mér?  
Mikið liturðu vel út beibi,  
frábært hár  
Mans't ekki eftir mér?  
Hvar ertu búin að vera öll þessi ár?

### Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir / Manstu ekki eftir mér

Hún er komin aftur. Steinunn Ólína fylgdi manni sínum út til Ameríku þar sem hann reynir fyrir sér í kvikmyndaborgir Hollywood. Hún hefur hins gefið leiklistinni frí og læst sitt við skáldagyðjuna. Steinunn er nú komin á Klakann og kynna bókina sína sem þegar hefur valdið titringi meðal ráðsettra manna enda er hún ekki þekkt fyrir að skafa neitt af hlutunum. Með „dassi“ af rokki snýr Steinunn til baka í leðurboxum. Flutningur hennar á Stuðmannalaginu Manstu ekki eftir mér á eftir að hrista v e l upp í íslensku þjóðfélagi.

## Það var lagið ...

Það eru að koma jól og þá koma ekki bara út bækur. Popparar, líkt og skáldin, hugsa sér gott til glóðarinnar þegar kemur að jólainnkaupum landans. Svokallaðir kareoke-diskar hafa verið vinsælir í þökkunum en það hefur smám saman verið að fjara undan þeim á undanförunum árum. Það hefur kvissast út að óþekkt plötufyrirtæki ætli að gefa út safnplötu til

að varðveita þennan mikilvæga menningararf. Þar eiga margir af nafntogudustu einstaklingum Íslands að syngja lög sem eiga vel við hæfi. Hér skortir hvorki persónulega túlkun né innlifun. Ef þessi diskur selst ekki í bílförnum er ljóst að tónlistasmekkur þjóðarinnar er á hraðri niðurleið.

### Dorrit Moussaieff / Komdu í partí

Það eru hvorki tónleikahaldarar né skemmtistaðir sem halda partí ársins heldur forsetafrúin Dorrit Moussaieff. Hún er aðdáandi númer eitt hjá glamúrsveitinni Trabant og er sögð vera einhver besti gestgjafi landsins og þótt víðar væri leitað. Þegar Ólafur þarf að fara í löng og leiðinleg ferðalög til að halda fyrirlestra á Norðurlöndunum er Dorrit frekar heima og setur Mannakorn í botn. Þessi einstaki flutningur ætti að vera enn ein rósín í hnappagat forsetafrúarinnar og fleyta henni í efsta sæti X-Dominos listans.

Veistu hvað ég gerði þarna á gamla Fordinum bauð þeim öllum þremur far og kveikti á Kananum Ég spurði hvert skal aka og hvort einhver ætti vín, þær sögðu: „Komdu, komdu, komdu í partí til mín.“





Og í hans vindu'er  
sukkersage  
og heste-, grise-, og  
peperkager.  
Og har du penge  
saa kan du faa  
men har du ingen  
saa kan du gaa.

#### Jón Ásgeir Jóhannesson / Danska lagið

Fáir ef einhverjir hafa yfir jafn náttúrulegum poppstjörnuhæfileikum og Jón Ásgeir. Ef hann hefði ekki orðið forstjóri Baugs væri hann sennilega einhver ástsælasta poppstjarna þjóðarinnar. Hann er hreinlega fæddur í hlutverkið og hárgreiðsla hans jafnt sem val á fötum gefur til kynna að þar fari gamalgróinn poppari frekar en forstjóri stórfyrirtækis. Það vafðist ekki fyrir honum að velja sér lag því það kom strax eftir að Magasin De Nord féll í hendur Baugs. Danska lagið með Bítlavinafélaginu var efst á lista. Jón Ásgeir hefur komið sér svo vel fyrir í London að sjálfur George Martin útsetti lagið og það var tekið upp í Abbey Road hljóðverki.




Allt er svo eyndarlegt  
án þín hér  
án þín ei sólin lengur  
skín hér  
aleinn ég arka niður að sjó  
því er þú fyrst þá eitthvað  
í mér dó

#### Illugi Gunnarsson / Án þín

Illugi Gunnarsson hefur ekki verið samur eftir að Davíð Oddsson hvarf úr örmum hans. Þegar hinn óþekkti plötuútgefandi reyndi að fá Illuga til liðs við sig var hann tregur til og ákvað að sofa á tilboðinu. Eftir að hafa legið undir feldi í nokkra daga gaf hann vilyrði sitt. Það þarf ekki að koma neinum á óvart að Illugi er mikill hæfileikamaður hvað tónlist varðar og lagið sem hann flytur er svo sannarlega við hæfi. Án þín með Trúbrot hefur aldrei hljómað jafn sannfærandi og í flutningi Illuga.

# RACING STRIPES

Ein fyndnasta mynd ársins er komin í  
verslanir á DVD með íslensku og ensku tali.



Frábær mynd með ógleymanlegum persónum  
fyrir alla fjölskylduna. Fullur diskur af aukaefni.

**TRYGGÐU ÞÉR EINTAK STRAX Í DAG!**

SAMMYNDIR

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

## EINFÖLD HUGMYND

Það kunna allir að meta einfaldar hugmyndir.  
Þess vegna seljum við bílatryggingar á netinu.  
sjovastrax.is - Einföld og ódýr leið til að kaupa bílatryggingar á netinu.

**SJÓVÁ** 

HUGSABU STÓRT **SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

**TOPP MYNDIN Á ÍSLANDI**

**In Her Shoes** ★★★★★  
Morgunblaðið  
Topp5.is

Frábær kvikmynd, áhugaverðari og myndnari en þessar þær sem höfðu verið upp á undanfarið  
-MMJ Kvikmyndir.com

Sýnd kl. 5, 8 og 10.40  
Sýnd í Lúxus kl. 5, 8 og 10.40

Frá leikstjórn There Is Something About Mary

**CATCH ME IF YOU CAN** ★★★★★  
SV MBL

Frá framleiðendum sem hefur verið mæla með  
-MMJ Kvikmyndir.com

Sýnd kl. 5.40 og 8

**DOOM** ★★★★★  
SV MBL

Sýnd kl. 10.15 B.i. 16 ára

**TOPP MYNDIN Á ÍSLANDI**

**Africa United** ★★★★★  
Ný íslensk heimildarmynd sem hefur farið sigurferð um heiminn

Frá framleiðendum The Professional og La Femme Nikita

Sýnd kl. 3.50 með íslensku tali.

DC Dolby DSD Son Dynamic Range Expansion IEX BÍÓ.IS - allt á einum stað

**REGNBOGINN** Sími 551 9000

**In Her Shoes** ★★★★★  
Frábær kvikmynd, áhugaverðari og myndnari en þessar þær sem höfðu verið upp á undanfarið  
-MMJ Kvikmyndir.com

Sýnd kl. 5.30 og 8

**Africa United** ★★★★★  
Ný íslensk heimildarmynd sem hefur farið sigurferð um heiminn

Frá leikstjóra Fast and the Furious & XXX  
Hrikalega hráður hlöfotmyndir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessica Biel í aðalhlutverkum.

**A HISTORY OF VIOLENCE** ★★★★★  
Sýnd kl. 8 og 10 B.i. 16 ára

**400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu**

**OKTÓBERBÍÓFEST**  
www.icelandfilmfestival.is 26. október -14. nóvember

Yes • Sýnd kl. 6  
Enskt tal/íslenskt  
Kung Fu • Sýnd kl. 8  
Enskur texti  
Lie With Me • Sýnd kl. 10  
Enskt tal/íslenskur texti

Crónicas • Sýnd kl. 10  
Spanskt tal/enskur texti  
Drawing Restraint 9 • Sýnd kl. 8  
Spurt og svarað sýning með Matthew Barney

bara lúxus **LAUGARAS BÍÓ** Sími 553 2075

**PEIR VORU LEIÐIR Í GILDRU... ÞU ÞARF EINNIVER AÐ GJALDA!**

**FOUR BROTHERS** ★★★★★  
Nýrka spennamynd frá leikstjóra "Z Fast, 2 Furious" og "Days of the Week"

Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:20 B.i. 16 ára

**TOPP MYNDIN Á ÍSLANDI**

**In Her Shoes** ★★★★★  
Frábær kvikmynd, áhugaverðari og myndnari en þessar þær sem höfðu verið upp á undanfarið  
-MMJ Kvikmyndir.com

Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:20 B.i. 16 ára

**DOOM** ★★★★★  
SV MBL

Sýnd kl. 8 B.i. 16 ára

**WILLYN VIKARHJÓNNAR** ★★★★★  
Sýnd kl. 6 og 10/10:30 B.i. 16 ára

**THE DESCENT** ★★★★★  
Sýnd kl. 10 B.i. 16 ára

Borgarbíó Legend of Zorro kl. 5:30 og 10:30 Four Brothers kl. 8 og 10:15 In her shoes kl. 5:30 og 8

# Fullkomið líf sem ekkert fær haggð?

## KVIKMYNDIR

### [UMFJÖLLUN]

Stundum höldum við að lífið sé svo fullkomið að því fái ekkert haggð. Þegar allt kemur til alls er það hins vegar svo brothætt að lítið þarf út af að bregða til þess að tilvera okkar hrynji.

James og Anne Manning eru á yfirborðinu hamingjusamlega gift. Hann er eigandi stórrar lögfræðiskrifstofu en hún hefur staðið þétt við hlið eiginmanns síns og stutt hann til frama. Þau eru barnlaus og því hefur Anne lifað hans lífi, eftir hans höfði. Þau eiga heimili upp í sveit og litla íbúð í miðborg London. Þegar Bill Bule, sonur hefðarmannsins í sveitinni, snýr aftur frá New York kolfellur Anne fyrir honum og þau taka upp ástarsamband. Þegar skóthjúin verða eiginmanni ráðskonu Manning-hjónanna að bana kemst upp um þau og tilvera James hrynur eins og spillaborg.

Til að Separate Lies gangi upp þarf leikur og leikstjórn að vera framúrskarandi því handritið er ágætt þótt sums staðar séu í því gloppur og samræður persóna stundum hálf stírbusalegar. Um er að ræða frumraun Julians Fellowes í leikstjórastólnum og kemst hann ágætlega frá sínu. Tom Wilkinson er að venju góður og nær samúð áhorfandans þótt persóna hans sé bæði köld og hrjúf. Emily Watson nær ekki sama flugi og oft



OKTÓBERBÍÓFEST

Separate Lies

**Leikstjórn:** Julian Fellowes.  
**Aðalleikarar:** Tom Wilkinson, Emily Watson og Rupert Everett.  
**Niðurstaða:** Þrátt fyrir hæga framvindu og veikar kvenpersónur er Separate Lies engu að síður vönduð kvikmynd með góðum leik.

áður en skilar sínu. Það var þó á köflum erfiðleikum bundið að átta sig á hennar persónu og hún virtist hálf litlaus á köflum. Það skrifast á handritið eða leikstjórnina. Það er hins vegar Rupert Everett sem stelur senunni en hann er frábær sem hinn hrokafulli Bule. Everett hefur aldrei átt upp á pallborðið hjá undirrituðum en er nánast óþekktanlegur í þessu hlutverki.

Helsti löstur Separate Lies er að framvinnan er helst til of rólæg. Hún er engu að síður ákaflega vönduð kvikmynd með góðum leik.  
Freyr Gígja Gunnarsson.



SIGN Hljómsveitin Sign fylgir sinni nýjustu plötu eftir.

## Sign í aðra tónleikaferð

Hljómsveitin Sign er um þessar mundir á tónleikaferð um landið. Ferðin hófst í Reykjanesbæ á þriðjudaginn og lýkur í Reykjavík 3. desember.

Sign fór hringinn í kringum landið í síðasta mánuði í sam-

starfi við Rás 2 í tilefni af nýjustu plötu sinni Think God For Silence. Á föstudag mun Sign spila á Kópavogi og á rokkfestivali nemendafélags Fjölbrautarskólans í Garðabæ.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan Eva Longoria segir að brasilísk vaxmeðferð hafi kryddað ástarlíf sitt til mikilla muna. Hún segir að vaxmeðferðin sé sársaukafull en verði auðveldari eftir því sem á líður því sífellt færri hár vaxi aftur á fótleggjunum.

Rokkarinn úr Led Zeppelin, Jimmy Page, sást nýverið á tónleikum The White Stripes í London. Page stóð á lengdar og fylgdist með rokkduettum fara á kostum á sviðinu. Hann lét ekki verða af því að slást í hópinn með sveitinni eins og margir vonuðust eftir.

Leikkonan Cameron Diaz segist hafa L gaman af því að taka sköpör úr skókössum, setja þau upp á hillu heima hjá sér og strjúka þeim. Hún segist ekki hafa hugmynd um hversu mörg sköpör hún eigi. Nýjasta mynd Diaz nefnist In Her Shoes. Í henni leika hún og Toni Colette systur sem eiga það sameiginlegt að elska skó út af lífinu.

Leikkonan Catherine Zeta-Jones segir L að ungstirni Charlotte Church verði að fela velska hreiminn sinn ef hún ætlar að slá í gegn í Hollywood. Hún segist hafa lent í vandræðum sjálf vegna hreimsins til að byrja með og því hafi hún ákveðið að fela hann. Hún segir einnig að eiginmaðurinn sinn Michael Douglas skilji hana ekki þegar hún talar við móður sína sem býr í Swansea.

Söngvarinn Rod Stewart segist ekki L skilja hvers vegna svo margir noti kókaín í dag. „Þetta var öðruvísi þegar ég var yngri vegna þess að það var miklu hreinna. Núna blanda eiturlyfjasalar kókaíninu við salt, þvottaefni og allt sem þeir komast yfir. Krakkar vita ekki lengur hvað þeir eru að nota,“ segir hann.

**ÍDV**

**Jón Ársæll**

**Stefnir Bush**

**fyrir saka-**

**máladómstól**

*Þeir þegar aðrir þegja!*

## Yoko vill vopnahlé

Yoko Ono, ekkja Bítillsins fyrrverandi Johns Lennon, vill leggja deilurnar við Sir Paul McCartney til hliðar.

Í nýlegu sjónvarpsviðtali segist hún ekki hafa neitt við McCartney að athuga. „Ég held að samband okkar sé mjög gott um þessar mundir. Ég er viss um að næst þegar við hittumst eigi eftir að fara vel á með okkur,“ sagði Yoko. „Ég ber virðingu fyrir Paul og hann ber virðingu fyrir mér fyrir að vera eiginkona Johns.“

Yoko viðurkendi að hafa átt í deilum við McCartney en bætti því við að hún væri ekki alltaf að skjóta á hann. Í síðasta mánuði sagði Yoko að McCartney semdi einföld og léttvæg lög. McCartney skaut á hana til baka og sagði að Ono væri störfurðuleg og bætti því við að hún væri ekki sú allra skarpasta.

Í sjónvarpsviðtalinu nefnir Yoko einnig aðdáun sína á Liam Gallagher, sem hefur alla tíð dýrkað og dáð John Lennon.



YOKO ONO Ekkja Johns Lennon hefur átt í harðvítugum deilum við Sir Paul McCartney.

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGINA Í SAMBÍÐUNUM KRINGLUNNI STARSTA EYKINMYNDAHÚS LANDSINS • HÁGAFÖRGI • S. 530 1119 • www.haskolabio.is

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
TWO FOR THE MONEY KL. 5.30-8-10.30 B.I. 16	TRANSPORTER 2 KL. 8	TWO FOR THE MONEY KL. 5.30-8-10.30 B.I. 12
TWO FOR THE MONEY VIP KL. 5.30-8-10.30	BEWITCHED KL. 8	ELIZABETH TOWN KL. 8
KISS KISS BANG BANG KL. 3.50-6-8-15-10.30 B.I. 12		LÉTT 96.7 FORSYNING KL. 8
TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 4-6-8-10-10		KISS KISS BANG BANG KL. 6-8-15-10.30 B.I. 16
FLIGHTPLAN KL. 6-8-15-10.30		FLIGHTPLAN KL. 10.30 B.I. 12
WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 4 B.I. 14	<b>AKUREYRI</b>	WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 6
WALLACE & GROMIT enskt tal KL. 6-10.30 B.I. 14	TWO FOR THE MONEY KL. 8-10	
THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 8	COLD SMOKE 8 OFF THE CHAIN KL. 8 FRÍTT INN	
SKY HIGH KL. 4	MUST LOVE DOGS KL. 8	

OKTÓBERBÍÓFEST Nánari upplýsingar um myndir og dagskrá á www.icelandfi.is/festival

LA MARCHÉ DE L'EMPEREUR KL. 6-8  
GUY X KL. 5.50  
THE MERCHANT OF VENICE KL. 10

DIGI FROZEN LAND KL. 6  
DRABET KL. 10  
RIZE KL. 8

FOUR BROTHERS KL. 10  
TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 8-10 B.I. 16 ára

## Forsala á mánudag

Forsala á einleikinn Typpatal, með Auðuni Blöndal úr Strákunum í aðalhlutverki, hefst næstkomandi mánudag. Frumsýningin verður á Nasa 24. nóvember og er þegar uppselt á hana. Næsta sýning þar á eftir verður 27. nóvember.

Typpatal snýst að mestu um könnun sem höfundurinn, Richard Herring, gerði á netinu og var beint jafnt til karla sem kvenna. Leitað er svara við ýmsum spurningum um höfuðjásn karlmannsins í sögulegu, félagslegu, menningarlegu og heimspekilegu samhengi, ásamt því að nokkrar reynslusögur fljúga með út í salinn. Leikstjóri einleiksins er Sigurður Sigurjónsson.

Forsalan hefst klukkan 10.00 í verslunum Skifunnar, BT á Loffossi og á Akureyri og á midi.is.



AUÐUNN BLÖNDAL Auði úr Strákunum leikur í Typpatali sem verður sýnt á skemmtistaðnum Nasa.

## EP-plata frá White Stripes

Rokkdúettinn The White Stripes gefur út EP-plötuna Walking With a Ghost þann 6. desember. Á plötunni verður þeirra útgáfa af samnefndu lagi Tegan & Sara, auk fjögurra áður óútgefinna tónleikaupptaka.

Platan verður fáanleg á iTunes 14. nóvember. Tónleikaupptökurnar fjórar eru Same Boy You've Always Known, As Ugly As I Seem, The Denial Twist og Screwdriver.

The White Stripes heldur tónleika í Laugardalshöll þann 20. nóvember.



THE WHITE STRIPES Hvítu rendurnar halda tónleika hér á landi 20. nóvember.

## Live 8 komið út á DVD

Kominn er út DVD-mynddiskar með Live 8-tónleikunum sem voru haldnir víða um heim í sumar. Alls eru fjórir diskar í pakkanum. Á þremur þeirra er sýnt frá tónleikum í London og Filadelfíu auk hápunkta frá sjö öðrum tónleikum víðs vegar um heiminn. Allir þeir sem komu fram í London og Filadelfíu láta ljós sitt skína á diskunum, þar á meðal Paul McCartney, U2, Coldplay, Elton John, R.E.M., Ms Dynamite og Snoop Dogg.

Á fjórða diskunum er að finna ýmislegt aukaefni, þar á meðal heimildarmynd um það sem gerðist baksviðs í Hyde Park í London, auk þess sem sýnt er frá æfingu Pink Floyd er þeir komu saman í fyrsta skipti í langan tíma fyrir Live 8. Einnig eru sýndar tónleika-

upptökur með m.a. Björk og McFLY í Tókýó, myndefni frá The Who og Travis auk þess sem Ricky Gervais úr The Office kemur fram.

„Ég vona að þetta verði mest seldu DVD-diskar allra tíma. Hann á það skilið,“ sagði Bob Geldof, skipuleggjandi Live 8. „Það myndi hjálpa okkur að breyta lífi hinna fátækustu og um leið gera okkar kynslóð að þeirri sem hjálpaði til við að binda endi á fátækt í heiminum.“ Allur ágóði af sölu disksins mun renna til Band Aid-sjóðsins sem hefur barist gegn hungursneyð og fátækt í Afríku.

**PAUL MCCARTNEY**  
Bítilinn fyrrverandi steig á svið með U2 og flutti lagið Sgt. Peppers Lonely Hearts Club Band við frábærar undirtektir.



School of Hotel Management IHTM Switzerland

**Stúdentafærðir Exit.is kynna frábæra Hótel- og stjórnumarskóla í Sviss, fimmtudaginn 10. nóv. kl. 18.00 að SÓLON, 2. hæð.**

IHTM is one of the best established hotel management schools with 20 years of experience. Located in the centre of the Swiss university city Neuchâtel it offers:

- Swiss Higher Diploma and British Bachelor Degree in Hospitality Business Management, in 3 years only
- Paid internship in Switzerland and overseas in each year of study
- 10 months Postgraduate Programme for Bachelor Degree Holders
- Centralised location in the Swiss university city Neuchâtel
- Graduate Career Center

Member of ASEH, Swiss Hotels Schools Association

IHTM, School of Hotel Management, Avenue de la Gare 15, 2000 Neuchâtel, Switzerland  
Phone: +41 31 720 8050, Fax: +41 31 720 8054  
Email: iht@exit.is, iht@iht.ch  
Web: www.iht.ch

**exit.is**

„Samband okkar er 13.301.556 króna virði.“

Mótframlagið þitt

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara. Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.



\*Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 200.000 kr. í mánaðarlaun.



### Ellert Jón í Hollandi

Ellert Jón Björnsson, miðjumaðurinn kná hjá ÍA, er þessa dagana til reynslu hjá hollenska liðinu FC Volendam, sem leikur í 2. deildinni þar í landi. Ellert Jón mun dvelja hjá liðinu í viku að því er kemur fram á heimasíðu ÍA.

**sport**  
sport@frettabladid.is

GRINDAVÍK Í GÓÐUM MÁLUM: ÞARF EKKI AÐ GREIÐA JÓHANNI ÞÓRHALLSSYNI LAUN

## Jóhann fær ekki krónu frá Grindavík

Sá mikli mannfjöldi sem kom að undirskrift samnings Jóhanns Þórhallsónar við Grindavík á dögum vakti athygli. Sérstaka athygli vakti að Stakkavíkurbæður – þeir Hermann og Gestur Ólafssynir – skyldu vera á fundinum enda sitja þeir ekki í stjórn knattspyrnu-deildar Grindavíkur. Ástæða veru þeirra á fundinum var sú að þeir hafa tekið að sér að greiða laun Jóhanns hjá Grindavík næstu þrjú árin og því kostar það knattspyrnu-deild Grindavíkur ekki krónu að hafa Jóhann innan sinna raða.

Lengi hefur verið talað um það í íslenskum knattspyrnuheimi að einstaklingar og fyrirtæki sjái um launaliði leikmanna hjá ákveðnum félögum

en aldrei hefur neinn gengið fram fyrir skjöldu og viðurkennt „verknaðinn“, ef svo mætti segja, eins og Grindvíkingar kjósa að gera nú.

„Jóhann er með KSÍ-samning við okkur og svo er millisamningur á milli okkar og Stakkavíkur um að fyrirtækið

greiði launin,“ sagði Jónas Þórhallsóson, formaður knattspyrnu-deildar Grindavíkur, en þeir bræður eiga og reka útgerðarfyrirtækið Stakkavík í Grindavík. Jónas átti hugmyndina að aðkomu þeirra bræðra og segir að það hafi verið auðsött að fá stuðning frá bræðrunum. „Þeir sjá alfarið um launaliðinn og við greiðum ekki krónu. Þetta er gríðarlega rausnarlegt af þeim og þeir hafa sýnt það í verki að þeim þykir vænt um félagið. Mér fannst allt í lagi að stíga fram með þá staðreynd að það eru einstaklingar sem sjá um launaliðinn og sýna hverjir þessir menn eru. Þeir eru að sýna mikinn karakter og eiga allt gott skilið.“



> Við veltum því fyrir okkur...

... hvort Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, ætli sér sömu hluti með Arnar Gunnlaugsson næsta sumar og þá sem hann fékk frá Guðmundi Benediktssyni nú í sumar. Arnar er byrjaður að æfa með Val eftir að hafa átt erfið uppráttar með KR í fyrra, rétt eins og Guðmundur lenti í fyrir tveimur árum. Þá sá Willum leik á borði og fékk Guðmund til Vals þar sem hann sló í gegn síðasta sumar. Nú er það stóra spurningin hvort Willum nái að blása lífi í kulnaðan feril Arnars og gera hann að lykilmanni á Hlíðarenda á næstu leiktíð.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?  
NÓVEMBER

7 8 9 10 11 12 13

Fimmtudagur

LEIKIR

- 19.15 Grindavík og Snæfell mætast í Iceland Express-deild karla.
- 19.15 Fjölnir og IR mætast í Iceland Express-deild karla.
- 19.15 Njarðvík og Hamar/Selfoss mætast í Iceland Express-deild karla.
- 19.15 Skallagrímur og Þór mætast í Iceland Express-deild karla.
- 19.15 KR og Haukar mætast í Iceland Express-deild karla.
- 19.15 Höttur og Keflavík mætast í Iceland Express-deild karla.

LEIKIR

- 07.00 Olífsport á Sýn. Endursýnt fjórum sinnum til 09.00 og svo aftur kl. 17.40.
- 16.35 Handboltakvöld á Rúv.
- 18.10 X-games – þáttur 2 á Sýn.
- 19.10 PGA-mótaröðin á Sýn.
- 20.00 NFL-tilþríf á Sýn.
- 20.30 A1 á Sýn.
- 22.00 Olífsport á Sýn.

Írsku landsliðið í knattspyrnu:

## Venables næsti þjálfari?

**FÓTBOLTI** Breskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að Terry Venables myndi að öllum líkindum taka við starfi landsliðsþjálfara Írlands á næstu dögum en Brian Kerr hrökklaðist úr starfinu eftir að honum mistókst að koma Írum á HM næsta sumar.

Venables er vanur landsliðsþjálfari enda þjálfaði hann enska landsliðið á EM 1996 og þótti standa sig vel í starfi. Nokkuð langt er um liðið síðan Venables þjálfaði síðast.

- hbg

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Þórarinn Kristjánsson mun líklega skrifa undir samning við Keflavík í dag eða á morgun, en að sögn Jónasar Þórhallsósonar, formanns knattspyrnu-deildar Grindavíkur, hefur félagið slitið viðræðum við leikmanninn.

Grindavík var ásamt Keflavík eina félagið sem var í viðræðum við Þórarinn hér á landi og bendir því fátt til annars en að Þórarinn sé á leið til uppeldisfélags síns í Keflavík. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fer Þórarinn fram á „heilðarpakka“ upp á 3-4 milljónir króna – pakka sem felur í sér beinar launagreiðslur og ýmis önnur fríðindi.

Jónas vildi ekkert tjá sig um kröfur Þórarins öðruvísi en að þær væru óraunhæfar og langt umfram það sem Grindavík væri tilbúið að fara út í. Rúnar V. Arnarson, formaður knattspyrnu-deildar Keflavíkur, staðfesti að Keflavík væri í viðræðum við Þórarinn og að félagið hefði mikinn hug á því að „fá hann heim“ eins og Rúnar orðaði það. Rúnar vildi ekkert tjá sig um hverjar kröfur Þórarins væru.

Þórarinn vildi ekki staðfesta við Fréttablaðið hvar hann spilaði fótbolta næsta sumar og fullyrkti að hann væri ennþá í viðræðum við bæði Keflavík og Grindavík. Jafnframt sagði hann að þau væru einu íslensku liðin sem væru inni í myndinni hjá sér. Spurður um þær fullyrðingar Grindvíkinga að þeirra viðræðum hefði verið slitið vildi Þórarinn ekkert segja. „Ég get ekki tjáð mig um þetta á þessari stundu,“ sagði Þórarinn en bætti við að mál sín myndu líklega skýrast í dag eða á morgun.

Þórarinn mun líklega skrifa undir eins árs samning við Keflavík, eða þá lengri samning með klásúlu sem felur í sér að félag-



ÞÓRARINN KRISTJÁNSSON Spilar langbest í treyju Keflavíkur, að sögn Rúnar Arnarsonar, formanns knattspyrnu-deildar Keflavíkur. Hér sést Þórarinn með Keflavík í bikarúrslitaleiknum árið 2004.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

id muni ekki standa í vegi fyrir honum fái hann tilboð að utan.

Þórarinn hefur verið orðaður við sænska úrvalsdeildarliðið Gefle IF og í samtali við Fréttablaðið í gær staðfesti Per Olsson, þjálfari liðsins, að félagið hefði boðið honum út til æfinga hjá lið-

inu. „Okkur vantar framherja og umboðsmaður Þórarins nefndi hans nafn við okkur. En það verður ekkert úr því í bráð þar sem hann er meiddur,“ sagði Olsson en Þórarinn fer í smávægilega speglun á hnúnu í dag sem heldur honum frá æfingum í einhvern tíma.



FÁ SINN MANN HEIM Rúnar V. Arnarson er viss um að Þórarinn skili Kristjáni Guðmundssyni 10 mörkum á næstu leiktíð.

„Þórarinn fær góð meðmæli frá umboðsmanni sínum en það er ljóst að við munum ekki reyna að fá hann til okkar fyrr en við höfum séð til hans. Ég veit ekkert um hann. Við erum á leið í frí á næstu dögum og byrjum ekki að æfa aftur fyrr en í janúar. Frá okkur er málið er því í biðstöðu fram á næsta ár,“ bætti Olsson við.

Þórarinn náði sér ekki á strik með Þrótti í Landsbankadeildinni í sumar og skoraði aðeins tvö mörk í 16 leikjum. Sumarið 2004 var hann hins vegar frábær og skoraði 10 mörk fyrir Keflavík í 18 leikjum. Rúnar segir að Þórarinn muni endurtaka leikinn næsta sumar, fari svo að hann gangi til liðs við Keflavík, þar sem hann sé einfaldlega heimaspilari.

„Þórarinn er 10 marka maður hjá Keflavík. Honum líður best í Keflavík og þarf ákveðna meðferð sem við þekkjum hér,“ sagði Rúnar í léttum tón. Undir þetta tekur Þórarinn að vissu leyti en kveðst þó vel geta spilað vel á öðrum vettvangi en í Keflavík.

„Það er vissulega öðruvísi að spila með æskufélögum sínum. Mér líður vel á vellinum í Keflavík og ég fann það þegar ég kom þangað með Þrótti í sumar. Þá fann ég mig vel. En ég get alveg staðið mig vel annars staðar,“ sagði Þórarinn.

vignir@frettabladid.is

Það á ekki af Jonathan Woodgate að ganga:

## Meiddur enn á ný

**FÓTBOLTI** Mesti hrakfallabákur knattspyrnusögunnar, Englendingurinn Jonathan Woodgate, er meiddur enn eina ferðina og að þessu sinni á mjög slæmum tíma.

Hann var nýkominn í fínt form eftir átján mánaða dvöl utan vallar vegna meiðsla, búinn að vinna sér fast sæti í liði Real Madrid og svo ætlaði Sven-Göran Eriksson að velja hann í enska landsliðið. Þá kom áfallið, tognun sem heldur honum utan vallar í mánuð og hann missir því af landsleiknum sem og stórleik gegn Barcelona.

„Ég er alveg miður mín því ég var farinn að hlakka mikið til Barcelona-leiksins,“ sagði Woodgate. „Þetta er ömurlagt því ég var að komast í form á ný.“

Barcelona-leikurinn er 19. nóvember en landsleikurinn er um næstu helgi gegn Argentínu.



JONATHAN WOODGATE Alltaf meiddur.



## Fjármálaráðstefna ÍSÍ - 2005

Föstudaginn 11. nóvember kl. 16:00 – 18:00

Að þessu sinni verður lögð áhersla á að velja upp fjárhagsstöðu boltaíþróttar og því sem gerst hefur í fjármálum félaga á undanförunum árum með áherslu á hlutafélagavæðingu knattspyrnufélaga og rekstrarumhverfi handknattleiks- og körfuknattleiksfélaga.

Félög miðla reynslu sinni er varðar hlutafélagavæðingu og meðal annars verður skoðað hvað þarf að hafa í huga á næstu árum í kjölfar breytinga á deildarkeppni meistaraflokka í handknattleik. Þá verður fjallað um rekstrarumhverfi körfuknattleiksfélaga og kynnt verður hvað felst í launabaki.

Ráðstefnan er ætluð öllum áhugasömum aðilum og sérstaklega þeim er koma að rekstri íþróttafélaga. **Aðgangur að ráðstefnunni er ókeypis** en óskað er eftir skráningu.

Ráðstefnan fer fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í fundarsölum á 3. hæð

Dagskrá og frekari upplýsingar má finna á

**www.isisport.is**

Hægt er skrá þátttöku í síma 514 4000 eða á vef Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands

# Skólastyrkur

- fyrir alla!



Þú færð  
BTnet í næstu  
verslun BT!

**4Mb/s**  
extra light  
**V16**  
ADSL

**V16 extra light**  
Ótakmarkað niðurhal!  
**3.890 kr.**

á mánuði allt innifalið auk bíókorts  
og áskrift af [tonlist.is](http://tonlist.is)!

M.v. 12 mánaðar samning. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# LOKA ÚTKALL!

Tilboði lýkur 16.nóvember!

Reiknaðu dæmið  
til enda...

ADSL tengi í 6 mánuði = 23.340kr.  
Full nýting á bíókorti = 19.200kr.  
Full nýting á [tonlist.is](http://tonlist.is) = 8.940 kr.  
Afgangur 4.800 kr.

Fáðu greitt fyrir að vera  
með ADSL hjá okkur!

## Skólastyrkur BTnet!

BTnet hefur verið í fararbroddi um að bjóða lægsta verðið á ADSL. Nú bjóðum við enn betur. Með skólatilboði BTnet fylgir:

- **Frítt niðurhal** (endalaust eins og þig lystir).
- **Frítt í bíó** (gildir í sex mánuði).
- **Frí tónlist** (gildir í sex mánuði á [tonlist.is](http://tonlist.is)).

Kíktu við í næstu **BT verslun** og fáðu þér áskrift!  
Nánar á [www.btnet.is](http://www.btnet.is)



**BTNET**  
[www.btnet.is](http://www.btnet.is)



TÓNLIST.IS

SMÁRA BÍÓ

REGNBÖGINN

BORGARBÍÓ

Terrell Owens reynir að hysja upp um sig buxurnar:

## Baðst afsökunar en of seint

**NFL** Vandræðagemlingurinn Terrell Owens er loksins búinn að biðja félagi sína í ruðningsliðinu Philadelphia Eagles afsökunar á hegðun sinni en hann hefur lítið annað gert síðustu mánuði en að gera lítið úr þeim og félaginu.

Afsökunarbeiðnin kemur ekki af góðu því Eagles var búin að setja hann í leikbann án launa fyrir margtrefuð brot og sagðist félagið ekki ætla að leyfa honum að spila aftur á þessari leiktíð. Owens virðist loksins hafa gert sér grein fyrir vandanum sem hann er búinn að koma sér í og nú á að gera allt til að komast upp úr holunni.

„Þetta tekur á mig og ég er sár yfir því að vera ekki lengur hluti af liðinu,“ sagði Owens á fjölmennum blaðamannafundi fyrir utan heimili sitt. „Ég vil biðja félagi mína og þjálfarann afsökunar á öllu því neikvæða sem ég hef sagt um þá.“

Leikmenn Eagles segja að þessi afsökunarbeiðni komi allt of seint og að þeir muni ekki taka mark á henni. Owens verður því væntanlega að fylgjast með boltanum í sjónvarpinu í vetur.

- hbg

**TERRELL OWENS** Reynir að bæta fyrir mistök in en gerir það mörgum dögum of seint.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



## Peningaleit stjórnar Liverpool loks að bera árangur: Kraft að kaupa í Liverpool?

**FÓTBOLTI** Rick Parry og félagar í stjórn Liverpool hafa síðustu átján mánuði leitað að fjársterkum aðila til þess að setja drjúgan skilding í félagið. Sú leit hefur hingað til ekki borið árangur enda hafa peningamennirnir sem félagið hefur rætt við flestir viljað eignast meirihluta í félaginu en slíkt hefur ekki verið til umræðu.

Nú er stjórn Liverpool loks farin að sjá til lands eftir fund með bandaríska milljarðamæringnum Robert Kraft. Hann er mikill íþróttaáhugamaður og á fyrir NFL-liðið New England Patriots, sem hefur unnið Superbowl þrisvar á síðustu fjórum árum, sem og knattspyrnuliðið New England Revolution sem



**SIGURSÆLL** NFL-lið Krafts, New England Patriots, hefur verið ákaflega sigursælt síðustu ár. Kraft sést hér fagna góðum sigri með leikstjóranda liðsins, Tom Brady.

gamla Liverpool-hetjan Steve Nicol þjálfar. - hbg

www.fjarkennsla.is

# Átt þú góða tölvu en notar hana lítið?

Á vefnum fjarkennsla.is gefst öllum tækifæri til að leita sér grunnþekkingar eða aukinnar færni í notkun helstu forrita, leiðsagnar í notkun veraldarvefsins eða jafnvel læra betur á nýju stafrænu myndavélina.

Nú hefur öllum heimilum landsins borist aðgangsslykill frá Fjarkennslu ehf. sem veitir tímabundinn aðgang að öllum námskeiðum, fræðslu- og afþreyingarefni fyrirtækisins – notendum að kostnaðarlausu.

Friðs aðgangur að öllu efni vefsíðunnar fjarkennsla.is veitir þér ráðrúm til að átta þig á þeim möguleikum sem tölvan á heimilinu hefur uppá að bjóða. Einnig gefst þér tækifæri til að meta hvort tími sé kominn til að læra meira. Með kennsluefni Fjarkennslu er það leikur einn - á þínum forsendum og þegar þér hentar.

á þínum forsendum þegar þér hentar.

# Ókeyypis aðgangur

til reynslu - svo er þitt að velja

## Úrval námskeiða á Netinu - með íslensku tali

Fjarkennsla býður upp á úrval kennsluefnis, jafnt fyrir byrjendur og þá sem eru lengra komnir. Öll námskeið eru í formi sýnikennslu og að sjálfsgöðu er allt efni vefsins á íslensku, bæði texti og talað mál.

**Grunnur:** Windows XP • Outlook Express • Internetið • Matreiðslukennarinn • Flight Simulator 2004 • Brellur og brögð • Stafrænar myndavélar  
**Grafík:** Photoshop • Photoshop verkefni • Premiere Pro • Premiere Elements • Flash MX  
**Skrifstofa:** Word 2003 • Word 2003 PRO • Excel 2003 • Excel 2003 PRO • Outlook 2003 • Outlook 2003 PRO • FrontPage • PowerPoint 2003

Windows Adobe Microsoft Office

fjarkennsla

Fjarkennsla ehf. • Lyngási 18 • 220 Garðabær • Sími 511 4510 • www.fjarkennsla.is



**KOBE BRYANT** í fantaformi þessa dagana.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Kobe Bryant í miklu stuði:

## Aldrei undir þrjátíu stigum

**KÖRFUBOLTI** LA Lakers hefur komið allra liða mest á óvart í NBA-deildinni í vetur en liðið hefur unnið þrjá af fyrstu fjórum leikjum sínum í deildinni. Lið Lakers er mikið breytt frá síðustu leiktíð og flestir leikmanna liðsins eru ungir, óreyndir og óþekktir að Kobe Bryant undanskildum.

Mikið álag er á Kobe á þessari leiktíð og hann hefur brugðist vel við áskoruninni það sem af er. Hefur hann leitt liðið með leik sínum og er búinn að skora yfir þrjátíu stig í öllum fjórum leikjum sínum. Ef fram heldur sem horfir verður hann stigakóngur deildarinnar í vetur.

- hbg



**LEE HENDRIE** Ekkert spilað í vetur.


Lee Hendrie:

## Á leið frá Aston Villa

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Lee Hendrie verður að öllum líkindum lánaður frá Aston Villa á næstunni en hann er svo gott sem búinn að gefa upp alla von um að komast aftur í lið félagsins á næstunni.

Hendrie var í banni í upphafi tímabilsins og svo varð hann að gangast undir aðgerð. Hann er því ekki inni í myndinni hjá O'Leary, stjóra liðsins, eins og staðan er í dag og er einnig í engu formi.





**GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON**  
Gríðarlega fljótur, með frábærar staðsetningar og með mikla skallatækni. Þannig hljómar lýsing World Soccer á íslenska landsliðsmanninum í hinum mánaðarlega dálki um „Stjórnur framtíðarinnar“.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR SVANSSON

# Gunnar Heiðar kynntur til sögunnar í virtu tímariti

Fótboltatímaritið World Soccer gerir landsliðsmanninn Gunnar Heiðar Þorvaldsson hjá Halmstad að umfjöllunarefni í nýjasta tölublaði sínu og setur hann í hóp efnilegustu knattspyrnumanna Evrópu.

**FÓTBOLTI** Hálf blaðsíða er lögð undir umfjöllun um Eyjapeyjann Gunnar Heiðar Þorvaldsson í nýjasta tölublaði fótboltaþbladsins World Soccer, eins hins virtasta sinnar tegundar í heiminum í dag. Gunnar Heiðar er einn af þremur leikmönnum undir dálkinum „Stjórnur framtíðarinnar“ og fer blaðið fögrum orðum um íslenska landsliðsmanninn.

Blaðið gerir mikið úr bakgrunni Gunnar Heiðars og segir frá því hvernig hann leiddi sóknarlínu ÍBV í fjögur ár þrátt fyrir ungan aldur, vinnandi fyrir sér

sem sendill fyrir útgerðarfyrirtæki á því eldfjalli sem Vestmannaeyjar eru. „Eftir frábæra frammistöðu í sænsku deildinni náði Gunnar Heiðar að fanga athygli fjölda félaga með frammistöðu sinni í óvæntum sigri Halmstad á Sporting Lissabon í Evrópukeppni félagsliða,“ segir meðal annars í umfjölluninni og er rakið hvernig íslenski sóknarmaðurinn skoraði tvö mörk í samanlögðum sigri Halmstad. „Gunnar Heiðar býr yfir gríðarlegum hraða, frábærri staðsetningu og mikilli skallatækni. Hann er þar að auki

mjög fjölhæfur og virkar vel sem annar af tveimur framlinumönnum eða sem einn fremsti maður,“ segir blaðamaður World Soccer.


Þá er í greininni stutt viðtal við Ásgeir Sigurvínsson, fyrrverandi landsliðsþjálfara, sem segir Gunnar Heiðar vera náttúrulegan markaskorara. „Í átta af hverjum tíu skiptum nær hann ómeðvitað að staðsetja sig rétt, þar sem hann á mesta möguleika á að komast í gott færi. Hann er gríðarlega marksækinn,“ segir Ásgeir við World Soccer.

vignir@frettabladid.is



www.lyfja.is

*Kaupauki*  
fylgir hverri OROBLU vöru



**OROBLU**

Kynning á nýju vetrartískunni frá OROBLU í dag kl. 14-18 í Lyfju, Lágmúla og í Lyfju, Setbergi.



**MICHAEL BALLACK**  
Mun leiða landslið Þýskalands til keppni á HM næsta sumar.

Umboðsmaður Michael Ballack:

## Af hverju ætti hann að fara?

**FÓTBOLTI** Michael Ballack, stjórnu-leikmaður Bayern Munchen og fyrirliði þýska landsiðsins, verður hjá Bayern út tímabilið að því er umboðsmaður hans, Michael Becker, segir. Samningur Ballack við Bayern rennur út í lok tímabilsins og hefur leikmaðurinn verið sterklega orðaður við sölu frá félaginu í janúar, svo að Bayern muni ekki eiga á hættu að missa hann fyrir því að Ballack ætti að vera áfram.

„Hans stóra markmið er að vinna Meistaradeildina á sínum ferli og ef hann fær núna hefði hann ekki kost á því að gera það í ár. Þar að auki græðir Bayern meiri peninga á því að vinna Meistaradeildina með hann innborðs heldur en félagið fengi fyrir hann ef það seldi hann um áramótin,“ sagði Becker ákveðinn við þýska fjölmiðla í gær.

- vig



**Nýjar vörur**

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

**ÚTILÍF**

## LEIKIR GÆRDAGSINS

## SS-bikar karla í handbolta:

**HAUKAR-KA** 40-31  
**Mörk Hauka:** Jón Karl Björnsson 10/7, Kári Kristjánsson 7, Andri Stefan 6, Freyr Brynjarsson 4/1, Samúel Ívar Árnason 4, Sigurbergur Sveinsson 2, Arnar Pétursson 2, Árni Sigtrygsson 2, Halldór Ingólfsson 1, Gísli Jón Þórisson 1, Guðmundur Pedersen 1. **Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 15, Jónas Stefánsson 9.

**Mörk KA:** Goran Gusic 9/6, Bjartur Máni Sigurðsson 5, Magnús Stefánsson 4, Andri Snær Stefánsson 3, Ragnar Snær Njálsson 3, Hördur Fannar Ástþórsson 3, Ólafur Sigurgeirsson 2, Jónas Guðbrandsson 1, Elfar Halldórsson 1. **Varin skot:** Hreiðar Guðmundsson 8, Hafþór Einarsson 7.

**VALUR-STJARNAN** 25-31  
**Mörk Vals:** Fannar Friðgeirsson 6/1, Mohamadi Loutoufi 5, Elvar Friðriksson 5, Baldvin Þorsteinsson 4/1, Ægir Jónsson 2, Hjalti Pálmarsson 1, Atli Rúnar Steinþórsson 1. **Varin skot:** Pálmar Pétursson 16/1

**Mörk Stjörnunnar:** David Kekelia 7, Tite Kalandadze 6, Patrekur Jóhannesson 5, Arnar Theódórsson 3/1, Björn Friðriksson 3, Þóroflur Nielsen 3, Guðmundur Guðmundsson 2, Kristján Kristjánsson 2. **Varin skot:** Jacek Kowal 14/2, Roland Eradze 7.

**PÓR AK.-SELFOSS** 35-26  
**Mörk Þórs:** Aigars Lazdins 7, Arnór Þór Gunnarsson 7, Sindri Haraldsson 6, Bjarni G. Bjarnason 4, Brendan Þorvaldsson 3, Heiðar Þór Aðalgeirsson 3, Rúnar Sigtrygsson 3, Eiríkur Jónsson 1, Atli Ingólfsson 1.

**Mörk Selfoss:** Vladimir Duric 11, Ramunas Mikalunis 6, Hördur Bjarnason 2, Atli Kristjánsson 2, Gyli Agustsson 2, Karl Larsen 2, Einar Jónsson 1.

## Þýska úrvalsdeildin í handbolta:

**GUMMERSBACH-GROSSWALLSTADT** 35-24  
**Guðjón Valur Sigurðsson** skoraði átta mörk fyrir Gummersbach, þar af tvö úr vítaköstum, og var markahæstur en **Róbert Gunnarsson** skoraði 5 mörk. **Alexander Petersson** var markahæstur Grosswallstad með 7 mörk, þar af eitt úr vítakosti, en **Einar Hólmgeirsson** kom næstur með fimm mörk.

**KIEL-LÜBBECKE** 32-27  
**Þórir Ólafsson** skoraði tvö mörk fyrir Lübecke.

**GÖPPINGEN-LEMGO** 33-32  
Hvorki **Jalesky Garcia** né **Ásgeir Örn Hallgrímsson** komust á blað fyrir sín lið en **Logi Geirsson** lék ekki með vegna meiðsla.

## Vináttuleikur í fótbolta:

**FRACKLAND-KOSTA RÍKA** 3-2  
0-1 Saborio (14.), 0-2 Fonseca (41.), 1-2 Anelka (49.), 2-2 Cisse (80.), 3-2 Henry (87.).

## Þýski handboltinn í gær:

## Enn einn sigur Gummersbach

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson var sem fyrr markahæstur hjá Gummersbach þegar liðið bar sigurorð af Grosswallstad í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gærkvöld. Guðjón Valur skoraði átta mörk og Róbert Gunnarsson bætti við fimm mörkum en Alexander Petersson skoraði sjö mörk fyrir Grosswallstad og Einar Hólmgeirsson fimm.

Gummersbach hefur nú spilað 11 leiki í deildinni það sem af er ári, unnið níu og gert tvö jafntefli og er liðið nú með þriggja stiga forystu á toppi deildarinnar. Þó ber að geta þess að liðið hefur spilað einum leik fleiri en flestir keppinautar sínir. - vig

## Stjarnan sterkari en Valur

Stjörnumenn voru of sterkir fyrir Valsara í SS-bikarkeppni karla í gærkvöld og sigruðu með sex marka mun í Laugardalshöll.

**HANDBOLTI** „Þetta var mjög stórt skref fram á við og frábær sigur. Við erum að ná taktinum,“ sagði Sigurður Bjarnason, þjálfari Stjörnunnar, eftir stórleik liðsins í Laugardalshöllinni í gærkvöld. Stjarnan bar höfuð og herðar yfir Val og hafði á endanum 31-25 sigur sem hefði hæglega getað orðið stærri.

Patrekur Jóhannesson sýndi gamalkunna takta og átti frábæran leik en auk þess að binda vörnina saman skoraði hann fimm mörk í öllum regnbogans litum. „Já hann getur þetta ennþá kallinn,“ sagði Sigurður um Patrek.

Markmenn Stjörnunnar áttu báðir góðan leik en Roland Valur Eradze lokaði markinu í byrjun áður en hann þurfti að fara meiddur af leikvelli. Jacek Kowal kom inn á í hans stað og lokaði markinu og sýndi það sig þarna hversu mikilvægt það er að hafa tvo frábæra markmenn. „Það er bara nauðsynlegt, þessi leikur byggist svo mikið upp á markmönnum,“ sagði Sigurður. „Við erum að vinna vel í okkar málum og vörnin var stórgóð í kvöld. Við ætlum okkur stóra hluti í þessari bikarkeppni,“ sagði Sigurður að lokum.

Valsmenn voru undir allan leikinn og áttu aldrei möguleika en of mörg mistök voru þeirra Akkileesarhæll í leiknum. „Við gerum alltof mikið af byrjendastökum í bikarleik til að vinna Stjörnuna, við hefðum kannski sloppið með þetta gegn lakari andstæðingi en það var ekki á borðinu í dag. Við erum ekki að nýta færin okkar nægilega vel og mistökinn voru



**EINBEITING** Sigurður Bjarnason, þjálfari Stjörnunnar, var ákveðinn í því að fara með sigur af hölmum gegn Valsmönnum í Höllinni í gær og gerði það með glæsibrag. Hér sést hann fara yfir málin með lærisveinum sínum.

alltof mörg,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, við Fréttablaðið eftir leikinn.

Fannar Friðgeirsson var markahæsti maður Valsmanna með sex mörk en markvarslan fór of seint í gang en Pálmar Pétursson varði sextán skot í leiknum. Þrátt fyrir að skora fimm mörk sem öll komu í síðari hálfleik átti stórskyttan Mohamadi Loutoufi ekki nægilega góðan leik, ekki frekar en aðrir lykilmenn

Valsmanna.

„Þetta var bölvæður aumingjaskapur hjá okkur, við erum miklu betri en þetta,“ sagði Óskar Bjarni. „Við getum ekki alltaf falið okkur bak við það að við séum með ungt lið. Það er skelfilega lélegt af okkur að fara svona með færin og þó svo að það sé í lagi að tapa þá er of mikið af smáatriðum sem eru ekki í lagi,“ bætti Óskar Bjarni við, ómyrkur í máli.

hjalti@frettabladid.is

Norðanmenn sóttu ekki gull í greipar Hafnfirðinga í gær:

## KA reyndist Haukum auðveld bráð

**HANDBOLTI** „Við mætum ekki tilbúnir í þennan leik og höfðum ekki trú á því sem við vorum að gera. Það var ekki nokkur maður í okkar liði sem hafði trú á því að við gætum unnið þennan leik og það var stóra vandamálið. Bikarinn er nú úr sögunni og við þurfum að hysja upp um okkur buxurnar í deildinni. Við erum eins og tvö ólík lið á heimavelli og svo útivelli, það væri sennilega ódýrara fyrir okkur að gefa útileikina í stað þess að vera að ferðast í svona leiki,“ sagði Reynir Stefánsson, þjálfari KA, eftir að hans menn töpuðu 40-31 fyrir Haukum í SS-bikarkeppni í gær.

Það fór ekki á milli mála í þessum leik hvort liðið vildi frekar komast áfram í keppninni, Haukar voru betri á nær öllum sviðum. Þeir náðu forystunni snemma og höfðu sex marka for-

skot í hálfleik. Gestirnir skoruðu tvö fyrstu mörkin í seinni hálfleiknum en svo komu sex mörk í röð frá Haukum sem gerðu þar með út um leikinn. Á lokakaflianum fengu varamennirnir að spreya sig og staðan var 40-31 þegar flautað var til leiksloka.

„Við ætlum okkur alla leið í þessari keppni núna, við vorum alveg fullkomlega einbeittir í þessum leik eftir skellinn um síðustu helgi. Við færðum vörnina fram og leyfðum KAMönnum ekkert,“ sagði Jón Karl Björnsson sem var markahæstur Hauka með tíu mörk en þar af komu sjö úr vítum. Kári Kristján Kristjánsson skoraði sjö mörk en Goran Gusic var markahæstur KA-manna með níu mörk, sex úr vítum, og Bjartur Máni skoraði fimm. Markverðir Hauka áttu góðan leik og vörðu samtals 24 skot. - egm



